AUÐUR NANNA BALDVINSDÓTTIR
*Gisti í báti á Regent's Canal í London*
• á ferðinni • áramót
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

MENN VIÐSKIPTALÍFSINS 2009
*Ár rekstrarmanna runnið upp*
Markaðurinn
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




PITT

# FRÉTTABLAÐIÐ

30. desember 2009 — 307. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Vísindamaður ársins

Höskuldur Þráinsson, prófessor í íslensku nútímamáli, hlaut viðurkenningu verðlaunasjóðs Ásu Guðmundsdóttur Wright.

TÍMAMÓT 26

### Hátíðarsýning í kvöld

Friðrik Þór Friðriksson hefur tröllatrú á Mömmu Gógó.

FÓLK 36

### Týndi áratugurinn

„Að beiðni djarfhuga viðskiptamanna nútímans afnámu stjórnvöld svo gamaldags reglur," skrifar Eiríkur Bergmann.

Í DAG 20

### EM-hópurinn valinn

Guðmundur Guðmundsson valdi í gær sautján leikmenn í íslenska landsliðið fyrir EM í Austurríki.

ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** Í dag verður víðast hæg vestlæg eða breytileg átt. Víðast léttskýjað en skýjað með köflum og stöku él á norðaustan til.

VEÐUR 4

71,4%
29,3%
MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.
Allt sem þú þarft...
Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.

**ALÞINGI SEINT Í GÆRKVÖLDI** Ný gögn um Icesave urðu til þess að hlé var gert á umræðum um málið í gærkvöldi. Guðbjartur Hannesson, Steingrímur J. Sigfússon, Þór Saari, Helgi Hjörvar, Eygló Harðardóttir og Jón Gunnarsson fylgdust með þegar umræður hófust aftur klukkan tíu í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Uppnám á Alþingi vegna nýrra gagna

**Fjárlaganefnd bárust upplýsingar frá bresku lögmannsstofunni Mischon de Reya í gærkvöldi. Stjórnarandstaðan segir þær benda til þess að stjórnvöld hafi leynt upplýsingum um réttarstöðu Íslendinga og vilja fresta atkvæðagreiðslu.**

**ALÞINGI** Umræðum um Icesave-frumvarpið var ítrekað frestað í gærkvöldi vegna nýrra upplýsinga sem fjárlaganefnd bárust í gærkvöldi frá bresku lögmannsstofunni Mischon de Reya.

Stjórnarandstæðingar segja þessar upplýsingar benda til að samninganefnd Íslendinga hafi leynt Alþingi gögnum um mat lögmannsstofunnar á réttarstöðu íslenskra stjórnvalda í Icesave-málinu. Einnig vakni spurningar um hvort Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar um mat lögmanna ríkisins á réttarstöðu Íslands áður en hann átti fund með David Miliband, utanríkisráðherra Breta, í apríl á þessu ári.

Þessi gögn hafi bresku lögmennirnir unnið á tímabilinu 25. til 31. mars á þessu ári. Þar komi fram það mat að góðar líkur væru á að vinna mál gegn breskum stjórnvöldum vegna aðgerða Breta gegn Heritable-bankanum, dótturfyrirtæki Landsbankans í Bretlandi.

„Auðvitað gengur það ekki upp fyrir okkur að það séu að koma fram upplýsingar af þessu tagi daginn áður en atkvæðagreiðsla hafði verið ákveðin," sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi í gærkvöldi

„Menn köstuðu frá sér vopnum sem þessi breska lögmannastofa mat að væri mjög sterk og ætti að beita," sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins. Þingfundum var ítrekað frestað meðan skotið var á fundum í þinghúsinu í gærkvöldi til að fara yfir málið. Þegar blaðið fór í prentun voru þingmenn enn að bíða þess að fá afhent þau gögn sem bresku lögmennirnir segjast hafa unnið og sent umbjóðendum sínum í íslensku stjórnsýslunni. Ekki var ljóst hvaða áhrif þetta mál hefði á framgang Icesave-málsins, en fyrir lá samkomulag um að lokaatkvæðagreiðsla yrði haldin í dag.

Sigmundur Davíð sagði á Alþingi í gærkvöldi að ekki kæmi til greina að halda lokaatkvæðagreiðslu í dag. Bresku lögmennirnir boði í bréfi sínu að frekari upplýsingar séu væntanlegar og þær séu þess eðlis að þingmenn muni vilja kynna sér þær. - pg

Tveir Íslendingar voru teknir með í kringum fimmtán kíló af kókaíni í Madríd:

# Kókaínið átti að koma hingað

**LÖGREGLUMÁL** Rökstuddur grunur leikur á því að í kringum fimmtán kílóum af kókaíni, sem tveir Íslendingar voru teknir með í Madríd um miðjan mánuðinn, hafi átt að smygla hingað til lands, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Íslenskt par um tvítugt er í haldi lögreglu á Spáni vegna málsins. Parið var handtekið á flugvellinum Barajas 17. desember, við komuna frá Perú. Þeim hefur verið útvegaður lögfræðingur, samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu. Ráðuneytið hefur verið í sambandi við unga parið í gegnum ræðismann Íslands í Madrid. Ekki sé ætlast til þess að upplýst sé um málið af hálfu ráðuneytisins.

Fullvíst er talið að fólkið sé burðardýr sem áttu að koma efnunum til Íslands. Þau eru nú í fangelsi um þrjátíu kílómetra utan við borgina. - jss / sjá síðu 2

Kona vann 75 milljónir:

# Er með lánin sín í frystingu

**FÓLK** Tveggja barna móðir á fimmtugsaldri varð í gær 75 milljónum ríkari þegar hún vann stærsta vinning sem dreginn hefur verið út í sögu Happdrættis Háskóla Íslands.

Í tilkynningu frá happdrættinu kemur fram að vinningurinn hafi komið á trompmiða sem konan hafi átt í nokkur ár. Hún hafi tekið tíðindunum um vinninginn með vantrú og tortryggni, en sannfærst þegar hún fletti upp síðustu vinningaskrá á Netinu.

Vinningurinn mun koma í góðar þarfir, þar sem fjárhagsstaða fjölskyldunnar er slæm og lán þeirra í frystingu, að því er fram kemur í tilkynningu. - þeb

**EVA MARIA DANIELS** Katie Holmes fer með aðalhlutverk í mynd Evu Mariu.

Íslendingur á virta hátíð:

# Á Sundance með nýja mynd

**FÓLK** Kvikmyndin The Romantics verður frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í janúar en einn framleiðenda hennar er Eva Maria Daniels.

Með aðalhlutverk í myndinni fara Katie Holmes, Anna Paquin, Josh Duhamel auk annarra.

Eva Maria er einnig að undirbúa tökur á nýrri kvikmynd sem hún framleiðir, en sú ber titilinn Goats og fjallar um uppvaxtarár ungs pilts í Bandaríkjunum. Hopper Penn, sonur leikarans Sean Penn, fer með aðalhlutverkið. Aðrir leikarar eru móðir Hoppers, Robin Wright, David Duchovny og Josh Brolin.

- sm / sjá síðu 46

## SPURNING DAGSINS

*María, er lukkupotturinn þægilegur?*

„Já, sérstaklega potturinn í Kópavogslauginni."

María Níelsdóttir datt í lukkupottinn þegar hún varð 500 þúsundasti gesturinn í Kópavogslaug í fyrradag og fékk blóm, árskort í sund og líkamsrækt og gjafapakka að gjöf.

Enn óvissa um atkvæðagreiðslu vegna Icesave:

# Óvíst um afstöðu Ásmundar

**ICESAVE** Úrslit Icesave-frumvarps ríkisstjórnarinnar ráðast á Alþingi í dag. Óvíst er hvernig atkvæði falla.

Tveir þingmenn VG, Ögmundur Jónasson og Lilja Mósesdóttir, greiddu atkvæði gegn málinu að lokinni annarri umræðu. Ásmundur Einar Daðason, þingmaður VG, boðaði að hann tæki ekki endanlega afstöðu fyrr en við lokaatkvæðagreiðslu um málið, sem er í dag.

Ekki náðist í Ásmund Einar í gær. Samfylkingarþingmenn, sem rætt var við í gær, sögðu framhald ríkisstjórnarsamstarfsins ráðast af atkvæðagreiðslunni í dag.

ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON

Þeir hafi fengið skilaboð frá forystu VG um að Ásmundur Einar mundi styðja málið í dag. Þar með sé tryggt að það hljóti meirihluta atkvæða frá þingmönnum ríkisstjórnarflokkanna, óháð því hvort Þráinn Bertelsson, þingmaður utan flokka, greiði atkvæði með málinu eins og hann gerði að lokinni annarri umræðu. Ekki sé viðunandi fyrir ríkisstjórnina að koma þessu veigamikla máli ekki í gegn um Alþingi án þess að reiða sig á stuðning þingmanna utan þingflokka ríkisstjórnarinnar.

Þingfundur hefst klukkan tíu fyrir hádegi í dag. Þar lýkur þriðju umræðu um frumvarp til laga um ríkisábyrgð á Icesave-skuldbindingunum. Formenn flokkanna taka einir til máls í umræðunni og hefur hver þeirra fimmtán mínútna ræðutíma, samkvæmt samkomulagi sem fyrir liggur. Við atkvæðagreiðsluna verða lagðar fram tillögur stjórnarandstöðu um að málið verði borið undir þjóðaratkvæði. -pg

Hlutur Magma í HS Orku:

# Kaupin gætu verið ólögleg

**ORKUMÁL** Kaup Magma Energy á HS Orku kunna að fara á svig við íslensk lög, að mati Lagastofnunar Háskóla Íslands. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.

Samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila mega fyrirtæki og einstaklingar utan EES ekki eiga í íslensku orkufyrirtæki. Magma er kanadískt félag, en keypti hlutinn í HS Orku í gegnum sænskt félag.

Nefnd sem sér um að fylgja lögunum eftir hefur haft þetta mál til skoðunar. Lagastofnun Háskólans hefur unnið lögfræðiálit fyrir hana og eru kaupin á gráu svæði samkvæmt því. - þeb

**FUNDAÐ** Rússar semja við fleiri en Úkraínu um orkumál. Myndin er frá fundi forseta Túrkmena og forseta Rússa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sættir Rússlands og Úkraínu:

# Olíuflutningar raskast ekki

**ÚKRAÍNA, AP** Samkomulag hefur náðst milli orkufyrirtækis Úkraínu og Rússlands um flutninga á olíu og gasi um Úkraínu til Evrópu.

Valentín Zemljanskí, talsmaður Naftogaz, orkufyrirtækis Úkraínu, segir Rússa hafa fallist á að hækka flutningsgreiðslur vegna Evrópu um þriðjung. Þá segir hann Rússa hafa fallist á að færa greiðslur úr Bandaríkjadölum yfir í evrur. Með samkomulaginu er bægt frá hættunni á því að olíuflutningar frá Rússlandi stöðvist. - óká

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Frávísun í máli Viggós hafnað

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gærmorgun frávísunarkröfu í meiðyrðamáli Viggós Sigurðssonar handknattleiksþjálfara gegn útgáfufélaginu Birtíngi, ritstjórum og blaðamanni DV og hjónum sem voru viðmælendur blaðsins.**

**Viggó stefndi hópnum vegna ummæla sem hjónin létu fjalla í samtali við DV þess efnis að þau hefðu kært hann fyrir að stela 40 feta gámi af lóð þeirra. Viggó hefur látið hafa eftir sér að lögreglan hafi tjáð honum að engin slík kæra hafi borist. Hann lítur því svo á að um ærumeiðandi ummæli hafi verið að ræða.** - sh

# Kókaínið í Madrid átti að koma hingað

**Íslendingarnir sem handteknir voru á flugvellinum í Madríd voru með í kringum fimmtán kíló af kókaíni. Rökstuddur grunur leikur á að smygla hafi átt kókaíninu til Íslands. Maðurinn og konan eru talin vera burðardýr.**

**LÖGREGLUMÁL** Rökstuddur grunur leikur á að í kringum fimmtán kílóum af kókaíni, sem tveir Íslendingar voru teknir með í Madrid um miðjan mánuðinn, hafi átt að smygla hingað til lands, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Maður og kona, rétt um tvítugt, sitja í haldi ytra vegna málsins. Þeim hefur verið útvegaður lögfræðingur, samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu.

Parið var handtekið á Barajasflugvelli í Madrid 17. desember síðastliðinn. Það var þá að koma frá Perú. Fullvíst er talið að maðurinn og konan séu burðardýr, sem hafi verið ætlað að koma efnunum hingað til lands. Kókaínið höfðu þau falið í ferðatöskum. Tollgæslumenn á flugvellinum stöðvuðu þau við komuna til landsins. Þau voru í kjölfarið úrskurðuð í gæsluvarðhald og eru nú í fangelsi um þrjátíu kílómetra utan við borgina.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir rannsóknina alfarið í höndum lögreglunnar á Spáni. Hún vilji ekki að upplýsingar um málið séu veittar á þessu stigi þess. Hann kveðst því einungis geta staðfest að íslenska fíkniefnalögreglan hafi vitneskju um það.

„Við höfum verið í samvinnu við spænsku lögregluna vegna málsins," segir Karl Steinar. „En allt annað er algjörlega á þeirra forræði, þar með talin upplýsingagjöf og eftir því förum við."

Pétur Ásgeirsson, sviðsstjóri rekstrar- og þjónustusviðs hjá utanríkisráðuneytinu, segir ráðuneytið hafa verið í sambandi við unga parið í gegnum ræðismann Íslands í Madrid. Hann kveður ráðuneytið ekki gefa upplýsingar um einkamál skjólstæðinga, nema þeir samþykki það eða beinlínis fari fram á það.

„Í þessu tilviki er ekki ætlast til þess að við séum að upplýsa um málið," segir Pétur. Hann segir ræðismanninn aðstoða fólkið eftir mætti.

„Við munum fylgjast með framvindu málsins eins og við gerum yfirleitt þegar svona nokkuð kemur upp," segir Pétur. „Almennt talað er okkar aðkoma sú, að þegar fólk er handtekið fær það leyfi til þess að hafa samband við íslenskan ræðismann eða sendiráð á viðkomandi stað. Síðan gengur málið sinn gang í réttarkerfi viðkomandi ríkis. Hlutverk ráðuneytis er einkum félagslegur stuðningur við fólk."

jss@frettabladid.is

**BARAJAS-FLUGVÖLLUR** Íslendingarnir tveir, maður og kona sem bæði eru um tvítugt, voru handteknir með fíkniefni á Barajas-flugvelli í Madrid 17. desember og sitja nú í haldi ytra.

**JÓLI FÆR FLENSUSPRAUTU** Jólasveinn fær svínaflensubólusetningu á æfingu fyrir jólahátíð í Búdapest. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Of snemmt að fagna sigri:

# Flensan ekki enn í hámarki

**SVISS, AP Yfirmaður Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) segir of snemmt að lýsa því yfir að svínaflensufaraldurinn hafi náð hámarki á heimsvísu.**

**Dr. Margaret Chan segir að H1N1 flensan hafi náð hámarki í Bandaríkjunum, Kanada og nokkrum öðrum löndum á norðurhveli jarðar. Hér er flensan í rénun samkvæmt Farsóttafréttum Landlæknis. Chan segir ekki öll lönd jafnvel sett og enn sé langt eftir af vetri.** - óká

Afnám sjómannaafsláttar:

# Sjómenn fái dagpeninga

**SJÁVARÚTVEGUR** Afturkalla á lög um afnám sjómannaafsláttar, að mati sjómannadeildar Starfsgreinafélagsins Afls. Ef það verður ekki gert eiga sjómenn að fá dagpeninga. Þetta kemur fram í ályktun félagsins.

Í ályktuninni eru stjórnvöld átalin fyrir lagabreytingar á skattaumhverfi sjómanna án þess að tekið sé tillit til sögu sjómannaafsláttarins. „Krafa fundarins er að lögin verði afturkölluð eða að sjómenn fái í hans stað dagpeninga líkt og aðrar stéttir sem stunda vinnu fjarri heimili og skorar fundurinn á útvegsmenn að standa með sjómönnum í þessum efnum," segir einnig í ályktuninni. - þeb

Vestfirskt útgerðarfélag kaupir eignir þrotabús Festar í Hafnarfirði á 3,2 milljarða:

# Vinnslan áfram í Hafnarfirði

**SJÁVARÚTVEGUR** Útgerðarfélagið Völusteinn ehf. hefur keypt eignir þrotabús Festar ehf. í Hafnarfirði. Kaupverðið er 3,2 milljarðar króna. Völusteinn yfirtók ekki gamlar skuldir Festar, heldur voru kaupin fjármögnuð með eigin fé og nýjum lánum. Um er að ræða rekstur og sex báta, fiskvinnslu og aflaheimildir.

Völusteinn, sem er í eigu Ólafs Jens Daðasonar og Gunnars Torfasonar, mun taka við rekstri þrotabúsins nú um áramótin. Fyrir gerir félagið út línubátinn Hrólf Einarsson frá Bolungarvík. Ekki er á döfinni að færa starfsemi Festar þangað, segir Gunnar. „Það verður gert út frá Bolungarvík og Suðurnesjum og afli bátanna fer til vinnslu í Hafnarfirði, líka af Hrólfi Einarssyni," segir hann. Hann segir félagið nú hafa um 2.000 þorskígildi til umráða en fyrir kaupin átti Völusteinn ríflega 300 þorskígildi.

**FESTI** Rekstri fyrirtækisins verður haldið áfram á sínum stað í Hafnarfirði, að sögn nýrra eigenda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Farið verður í hagræðingu á félaginu strax í janúar. „Það verður allt gert til þess að halda starfsfólki. Það sem við erum að kaupa eru aflaheimildir, framleiðslutæki og mannauður. Án mannauðs væri ekki hægt að sækja þennan fisk."

Það var Landsbankinn sem sá um sölu þrotabúsins í umboði skiptastjóra. Alls bárust 36 tilboð í eignirnar. - þeb

# Með hvelli inn í nýja árið

„Gamlárskvöld er uppáhaldskvöldið mitt, það er alltaf gaman að skjóta upp skoteldum, enda nauðsynlegt að finna strákinn í sér öðru hverju," segir Þorsteinn Sigurðsson búi í Ártúnsholtinu.

Gamlárskvöld 2008 var að engu leiti frábrugðið. Fjölskyldan stóð þolinmóð nokkrum metrum frá tilbúin að dáðst að sýningunni. Þorsteinn segir [illegible] nætti hafi [illegible] rakettunni [illegible] eins og [illegible] nokkra [illegible] fór hins [illegible] heldur [illegible] jörðunni [illegible]

„Eins [illegible] að kaup[illegible] nokkrar [illegible] alltaf var[illegible] Ég passa[illegible] frá skotelda[illegible] tendra á kve[illegible] nota hlífðargleraugu (eins [illegible] konan mín fyrirskipar. Við [illegible] fóru miklar glæringar út um allt og það kviknaði í ysta lag fatnaðar hjá mér og skyndilega sá ég hvernig önnur ermin á dúnúlpu sonarins logaði og þó stóð hann nokkuð langt frá mér," segir Þorsteinn. „Við náðum þó að slökkva í úlpunni án þess að hann brenndi sig. Þetta gerðist allt mjög hratt og okkur brá svakalega enda ekki alveg það sem við mátti búast. Það má því segja að ég hafi farið með hvelli inn í nýja árið."

Þorsteinn segir í rauninni ekki neitt undirbúa mann fyrir svona og því sé hans helsti lærdómur frá síðasta gamlárskvöldi að taka mark á þeim heilræðum sem maður heyrir um notkun skotelda og fara eftir þeim.

„Eins mikið og mér þótti vænt um lopapeysuna sem mamma prjónaði og nýja bindið sem konan hafði gefið mér fyrr um daginn þá skiptir slíkt litlu máli þegar ég hugsa til þess hversu illa hefði getað farið," segir Þorsteinn að lokum. „Ég ætla þó að kaupa aftur skotelda í ár. Eitt sinn strákur – ávallt strákur."

## Notum skotelda á réttan hátt

Mjög mikilvægt er að kynna sér og fara eftir leiðbeiningum sem fylgja skoteldum áður en byrjað er að skjóta upp. Sýnum fyrirhyggju og verum örugg um áramótin.

**Góð ráð við meðhöndlun skotelda:**

- Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja skoteldum.
- Geymið skotelda á öruggum stað.
- Bönnum börnum að taka í sundur skotelda.
- Allir eiga að vera með öryggisgleraugu – líka pabbi.
- Notum ullar- og skinnhanska til að vernda hendurnar.
- Verið aldrei með skotelda í vasa.
- Veljið slétt og stöðugt undirlag á opnu svæði.
- Kveikið í með útréttri hendi.
- Víkið frá um leið og logi er kominn í kveikiþráðinn.
- Hallið ykkur aldrei yfir skotelda.
- Reynið aldrei að kveikja aftur í skoteldum.
- Brunasár á að kæla strax með vatni.

**Annað sem gott er að hafa í huga:**

- Áfengi og skoteldar fara ekki saman.
- Hafið sérstakar gætur á börnum.
- Hugið að heimilis- og húsdýrum.
- Læsum húsinu áður en farið er á brennu.


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-2077

# Munum að nota hlífðargleraugu

## – eigum örugg og ánægjuleg áramót

Tökum fagnandi á móti nýju ári en meðhöndlum flugeldana með gát.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

SJÓVÁ

Sjóvá er einn af aðalbakhjörlum Landsbjargar

**GENGIÐ 29.12.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,20 | 125,80 |
| Sterlingspund | 200,40 | 201,38 |
| Evra | 180,46 | 181,46 |
| Dönsk króna | 24,244 | 24,386 |
| Norsk króna | 21,677 | 21,805 |
| Sænsk króna | 17,441 | 17,543 |
| Japanskt jen | 1,3645 | 1,3725 |
| SDR | 196,25 | 197,41 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,8552
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Pilti dæmdar 70 þúsund krónur í bætur frá íslenska ríkinu:

# Lögregla svipti barn frelsinu

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið dæmt til að greiða pilti 70 þúsund krónur í miskabætur vegna þess að lögreglan í Borgarnesi lét hann fara í þvagprufu á lögreglustöð þrátt fyrir að hann hefði þegar mælst allsgáður í öndunarprófi.

Pilturinn var sautján ára þegar hann var stöðvaður á bensínstöð í Borgarnesi eftir hádegi í janúar síðastliðnum. Lögreglumenn fullyrtu að þeim hefði borist utanaðkomandi ábending um að pilturinn hefði verið ölvaður kvöldið áður og einnig falboðið fíkniefni.

Pilturinn veitti öndunarsýni á staðnum og mældist ekki undir áhrifum. Engu að síður óskuðu lögreglumennirnir eftir því að pilturinn kæmi með þeim á lögreglustöðina og gæfi þvagsýni. Hann gekkst við því, að eigin sögn vegna þess að hann þorði ekki að neita af ótta við að vera þá beittur valdi. Á lögreglustöðinni beið pilturinn síðan í tvo tíma eftir að geta gefið sýnið.

**BORGARNES** Lögreglumenn grunuðu piltinn um ölvun nóttina áður, og að hann hafi boðið fólki fíkniefni. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

Í niðurstöðu dómsins segir að sú ákvörðun lögreglumannanna að flytja piltinn á lögreglustöð hafi verið í engu samræmi við tilefnið, og að pilturinn hafi því á ólögmætan hátt verið sviptur frelsi sínu.

Einnig er gerð athugasemd við það að ekki hafi verið haft samband við forráðamenn piltsins, enda var hann ólögráða. Lögreglumennirnir sögðu það vera venju í umdæminu að kalla ekki til foreldra þegar ungir ökumenn væru grunaðir um brot undir stýri. - sh

Kaupa endurtryggingu:

## Tryggja fyrir 28,4 milljarða

**SVISS, AP** Svissneska tryggingafélagið Zurich Financial Services Group hefur upplýst um kaup á endurtryggingu upp á 225 milljónir Bandaríkjadala af Lakeside Re II Ltd. vegna hættu á jarðskjálftum í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Upphæðin nemur 28,4 milljörðum króna.

Lakeside er endurtryggingafélag með aðsetur á Cayman-eyjum, en svissneska tryggingafélagið segir samninginn nú koma í stað fyrri samnings frá árinu 2006. Endurtryggingafélög selja tryggingafélögum tryggingar vegna stóráfalla. Með því dreifa síðarnefndu félögin áhættu sinni. - óká

Störf Alþingis:

## Þingi frestað til 26. janúar

**ALÞINGI Ráðgert er að fresta störfum Alþingis til 26. janúar að loknum þingfundi í dag. Í dag ráðast úrslit Icesave-málsins á Alþingi.**

**Auk þess er stefnt að því að kjósa í dag níu þingmenn til að starfa í nefnd, sem á að gera tillögur um viðbrögð þingsins við skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir bankahrunsins. Skýrsla Rannsóknarnefndarinnar verður lögð fram og birt opinberlega fyrir lok janúar.** - pg

**MATTI VANHANEN** Á blaðamannafundi í gær kvaðst Matti Vanhanen reiðubúinn til að láta af embætti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Matti Vanhanen í Finnlandi:

## Sækist ekki eftir endurkjöri

**FINNLAND, AP** Forsætisráðherra Finnlands kveðst ekki sækjast eftir endurkjöri sem formaður Miðflokksins á næsta ári. Hann ber við heilsufarsástæðum.

Tilkynning Matti Vanhanen um þetta rétt fyrir jól kom í kjölfar minnkandi fylgis flokks hans og aukinna krafna um afsögn hans.

Þrýstingur á afsögn Vanhanens hefur aukist eftir umfjöllun um hneykslistengt pólitískri fjársöfnun og umfjöllun slúðurblaða um ástalíf hans.

Í flokksblaðinu Suomenmaa kvaðst Vanhanen þurfa tíma til að ná sér eftir aðgerð á fæti sem áætlað er að hann fari í síðla á næsta ári. Hann hefur verið forsætisráðherra síðan 2003. - óká

# Níu þingmenn eiga að vinna úr rannsóknarskýrslunni

**Alþingi kýs í dag níu manna þingnefnd sem gera á tillögur um viðbrögð vegna skýrslu rannsóknarnefndar þingsins. Nefndin mun hafa tíma fram í september til að gera tillögur um viðbrögð.**

**ALÞINGI** Alþingi kýs í dag nefnd níu þingmanna til að gera tillögur um viðbrögð Alþingis við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þessari nefnd er meðal annars ætlað að taka afstöðu til þess hvort tilefni sé til að höfða mál gegn ráðherrum fyrir Landsdómi fyrir brot á lögum um ráðherraábyrgð í aðdraganda bankahrunsins.

Þingmannanefndin mun fá skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis til meðferðar í janúarlok. Hún hefur síðan tíma til septemberloka 2010 til að gera tillögur um viðbrögð Alþingis.

> Ef gripið er til samlíkingar við almenn sakamál má segja að málið sé, með skýrslugjöf rannsóknarnefndar Alþingis, komið á ákærustig að lokinni rannsókn.
>
> **ALLSHERJARNEFND ALÞINGIS Í FRAMHALDSNEFNDARÁLITI.**

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki meirihluta í þingmannanefndinni eins og í öðrum nefndum Alþingis því stjórnarandstaðan mun þar skipa fimm af nefndarmönnunum níu. Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Samfylking og VG munu hver eiga tvo fulltrúa en níundi nefndarmaðurinn kemur úr þingflokki Hreyfingarinnar. Síðdegis í gær höfðu allir þingflokkar nema sjálfstæðismenn tilnefnt sína fulltrúa. Nöfn væntanlegra nefndarmanna eru birt hér til hliðar.

Með lögunum, sem Alþingi setti í gær, var ákveðið að kosning þingmannanefndarinnar skuli rjúfa fyrningu hugsanlegra brota á lögum um ráðherraábyrgð á sama hátt og ef þingið hefði kosið sérstaka rannsóknarnefnd til að fjalla um embættisbrot ráðherra. Brot á lögum um ráðherraábyrgð fyrnast almennt á þremur árum. Lögunum frá í gær er ætlað að lengja þann frest um allt að eitt ár.

Þingmenn Hreyfingarinnar sátu hjá en þingmenn úr öðrum flokkum stóðu að afgreiðslu málsins í gær. Breytingartillögur Þórs Saari, fyrir hönd Hreyfingarinnar, um að nefnd fimm valinkunnra einstaklinga utan þings yrði falið að fjalla um mál sem snerta þingmenn, ráðherra og fjölskyldur þeirra, vöktu hörð viðbrögð.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Samfylkingu, Þuríður Backman, VG, og Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, lögðust á eitt um að mótmæla málflutningi Þórs. Siv sagði tillögur hans sýndarmennsku. Óþolandi væri að sitja undir því hvernig Þór Saari talaði niður til þingmanna og „sýndi Alþingi puttann“.

peturg@frettabladid.is

**RANNSÓKNARNEFND** Alþingi mun í dag kjósa níu þingmenn í nefnd til að gera tillögur um til hvaða aðgerða Alþingi eigi að grípa í framhaldi af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### ÞAU MUNU SKIPA NEFND ALÞINGIS

**Frá Framsóknarflokknum:**
Eygló Harðardóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson.

**Frá Hreyfingunni:**
Birgitta Jónsdóttir.

**Frá Samfylkingunni:**
Magnús Orri Schram og Oddný G. Harðardóttir.

**Frá Sjálfstæðisflokknum:**
Ófrágengið.

**Frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði:**
Atli Gíslason og Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Allir ofangreindir þingmenn voru fyrst kosnir á Alþingi síðastliðið vor, nema Atli Gíslason sem tók sæti á Alþingi árið 2007.

## VEÐURSPÁ

**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**FLOTT VEÐUR NÆSTU DAGA** Það er varla hægt að biðja um betri veðurspá fyrir gamlárskvöld en horfur eru á hægviðri og bjartviðri um nánast allt land. Austanlands verður þó líklega skýjað með köflum. Hitinn breytist lítið og verður frost víðast á bilinu 2-8 stig.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 0° |
| Billund | 1° |
| Eindhoven | 3° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 6° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 3° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -12° |
| París | 11° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | -6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

„HÚRRA FYRIR OLIVER! ÞJÓÐLEIKHÚSSINS
... Fimm stjörnu frammistaða hjá Vigdísi Hrefnu“
★★★★ Mbl., GB

„Áfri (Oliver) hefur undurfagra rödd, sem á augabragði tekst að bræða hvers manns hjarta...“
Pressan.is, BS

„Barnahópurinn var eins og einn maður, lék og söng í fullkomnum takti svo unun var á að horfa.“
TMM, SA

# Oliver!

eftir Lionel Bart

## Söngleikurinn um Oliver Twist slær í gegn! Tryggðu þér miða!

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þri 29/12 | kl. 20:00 | U | Lau 9/1 | kl. 20:00 | Ö | Lau 23/1 | kl. 19:00 | Ö |
| Mið 30/12 | kl. 20:00 | U | Sun 10/1 | kl. 16:00 * | U | Fös 29/1 | kl. 19:00 | |
| Lau 2/1 | kl. 16:00 * | U | Sun 10/1 | kl. 20:00 | U | Lau 30/1 | kl. 15:00* | Ö |
| Lau 2/1 | kl. 20:00 | U | Fim 14/1 | kl. 19:00 * | Ö | Lau 30/1 | kl. 19:00 | Ö |
| Sun 3/1 | kl. 16:00 * | U | Lau 16/1 | kl. 15:00 * | U | Lau 6/2 | kl. 15:00* | Ö |
| Sun 3/1 | kl. 20:00 | U | Lau 16/1 | kl. 19:00 | Ö | Lau 6/2 | kl. 19:00 | |
| Lau 9/1 | kl. 16:00 * | U | Lau 23/1 | kl. 15:00 * | Ö | | | |

* aukasýningar

Hringdu í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## KJÖRKASSINN

*Forðast þú að dýpka hjólförin í umferðinni?*

| | |
|---|---|
| Já | 77,7% |
| Nei | 22,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Kaupir þú flugelda fyrir áramótin?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is.

VÍSIR

**VIÐURKENNING AFHENT** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra afhenti viðurkenningu Frjálsrar verslunar til manna ársins 2009 í viðskiptalífinu í hófi sem haldið var á Hótel Sögu síðdegis í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landssamband hestamannafélaga ræðir við Fák um landsmótshald 2012:

# Landsmótið kannski í borginni

**HESTAMENNSKA** „Markmiðið er að við fáum að njóta hestsins við sem besta umgjörð," segir Haraldur Þórarinsson, formaður Landssambands hestamannafélaga, um þá samþykkt stjórnar sambandsins að ganga til viðræðna við hestamannafélagið Fák um að halda Landsmót 2012 á svæði félagsins í Víðidal.

Haraldur bendir á að ekki sé endanlega afráðið hvar Landsmót 2012 verði haldið. Samkvæmt reglugerð þurfi að byrja á að ræða við þau félög sem til greina komi, til þess að ná samningum.

„Það er ljóst að við höfum verið með mjög gott mótahald úti á landi, á Vindheimamelum og Hellu, sem gengið hefur mjög vel," segir Haraldur. „Við viljum athuga hvort hugsanlega séu meiri sóknarfæri til að mynda í markaðssetningu íslenska hestsins með því að fara inn í þéttbýlið. Spurningin er hvort við getum gert eitthvað nýtt á þessu svæði sem við getum ekki gert úti á landi. Það eru ýmsar hugmyndir á lofti varðandi nýjungar."

Haraldur segir ljóst að ekki verði haldið landsmót, eins og gerist í sveit, í Víðidal. Enda sé ekki verið að reyna það. Hins vegar séu ýmis atriði, sem liggi betur við þar, svo sem aðgengi knapa og varsla fjölmargra, verðmætra hrossa. - jss

**HARALDUR ÞÓRARINSSSON** Vill athuga sóknarfæri mótshalds í þéttbýli.

Aðalskipulag Reykjavíkur:

## Ríflega 1.500 tillögur bárust

**BORGARMÁL** Ríflega 1.500 hugmyndir bárust um það sem betur má fara í skipulagi borgarinnar á fundum skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkurborgar sem fram fóru í tíu hverfum borgarinnar í október og nóvember.

Á fundunum gafst íbúum tækifæri til að koma sínum hugmyndum á framfæri í vinnu- og umræðuhópum vegna mótunar aðalskipulags Reykjavíkur 2010 -2030 með framtíðarsýn allt til ársins 2050. Markmiðið með fundunum var að færa aðalskipulagið nær íbúum hverfanna.

Nú stendur yfir úrvinnsla á hugmyndunum og tillögugerð. - shá

# Verne gæti þurft sex sinnum meiri orku

**Verne Holdings býst við að þurfa jafnvel meira en 140 megavött af orku fyrir gagnaver sitt, en hefur einungis tryggt sér 25. Þetta er þó sagt í samræmi við allar áætlanir. Íslensk orka mun ekki vera sú ódýrasta í heimi.**

**IÐNAÐUR** Orkuþörf fyrirhugaðs gagnavers Verne Holdings gæti orðið meiri en 140 MW, miðað við athugasemdir við fjárfestingarsamning ríkisins og fjögurra fyrirtækja, sem að framkvæmdinni standa.

Gagnaverið hefur verið til umræðu síðan á síðustu mánuðum ársins 2007. Þá var það kynnt sem 25 MW ver, sem gæti stækkað í 50 MW. Síðan hefur af og til verið rætt um 25 til 80 MW, en oftast um lægri töluna, 25 megavött.

Heimildarmaður blaðsins, sem kom að gerð fjárfestingarsamningsins, segir 140 megavatta orkuþörf þó í samræmi við fyrstu áætlanir. 25 megavöttin hafi verið nefnd sem orkuþörf fyrsta áfanga. En áfangarnir verði hugsanlega fjórir, gangi vel. Óvíst sé nákvæmlega hversu mikla orku þurfi fyrir hina áfangana. Það fari eftir pöntunum viðskiptavina og tækniframförum.

Verne hefur ekki tryggt sér orku umfram þessi títtnefndu 25 megavött. Þau skuldbatt Landsvirkjun sig til að selja fyrirtækinu með þeim fyrirvara að virkjað yrði í Þjórsá, eins og blaðið greindi frá í mars 2008. Það var skýrt með því að Landsvirkjun ætti ekki aðra virkjunarkosti en í Þjórsá.

Þrátt fyrir þetta segir heimildarmaður blaðsins að Verne hafi ekki áhyggjur af því að erfitt reynist að ná í meiri orku, jafnvel þótt álver í Helguvík verði að veruleika. Fyrirtækið telji sig vera framarlega í röðinni að orku, og slík stækkun gagnaversins verði ekki fyrr en árið 2016.

Spurður um verðið, segir hann að Landsvirkjun hafi haft frumkvæði að því að trúnaður ríki um það. Ísland sé ódýrari kostur fyrir slíka stóriðju en nágrannalöndin, en ekki ódýrasti kostur í heimi. Til að mynda sé hægt að fá betra orkuverð í norðvesturhluta Bandaríkjanna.

klemens@frettabladid.is

**SKEMMUR VERÐA AÐ GAGNAVERI** Verne Holdings hefur komið sér fyrir á gamla hersvæðinu á Reykjanesi. MYND/VÍKURFRÉTTIR

### HVAÐAN Á ORKAN AÐ KOMA?

Iðnaðarráðherra hefur verið spurður af greinarhöfundum í Fréttablaðinu um hvaðan orkan fyrir álver í Helguvík og gagnaverið eigi að koma, en hefur ekki svarað því opinberlega. Miðað við forsendurnar gætu þessar framkvæmdir á suðvesturhorninu kostað 630 MW fyrir Helguvík og 140 fyrir gagnaver. Samtals 770 megavött.

Katrín Júlísdóttir ráðherra segir þetta ekki rétt. Heimild hafi ekki verið veitt fyrir 360.000 tonna álveri, heldur fyrir 250.000 tonnum. Ástæða þess að fjárfestingarsamningur vegna álvers hafi verið upp á 360.000 tonn sé sú að um gamaldags fjárfestingarsamning hafi verið að ræða. „Það var ákveðið að hafa þetta rýmra, ef þetta þyrfti að fara fyrir þingið aftur," segir hún.

Ríkið komi ekki að orkusölu til álversins heldur Orkuveitan og Hitaveita Suðurnesja. Þessi fyrirtæki og forystumenn suður með sjó eigi því að svara fyrir um uppsprettu orkunnar.

Um orku fyrir gagnaver, sem er á hendi Landsvirkjunar, segir hún að sér skiljist að á milli þrjátíu og fimmtíu megavött liggi á lausu í kerfinu. Hún gefur lítið fyrir umræðu um virkjun Þjórsár að svo stöddu og segist vinna að því að gera orkuverð til stóriðju gagnsærra.

Íþróttafélögin sækja jólatré:

## Ná í trén fyrir þúsund krónur

**ÞJÓNUSTA Borgarbúar í Reykjavík munu ekki geta losað sig við jólatré út á næsta götuhorn eftir hátíðarnar. Reykjavíkurborg ætlar ekki að hirða trén eins og verið hefur um árabil.**

**Þeim sem eiga erfitt með að koma frá sér jólatrjánum mun hins vegar bjóðast sá valkostur að fá útsendara íþróttafélagsins í sínu hverfi til að koma og hirða trén gegn eitt þúsund króna þóknun. Trjánum verður síðan komið í förgun á viðeigandi hátt í samvinnu við gámafélög.** - gar

**ÞORSKELDI** Meta þarf umhverfisáhrifin af fyrirhuguðu þorskeldi í Skutulsfirði.

Ísafjörður:

## Þorskeldi fari í umhverfismat

**ÞORSKELDI** Skipulagsstofnun telur að fyrirhugað 900 tonna þorskeldi í Skutulsfirði við Ísafjarðarbæ kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirtækið Álfsfell, sem nú elur 200 tonn á ári af þorski í Skutulsfirði, hefur áform um að meira en fjórfalda framleiðslu sína. Í áliti Skipulagsstofnunar segir að niðurstaða um mat á umhverfisáhrifum byggist meðal annars á vísbendingum um að eldisstarfsemi í Skutulsfirði hafi nú þegar haft neikvæð áhrif á botndýralíf. - pg

## SJÁVARÚTVEGUR

### Lönduðu fyrir fimm milljarða

Skip Þorbjarnar hf. í Grindavík lönduðu samtals 22.846 tonnum af afla á árinu sem er að líða. Verðmæti aflans er 5.191 milljón króna. Frystitogarar lönduðu 13.610 tonnum og línubátar 9.236 tonnum. Botnvörpungurinn Gnúpur GK 11 var aflahæstur sjö skipa félagsins, með rúm fimm þúsund tonn.

Feðgarnir í Fjarðarkaupum:

## Menn ársins í viðskiptalífinu

**VIÐSKIPTI Menn ársins í viðskiptalífinu er feðgarnir í Fjarðarkaupum, samkvæmt vali tímaritsins Frjálsrar verslunar. Mennirnir eru Sigurbergur Sveinsson og synir hans Sveinn og Gísli Þór.**

**„Í mati sínu lagði dómnefndin til grundvallar frumkvöðlastarf á sviði lágvöruverðsverslunar á Íslandi, langan og farsælan feril, hófsemi, dugnað og útsjónarsemi sem gert hefur Fjarðarkaup að stöndugu og framúrskarandi fyrirtæki," segir í tilkynningu tímaritsins. Þar kemur jafnframt fram að verslunin hafi verið stofnuð fyrir 37 árum sem fyrsta lágvöruverðsverslun á Íslandi, hagnaði hafi ævinlega verið haldið inni í fyrirtækinu og langtímaskuldir þess séu engar.** - óká

Hallgrímskirkja
HÁTÍÐAHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT
GAMLÁRSDAGUR KL. 17
Hátíðartónlist fyrir 2 trompeta og orgel eftir
*Albinoni, Pezel, Molter, Áskel Másson og J.S. Bach ( Tokkata og fúga í d-moll)*
Trompetar:
Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson
Orgel: Hörður Áskelsson
Miðaverð: 2500 kr.
MIÐASALA í Hallgrímskirkju, í síma 510 1000
LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 28. STARFSÁR *listvinafelag.is*

Öryggissveitir íranskra stjórnvalda handtaka systur Nóbelsverðlaunahafa:

# Hóta Bretum kjaftshöggi

**ÍRAN** „Bretar fá kjaftshögg ef þeir hætta ekki þessari vitleysu," sagði Manouchehr Mottaki, utanríkisráðherra Írans í gær.

Mottaki var með þessu að bregðast við orðum Davids Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, sem á mánudaginn lofaði hugrekki mótmælenda og gagnrýndi framferði öryggissveita íranskra stjórnvalda. Í fyrradag sagði Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, að írönsk stjórnvöld hefðu beitt járnhnefa og óréttlátri kúgun gegn friðsömum mótmælendum.

Ali Larijani, forseti íranska þingsins, tók undir með Mottaki í gær. Hann gagnrýndi Breta og Bandaríkjamenn harkalega fyrir að hafa fordæmt aðgerðir íranskra stjórnvalda. Larijani sagði að breski sendiherrann í Teheran yrði kallaður á fund til að skýra málflutning breskra stjórnvalda.

Í tíu daga hafa íranskir umbótasinnar staðið fyrir mótmælum gegn írönsku stjórninni en þó kannski helst Mahmouds Ahmadinejad forseta sem vann umdeildan sigur í forsetakosningunum í landinu í júní.

Larijani segir að þeim mótmælendum sem virði ekki Ashura-hátíðina verði mætt af fullri hörku. Ashura er ein helsta trúarhátíð sjía-múslíma.

**SHIRIN EBADI** Öryggissveitir íranskra stjórnvalda handtóku systur Nóbelsverðlaunahafans á mánudagskvöldið. NORDICPHOTOS/AFP

Á mánudaginn voru fjölmargir umbótasinnar handteknir, þar á meðal samstarfsmenn Mirs Hosseins Mousavi, leiðtoga stjórnarandstöðunnar. Þá var frændi Mousavi myrtur á sunnudaginn. Í gær bárust síðan fregnir af því að systir Shirin Ebadi hefði verð handtekin. Ebadi hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 2003 fyrir baráttu sína fyrir mannréttindum í Íran. - th

NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

# 25% afsláttur

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI

ERLENDAR UNGNAUTALUNDIR

**2998** KR./KG

# Nóatún bestir í kjöti

## LÁTTU OKKUR UNDIRBÚA GRÍSASTEIKINA FYRIR ÞIG!

GRÍSALÆRI Í HEILU

**698** KR./KG

GRÍSASÍÐA PÖRUSTEIK

**698** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI

MÓA VEISLUFUGL

**1198** KR./KG

SS RIFSBERJA LAMBALÆRI

**1898** KR./KG

ÚR FISKBORÐI · FERSKIR Í FISKI · ÚR FISKBORÐI

VSV HUMAR - A FLOKKUR

**5968** KR./KG.

SÆLKERA HÖRUSKEL

**1598** KR./PK.

SÆLKERA TÍGRISRÆKJA

**998** KR./PK.

KJÖRÍS KONFEKTÍSTERTA 12 MANNA

**1799** KR./PK.

EMMESS ÍSKAKA 6-8 MANNA

**1398** KR./PK.

COKE Í GLERI 6 FLÖSKUR

**499** KR/PK.

EGILS PILSNER

**79** KR/STK.

ALLT FYRIR ÁRAMÓTAVEISLUNA

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

**OPIÐ: 30/12 10 - 22**

**31/12 9 - 14**

NÓATÚN

www.noatun.is

Aftaka bresks manns í Kína vegna fíkniefnasmygls vekur reiði á alþjóðavísu:

# Kínverjar verja ákvörðun sína

**KÍNA, AP** Sendingar ganga á milli kínverskra og breskra yfirvalda eftir að Kínverjar virtu að vettugi beiðnir alþjóðasamfélagsins og tóku í gær af lífi breskan mann sem fundinn hafði verið sekur um að smygla eiturlyfjum. Maðurinn hét Akmal Shaikh og var 53 ára gamall.

Ættingjar mannsins sögðu hann andlega vanheilan og að hann hefði verið plataður til að flytja efnin.

Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, sagði í tilkynningu sem hann sendi frá sér í gær vegna málsins að hann væri „hneykslaður“ á framferði Kínverja. Aftakan á Shaikh er fyrsta líflát Kínverja á Evrópubúa í sextíu ár.

**TEKINN AF LÍFI** Akmal Shaikh, Bretinn sem handtekinn var í Kína fyrir fíkniefnasmygl og líflátinn í gær með eitursprautu. Ættingjar mannsins sögðu hann veikan á geði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnvöld í Kína hafa hins vegar varið ákvörðun sína og segja að engin skjöl hafi verið lögð fram sem sýnt hafi fram á andlega vanheilsu Shaikhs. Þá gagnrýna Kínverjar ummæli forsætisráðherra Breta, en sögðust vona að málið skaðaði ekki tvíhliða samband landanna. Utanríkisráðuneyti Kína bað bresk stjórnvöld að búa ekki til „hindranir“ að bættum samskiptum ríkjanna.

Breska ríkisútvarpið BBC og fleiri fjölmiðlar höfðu eftir Laillu Horsnell, dóttur Shaikhs, að henni væri brugðið. „Ég varð einnig fyrir vonbrigðum með að aftakan skyldi hafa verið látin ná fram að ganga án tillits til geðheilbrigðisvandamála föður míns,“ sagði hún. „Ég á erfitt með að sjá hvaða réttlæti er í þessu fólgið.“ - óká

**GÖTULÍF Í AFGANISTAN** Afgönsk kona bakar brauð í þorpi nærri Kabúl. Erlendir hermenn eru nú sakaðir um að hafa drepið óbreytta borgara á átakasvæði i Kunar-héraði í austurhluta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Sendinefnd kannar dráp á ungmennum

**Grunur leikur á að hermenn hafi drepið tíu óbreytta borgara, þar af átta námsmenn, í austurhluta Afganistans á sunnudag. Fulltrúi NATO segir fyrstu fregnir herma að níu uppreisnarmenn hafi verið drepnir. Stjórnarnefnd rannsakar málið.**

**AFGANISTAN, AP** Opinber nefnd skipuð af Hamid Karzai, forseta Afganistan, rannsakar fregnir af því að tíu óbreyttir borgarar hafi verið drepnir í skærum þar sem þátt tóku erlendir hermenn á sunnudaginn var. Í hópnum eiga að hafa verið átta námsmenn.

Karzai hefur fordæmt dráp-ið, en atburðurinn átti sér stað á átakasvæði í austurhluta landsins, þorpi í Narang-umdæmi í Kunar-héraði.

Dráp á almenningi er með erfiðustu málum fyrir erlenda setuliðið í Afganistan. Þótt fleiri borgarar falli fyrir hendi Talíbana þá ýtir dráp herafla Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins (NATO) á borgurum undir andúð á veru hermannanna í landinu og grefur undan tilraunum þeirra til að veikja uppreisnarliða.

Ásökunin er sögð alvarlegasta dæmið um dráp vestrænna hermanna á óbreyttum borgurum í Afganistan frá því snemma í desember, þegar embættismenn stjórnvalda greindu frá því að tólf borgarar hefðu verið drepnir í loftárás í Laghman-héraði. NATO neitaði þeim ásökunum.

„Forsetinn varð mjög hryggur og reiður þegar hann heyrði fréttirnar,“ sagði Waheed Omar, talsmaður Karzais forseta í gær, þriðjudag. Hann gagnrýndi stjórn herafla Bandaríkjanna og NATO í Afganistan og sagði að hernaðaraðgerðirnar á sunnudag hefðu átt að hafa verið í samstarfi við þjóðarher Afganistans.

„Þjóðarher okkar annast nú um 60 prósent af aðgerðum,“ sagði Omar og bætti við að mannfall óbreyttra borgara væri minna þegar afganskir hermenn ættu hlut að máli.

Fulltrúi NATO sagði að hernaðaraðgerðirnar í Kunar á sunnudag hefðu verið í samstarfi bandarískra og afganskra hermanna og að herflugvélum hafi ekki verið beitt. Fulltrúinn baðst undan því að vera nafngreindur til þess að trufla ekki aðkomu erlenda herliðsins að rannsókn stjórnar Afganistans á atburðinum.

Hann segir að í aðgerðinni á sunnudag hafi verið fylgt eftir rannsókn á uppreisnarhópi sem fylgst hafði verið með í nokkurn tíma og talinn bera ábyrgð á árásum á afganska og erlenda hermenn með heimagerðum sprengjum. Vopn og sprengjubúnaður á staðnum hafi verið staðfesting þess að hinir föllnu, allt ungir karlmenn, hafi verið uppreisnarmenn.

Zaman Mamozai, yfirmaður landamæralögreglunnar á svæðinu, sagði jafnframt í gær að þeir sem voru drepnir hafi allir verið uppreisnarmenn. olikr@frettabladid.is

Ráðherra segist engu geta svarað um meðferð skulda sjávarútvegsfyrirtækja:

# Trúnaður um meðferð skulda

**ALÞINGI** Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, vísar frá sér spurningum um meðferð skulda sjávarútvegsfyrirtækja. Þótt ríkið eigi hluti í bönkunum gildi um þá reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga í fjármálafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með bönkunum.

Í svari Gylfa við fyrirspurn frá Ólínu Þorvarðardóttur, þingmanni Samfylkingarinnar, kemur fram að hann geti ekki svarað því hve mikið af skuldum útgerðarfyrirtækja varð eftir í þrotabúum gömlu bankanna þriggja, hve stór hluti skulda fluttist yfir til nýju bankanna og hvaða reglum var beitt við mat á skuldunum og afskriftir skulda sjávarútvegsfyrirtækja, ef einhverjar voru. „Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur ekki undir höndum neinar upplýsingar um starfsemi einstakra fyrirtækja á fjármálamarkaði. Né hefur það undir höndum upplýsingar um skuldir einstakra viðskiptamanna bankanna. Eftirlit með starfsemi á fjármálamarkaði er í höndum Fjármálaeftirlitsins,“ segir í svari Gylfa til Ólínu. - pg

GYLFI MAGNÚSSON

Gláp í bíó fyrir Ringjara.
Við sendum tilboð beint í símann.

Ringjarar fara inn á ring.is og óska eftir að fá MMS með tilboðum send í símann.

Tilboð dagsins:

Gláp
50% afsláttur í bíó hjá Senu fyrir 1

Bíó á hálfvirði í dag á ring.is

Tilboðið gildir í tilteknum bíóum Senu:
Smárabíó
Regnboginn
Háskólabíó
Borgarbíó

Ekkert vesen með afsláttarmiða, þú sýnir bara GSM símann í afgreiðslunni.
Ath. Gildir ekki í lúxussal, á íslenskar myndir og myndir sýndar í digital þrívídd.

Gildir í dag, miðvikudag

MMS tilboð hjá Ring – ekki klippa þennan miða út

ENNEMM / SÍA / NM40347

Stærsti vinahópur á Íslandi
ring

# Tenórarnir
# NÝÁRSTÓNLEIKAR 3

## HÁTÍÐARTÓNLEIKAR MEÐ STÓRHLJÓMSVEIT Í HÁSKÓLABÍÓI 3. JANÚAR

FRAM KEMUR EINNIG HIN RÍSANDI SÓPRAN STJARNA
GRÉTA HERGILS OG FÉLAGAR ÚR KARLAKÓR FÓSTBRÆÐRA

KOLBEINN KETILSSON JÓHANN FRIÐGEIR SNORRI WIUM

A SVÆÐI UPPSELT!
B SVÆÐI ÖRFÁ SÆTI LAUS

MIÐASALA Á ***midi.is*** OG HJÁ SKÍFUNNI, KRINGLUNNI OG LAUGAVEGI

Tenórarnir þrír eru skipaðir þeim íslensku óperusöngvurum er náð hafa hvað lengst í óperuheiminum, hér heima og erlendis. Hafa þeir allir hlotið mikið lof fyrir söng sinn og koma fram í uppfærslum og á tónleikum víða um heim.

Á efnisskránni verða margar af fegurstu aríum óperubókmenntanna, íslenskar perlur auk klassískra sönglaga og hátíðarsálma. Einnig mun sitthvað óvænt og skemmtilegt líta dagsins ljós. Það er óhætt að lofa hátíðlegri og ógleymanlegri upplifum í Háskólabíói í upphafi nýs árs; 2010.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

**Í HEIMSÓKN** Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, (til hægri) vísar Madhav Kumar Nepal, forsætisráðherra Nepals, veginn í móttökuathöfn í heimsókn þess síðarnefnda í þinghúsinu í Peking í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjálfsmorðsárás í Karachi í Pakistan á mánudag varð kveikja að öldu ofbeldis í borginni:

# Enn barist við elda sólarhring eftir árás

**PAKISTAN, AP** Stjórnvöld í Pakistan sendu út beiðni um ró í gær vegna óeirða sem fóru í gang eftir sjálfsmorðssprengingu sem beint var að sjía múslimum á mánudag. Árásin átti sér stað við Ashoura-hátíðahöld sjía múslima í Karachi, stærstu borg Pakistans.

Miklar öryggisráðstafanir voru viðhafðar þegar fólk safnaðist saman í miðborg Karachi í gær vegna útfara sumra sem létust.

Árásin varð kveikja óeirða þar sem hópar fólks fóru um borgina og kveiktu í mörkuðum og verslunum.

Ehteshamul Haq, slökkviliðsstjóri Karachi, sagði að tvær byggingar, með fjölda verslana og skrifstofa hafi þegar hrunið, og tvær til viðbótar væru að hruni komnar.

**EFTIR ÓEIRÐIR** Eftir sjálfsvígsárás á mánudag var kveikt í stærsta heildsölumarkaði Karachi. Yfir 200 slökkviliðsmenn börðust enn við elda 24 stundum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pakistanskir embættismenn sökuðu ónefnda „misindismenn“ um ofbeldisölduna, fremur en sjíana sem sjálfsmorðsárásin beindist að, mögulega til að draga úr spennu milli trúarhópa.

„Við teljum að um skipulegt samsæri sé að ræða,“ sagði Rehman Malik, ráðherra innanríkismála. „Þeir sem gripu til ofbeldis voru misindismenn, ekki mótmælendurnir.“ Ekki lá enn ljóst fyrir í gær hver væri ábyrgur fyrir árásinni á mánudag, en þá hófust hátíðahöld sjía múslima til að minnast dánardags sonarsonar Múhameðs spámanns, Imams Hussein. Sjíar eru minnihlutahópur í Pakistan og hafa mátt þola tíðar árásir frá öfgahópum súnní múslima sem líta á þá sem trúvillinga. - óká

**HÚSIN Í 101 REYKJAVÍK** Hagsmunasamtök heimilanna minna á orð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að svigrúm sé til leiðréttingar skulda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Telja banka beita sjónhverfingum

**Hagsmunasamtök heimilanna kalla þær leiðréttingar á lánum sem nú bjóðast „sjónhverfingar“. Þau vilja tafarlausar aðgerðir og minna á orð AGS um að svigrúm sé fyrir lækkun á greiðslubyrði.**

**EFNAHAGSMÁL** Allar leiðir fjármálastofnana til greiðslujöfnunar húsnæðislána og skuldaaðlögunar eru því marki brenndar að þær auka heildargreiðslubyrði heimilanna, fyrir utan leið Arion banka. Þetta er furðulegt í ljósi þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur upplýst að töluvert svigrúm sé fyrir verulega lækkun á greiðslu- og skuldabyrði heimilanna.

Svo segja Hagsmunasamtök heimilanna í nýrri samantekt. Greiðslujöfnun húsnæðislána geti hækkað heildarkostnað lántaka um allt að 180 prósent á lánstíma.

Í greinargerð samtakanna er fullyrt að Mark Flanagan, sendifulltrúi AGS, hafi sagt á fundi með félögum úr samtökunum að sjóðurinn vilji sjá allt svigrúm stóru bankanna til leiðréttingar nýtt. Svigrúmið nemi um 44 prósentum af verðmæti lánasafnanna.

Hagsmunasamtökin telja bankana beita blekkingum. Lausnir fjármálastofnana bjóði upp á að mánaðarlegar greiðslur lækki mikið með því að greitt sé minna af höfuðstóli, en meira í vexti. Lækkunin vari í ákveðinn tíma en svo byrji bankarnir að „vinna upp hvern þann afslátt sem lántakar fá fyrstu árin“.

Ef bankarnir skiluðu þeim afslætti sem þeir fengu frá gömlu bönkunum gætu þeir veitt fimmtíu prósenta afslátt af gengistryggðum lánum, og tuttugu prósenta afslátt af höfuðstóli verðtryggðra lána, segja samtökin. Bankarnir eigi að ganga mun lengra en þeir hafa gert.

Þessar fjármálastofnanir hafi valdið hruni bankakerfisins og ætlist nú til þess að almenningur borgi brúsann. Samtökin krefjast þess að fyrirtækin axli sína ábyrgð og stuðli að sátt í samfélaginu.

klemens@frettabladid.is

## SVARA EKKI UM SVIGRÚMIÐ

**Íslandsbanki var beðinn um að svara staðhæfingum Hagsmunasamtakanna:**

- Í fyrsta lagi um að heildargreiðslubyrði aukist við greiðslujöfnun. *Samskiptasvið bankans segir að vextir á óverðtryggðum lánum hafi lækkað í 6,5 prósent en útreikningur samtakanna geri ráð fyrir sjö prósenta vöxtum hjá bankanum. „Miðað við að vaxtastig haldi áfram að lækka þá mun kostnaður lánsins einnig lækka.“*
- Einnig var bankinn spurður um meintar sjónhverfingar. *„Hvað varðar höfuðstólslækkun þá hefur alltaf verið skýrt að vextir í íslenskum óverðtryggðum krónum eru hærri en erlendir vextir og því er ekki um neina blekkingu að ræða í þeim efnum,“ segir samskiptasviðið. Bankinn hafi ávallt leitast við að gefa sem réttasta mynd af kostum og göllum úrlausna bankans. Ásökunum um sjónhverfingar er vísað á bug.*
- Bankinn var einnig beðinn um viðbrögð við því sem samtökin segja, að mikið svigrúm sé til þess að lækka skulda- og greiðslubyrði skuldara, en þau bárust ekki í svari bankans.

# Europris

**Opnunartímar:**
30. des.: Kl. 10:00 - 20:00
31. des.: Kl. 10:00 - 14:00

## ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Allt fyrir áramótin

**219**
**BURN ORKUDRYKKUR**
500 ml

**89** pr. stk
**FAXE - 33 CL**
- Appelsínu
- Sítrónu
- Faxe Kondi, orkudrykkur

**SNAKK Í MIKLU ÚRVALI**

**399**
**HUNANGSRISTAÐAR HNETUR**
240 gr

**199**
**SALERNISPAPPÍR - 8 Í PK**
- Miljø-spar

**799**
**SOKKAR - 5 PÖR Í PK**
- Svartir, st 36-45

**6990**
**REYKSKYNJARAR - 2 SAMAN**
- Optískur
- Hægt að raðtengja þráðlaust allt að 20 stk

**799**
**RUSLAPOKAR**
- 30 á rúllu

**VERÐ ÁÐUR: KR 10.990**
**NÚ: 8990**
**KULDAGALLI**
- Stráka/stelpu
- St 92 - 134/140

**4 ltr**
**2390**
**LAMPAOLÍA**
- 4 ltr

**5 saman**
**1890**
**ELDIVIÐUR - 5 Í PK**
- Brennslutími: ca 2,5 klst pr stk

**399**
**ÚTIKERTI**

**2 saman**
**279**
**ÚTIKERTI - 2 Í PK**

**www.europris.is**

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri


ÁRIÐ TVÖÞÚSUNDOGVONANDIEINHVERNTÍMANBRÁÐUM.
Æ, BARA EITTHVAÐ NÝTT.
ÞETTA SEM HEFUR ALLTAF VERIÐ.
HUGLEIKUR 09.

ÍSLANDS NAUT

Stolt kjötmeistaranna

# Alvöru áramóta nautasteikur

*meyrt , ljúffengt og sérvalið gæða nautakjöt til að gera hátíðina ógleymanlega...*

leiðbeiningar um eldun og meðferð nautakjöts á flettimiða framan á umbúðum

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Fæst í:

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL UM ÁRAMÓTIN

# Gleðilegt

***Nautalundir***
*frosnar*

***Besti hamborgarhryggur***
*sem landsliðið hefur smakkað!*

***Úrbeinað og fyllt***
*að hætti Jóa Fel*

## Skreyttu eftirréttadiskinn með lítilli fyrirhöfn!

***Sultaður rauðlaukur***
*tilvalinn á ostana og með villibráðinni!*

## Þessar verða að komast í áramótapartíið!

***Freyðandi drykkur***
*skemmtilegur valkostur fyrir krakkana um hátíðirnar*

***Kettle Chips***
*stökkari og bragðbetri!*

***Glow in the Dark***
*ýmsar vörur sem lýsa í myrkri*

***Hreind***
*að hætti*

Gildir á meðan birgðir endast.

# Nýtt Ár

t lambalæri

**Lífrænn lambahryggur**
*ferskur*

**Lífrænt lambalæri**
*ferskt*

**Jói Fel ostakaka**
*Himneska ostakaka úr úrvals hráefni, tilvalinn desert yfir hátíðarnar!*

**Villibráð í úrvali!**

ýrasteik
Jóa Fel

**Heill kalkúnn**
*frosinn*

**Smjörsprautað kalkúnaskip**
*tilbúið beint í ofninn!*

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2009

# Dómkirkjur og andlit

Af hverju þorði íslenska þjóðin ekki að kasta kirkju í andlitið á kvalara sínum fyrr en það var orðið algjörlega óumflýjanlegt? Nú er myrkt yfir landinu en flestir hjara enn í gaddinum. Eiríkur Guðmundsson veit af hverju.

**I**

Undir lok ársins sáum við fréttamyndir frá Mílanó. Hinn ítalski Massimo Tartaglia hafði grýtt afsteypu af dómkirkjunni í Mílanó í andlit Silvios Berlusconis forsætisráðherra Ítala. Ljósmyndir af blóðugu andliti Berlusconis fóru eins og eldur í sinu um heiminn. Angistin leyndi sér ekki á svip glaða forsætisráðherrans, synduga fjörkálfsins. Svipurinn var líkt og freðinn, angistin orðlaus. Þetta minnti á forna höggmynd. Myndhöggvarinn hefur haft ríkar ástæður fyrir því að láta sársauka ráðherrans ekki brjótast út í ópi.

Árásarmaðurinn mun síðar hafa skrifað Berlusconi afsökunarbeiðni, þar sem hann sagði meðal annars að árásin hefði verið huglaus. Um leið tók hann fram að hann hataði Berlusconi, manninn sem myndi leiða Ítalíu til glötunar. Hann hafði alltaf hatað Berlusconi. Allt árið á undan hafði ítalski forsætisráðherrann verið tíður gestur í heimspressunni, einkum fyrir fréttir af bílífi.

Silvio Berlusconi er táknmynd upphafs 21. aldarinnar. Hann veður í peningum. Hann stendur ekki fyrir neitt. Hann veður í kvenfólki og gerir illt verra. Hann er tákn einhvers mesta innihaldsleysis í sögu mannkynsins. Hann er sjónvarpsskjár. Hann er ekki til. En það rennur í honum blóð og okkur brá þegar við sáum það leka niður andlit hans eftir að Massimo Tartaglia hafði kastað í hann dómkirkju. Sársauki Berlusconis braust ekki út í ópi, eða linnulausu tali sem lýsti hneykslan og vonbrigðum með vonda menn í vondum heimi, sem grípa næstu dómkirkju eins og ekkert sé sjálfsagðara, og fleygja henni í andlitið á glöðum og valdamiklum gosa. Andlitið var skyndilega stillt á núll. Við vorum að horfa á vaxmynd. Og það lak úr henni blóð.

**II**

Í upphafi árs var gerð búsáhaldabylting á Íslandi. Vondri ríkisstjórn undir forystu stjórnmálaflokks sem hafði leitt Ísland til glötunar var komið frá völdum. Engar dómkirkjur voru rifnar upp með rótum í átökunum í Reykjavík. Enginn valdhafi fékk dómkirkju í andlitið. Við sáum andlit þeirra aldrei afmyndast. Þjóðminjasafnið var á sínum stað daginn eftir. Hallgrímskirkja líka. Það sama má segja um Hamborgarabúllu Tómasar, og varla er hún þung! En byltingin dugði til þess að vondir valdhafar hrökkluðust frá völdum, valdið hafði spillt þeim með þeim hætti að þeir þekktu ekki vitjunartíma sinn. Það þurfti ekki að kasta afsteypu af dómkirkjunni í Reykjavík í andlit þeirra til þess að þeir áttuðu sig á því að einu furðulegasta skeiði Íslandssögunnar var lokið.

**SILVIO BERLUSCONI** „Hann er tákn einhvers mesta innihaldsleysis í sögu mannkynsins. Hann er sjónvarpsskjár. Hann er ekki til. En það rennur í honum blóð og okkur brá þegar við sáum það leka niður andlit hans eftir að Massimo Tartaglia hafði kastað í hann dómkirkju.“ FRÉTTABLAÐIÐ / AP

**III**

Íslensku stjórnmálamennirnir sem fóru frá völdum á fyrri hluta ársins 2009 stóðu ekki fyrir neitt. Við vissum það allan tímann. Hér voru flokkar við völd sem voru álíka innihaldslausir og brosið á andliti Berlusconis. Þeir þurftu ekki að missa andlitið til þess að við áttuðum okkur á því. Hrunið sem átti sér stað haustið 2008 hafði gerst löngu fyrr. Búsáhaldabyltingin var þess vegna líka gerð of seint. Þeir sem vilja gera hana að stórkostlegum sögulegum atburði gera það af offorsi viljans, þrá eftir því að hafa lifað eitthvað sögulegt á tímum þegar búið var að sannfæra okkur um að sögunni væri lokið. Á Íslandi gerist allt alltaf of seint. Þjóð með rænu og tilfinningu fyrir eigin fegurð hefði gert þessa byltingu fyrr. Byltingin heppnaðist að því leyti til að það tókst að losa okkur við ömurlega valdhafa. Í bili. Við tók eitthvað í líkingu við ekki neitt því íslenska vinstrið er fyrir löngu orðið vopnalaust. En á þeim bænum er mönnum sannarlega vorkunn: það er varla í mannlegu valdi að fást við afleiðingarnar af langri valdatíð Sjálfstæðisflokksins á Íslandi.

**Eiríkur Guðmundsson** er bókmenntafræðingur, rithöfundur og einn umsjónarmanna útvarpsþáttarins Víðsjár á Rás eitt.

**Innlendir vendipunktar 2009**
Fréttablaðið gerir upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir valda höfunda. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir og atburði sem gerðust á árinu og gætu haft áhrif til frambúðar á Íslandi.

**IV**

Desember og hér eru mörg kíló af myrkri. Í Reykjavík hefur verið dregið úr raflýsingu. Maður má þakka fyrir að komast leiða sinna. Stundum er ekki einn einasti leiguvagn í augsýn. Á sumum biðskyldumerkjunum eru grafskriftir. Eyjan í norðri virðist vera sokkin í sæ. Þegar menn koma saman ræða þeir um það hræðilega sem gerðist. Niðurstaðan er ævinlega sú sama: Hér er ekki hægt að vera. Samt virðist enginn vera á förum. Menn ætla að fara með bílinn í skoðun á morgun. Og á þriðjudaginn verður Rúna fertug. Veisla eftir viku. And I ain't got no money and I ain't got no hair!

**V**

Á haustdögum kom út íslensk þýðing Kristjáns Árnasonar á einu áhrifamesta bókmenntaverki allra tíma, Ummyndunum, eftir rómverska skáldið Óvíd. Þar segir af samskiptum manna og guða, en þó einkum og sér í lagi af hamskiptum. Í bókinni breytist fólk í tré, eyjur, hirti eða lindir. Skip breytast í dísir. Menn breytast í fiðraða fugla. Þeir breytast í dádýr og höggorma, og þeir breytast í úlfa. Ein af hugmyndum verksins er þessi: ef menn haga sér eins og úlfar, eru í eðli sínu úlfar, taka þeir á sig úlfs mynd. Ef kona er í eðli sínu lárviður – og ber auk þess nafn lárviðar – breytist hún í lárvið. Refsinornir fara ekki lengur um heiminn og flestir myndu ætla að tími hamskipta væri liðinn. En vitum við, fólkið á þessari eyju, Íslandi, hvaða mynd, það fólk sem steypti íslensku þjóðinni í fjárhagslega glötun, hefur tekið á sig? Vissum við í hvaða mynd það var, rétt á meðan það sigldi skipinu í strand? Svarið er að einhverju leyti já, vegna þess að það var augljóst. Þess vegna kom byltingin of seint. Þess vegna hafði enginn fyrir því að ganga niður í bæ með Dómkirkjuna í Reykjavík í öðrum vasanum, Hamborgarabúllu Tómasar í hinum, og láta til skarar skríða, fyrr en þann 20. janúar árið 2009.

**VI**

Hvað sjáum við þegar við horfum á blóðrisa andlit Berlusconis? Mann sem er að steypa þjóð sinni í glötun?

**VII**

Það kom fram í Morgunblaðinu (blaðinu sem birtir ekki viðtal við vinveitta stjórnmálamenn ef þeir eru óánægðir með það, blaðinu sem ritstýrt er – eftir byltingu – af einum úlfanna) að Massimo Tartaglia kvaðst vera óflokksbundinn. Það var líka tekið fram að hann sé ókvæntur og eigi við ofsóknaræði að stríða. Morgunblaðið sagði líka frá því að Berlusconi hefði meiðst illa. Hann hefði nefbrotnað, fengið skarð í vör og misst tvær tennur. Framundan sjúkrameðferð sem tæki 25 daga. Í hvað var Berlusconi að breytast? Kirkjuna á Þingvöllum sem hann heimsótti eitt sinn og smánaði? Neflaust sjónvarpstæki? Tannlausa dómkirkju? Var refsinornin að hegna honum fyrir ítrekað framhjáhald? Eða fyrir það að vera ein ömurlegasta táknmynd innihaldsleysisins sem samtíminn býður okkur upp á? Er hægt að gera byltingu gegn slíku innihaldsleysi? Er hægt að gera byltingu gegn hugarfari? Grípur maður ekki bara til dómkirkjunnar, og lætur þar við sitja?

**VIII**

Árið hefur farið í flugeldasýningu. Ágóðinn af henni hefur ekki runnið til flugbjörgunarsveitanna, heldur hafa þetta verið neyðarblys úr sökkvandi skipi. Á himninum yfir Íslandi hafa þessi orð staðið: Hjálpið okkur! En enginn virðir okkur viðlits, eðlilega. Það mun heldur enginn taka eftir því þegar við sprengjum næturhimininn í loft upp á gamlárskvöld. Menn hafa um nóg annað að hugsa.

Sjáðu fegurð þína er heiti á ljóðabók eftir Kristínu Ómarsdóttur. Það er þörf ábending. Sjáðu fegurð þína. Einstaklingur getur gleymt fegurð sinni, afleiðingarnar geta verið slæmar. Heilu þjóðirnar geta líka gleymt fegurð sinni. Og þá er voðinn vís. Þá fer fyrir þeim eins og farið hefur fyrir okkur.

Ísland er ekki sokkið. Það er ekki vegna þess að neyðarblysin haldi eyjunni á floti. Það er eitthvað annað sem heldur þessari eyju á floti. Og svo vill til að ég veit hvað það er. Við vitum það kannski flest. En það vill gleymast, og stundum þarf ansi sterka norðanátt til þess að við áttum okkur á því. Þá erum við líka búin að hlusta ansi stíft á vorn innri mann. Aðrir munu sennilega aldrei átta sig.

**MÓTMÆLT Á AUSTURVELLI** „Hrunið sem átti sér stað haustið 2008 hafði gerst löngu fyrr. Búsáhaldabyltingin var þess vegna líka gerð of seint. Þeir sem vilja gera hana að stórkostlegum sögulegum atburði gera það af offorsi viljans, þrá eftir því að hafa lifað eitthvað sögulegt á tímum þegar búið var að sannfæra okkur um að sögunni væri lokið. FRÉTTABLAÐIÐ / DANÍEL

33% afsláttur

798 kr. kg

Grísahryggur með pöru

verð áður ~~1198~~

46% afsláttur

1399 kr. kg

Grísalundir erlendar

verð áður ~~2598~~

20% afsláttur

2798 kr. kg

Ungnautalundir erlendar

verð áður ~~3498~~

# ÞÚ FÆRÐ ALLT F

2,6 kíló

3998 kr. stk.

Herragarðsönd frosin 2,6 kg

Ófrosið

1299 kr. kg.

Lambalæri

1299 kr. kg

Kryddað lambalæri

20% afsláttur

SS Grand orange lambafille

20% afsláttur

1898 kr. kg.

SS rifsberja narinerað lambalæri

749 kr. stk.

ÍM jólasíld

KRÓNAN

Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

## Opnunartímar í Krónunni:

| Krónan Höfða | Krónan Lindum | Krónan Granda | Krónan Breiðholti | Krónan Árbæ | Krónan Mosfellsbæ |
|---|---|---|---|---|---|
| 30. des 10-21 | 30. des 10-21 | 30. des 10-21 | 30. des 10-21 | 30. des 10-21 | 30. des 10-21 |
| 31. des 9-15 | 31. des 9-15 | 31. des 9-15 | 31. des 9-15 | 31. des 9-15 | 31. des 9-15 |

KRÓNAN

Áramótavörurnar færðu hjá okkur!

# ÝRIR ÁRAMÓTIN ...hjá okkur!

HÁTÍÐARSKYRTERTA
með jarðarberjum
999 kr. stk.
Hátíðarskyrterta

10% afsláttur
Ostakökur
3 teg.

2449 kr. stk.
Ostakarfa nr.1

Nýbakað!
129 kr. stk.
Baguette snittubrauð

Veisluostar í úrvali!

Opið
í öllum verslunum!
30. des til kl. 21
31. des frá kl. 9-15

**Krónan Reykjavíkurvegi**
30. des 10-21
31. des 9-15

**Krónan Hvaleyrarbraut**
30. des 10-21
31. des 9-15

**Krónan Akranesi**
30. des 10-21
31. des 9-15

**Krónan Reyðarfirði**
30. des 10-21
31. des 9-15

**Krónan Vestmannaeyjum**
30. des 10-21
31. des 9-15

**Krónan Selfossi**
30. des 10-21
31. des 9-15

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Iðrun og fyrirgefning fari saman á nýju ári.

# Árið 2009 kvatt án eftirsjár

MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR SKRIFAR

Áramótum fylgir iðulega ákveðinn tregi en tilhlökkun á sama tíma. Sennilega munu þó ekki margir Íslendingar horfa með söknuði til þess er árið 2009 kveður enda hefur það verið landsmönnum erfitt að mörgu leyti. Það sem hefur þó reynst flestum erfiðara að takast á við er ekki endilega hrunið sjálft með öllum sínum veraldlegu fylgikvillum heldur miklu frekar það sundurlyndi sem tók sér bólfestu í þjóðarsálinni í kjölfar þess. Samstaðan – sem þessi fámenna þjóð hefur iðulega sýnt á erfiðleikatímum – riðlaðist.

Þegar við lítum til baka eftir nokkur ár og reynum að gera okkur grein fyrir allri þeirri reiði sem þjóðin hefur verið að takast á við á undanförnum mánuðum verður ein skýringin sennilega sú að hrunið kom þjóðinni algjörlega í opna skjöldu – við trúðum því aldrei að þetta gæti gerst. Við vorum grandalaus og óviðbúin og því varð skellurinn svo stór þegar hann kom. Þjóðin fylltist vantrú og reiði og leitin að sökudólgunum hófst.

Fyrir jól birtist viðtal í DV við frú Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta, þar sem hún segir meðal annars: „Öll erum við mannleg. Það getur alla hent að gera mistök. En við getum valið milli þess að sópa þeim undir teppið eða viðurkenna þau og læra af þeim. Í þessum síðari kosti er máttur mannsins og opinna samfélaga ekki síst fólginn; að umbera gagnrýni, viðurkenna mistök og læra af þeim.“

Á þetta hefur skort hér á landi og þessi afstaða hefur haldið þjóðinni í ákveðinni gíslingu – í ákveðinni kyrrstöðu. Þeir eru fáir sem þola gagnrýnina, enn færri sem viðurkenna mistökin og svo til enginn hefur beðist afsökunar á sínum þætti í hruninu. En ástæða þess er ekki eingöngu að viljann hefur skort til að viðurkenna mistök og biðjast afsökunar – heldur ekki síður að andinn í þjóðfélaginu hefur verið með þeim hætti að þjóðin hefur ekki verið móttækileg fyrir afsökunarbeiðnum og eftirsjá. Þjóðin hefur verið í vígahug – heimtað „blóð“, útskúfun og þunga refsidóma.

Án vafa munu á endanum einhverjir hljóta dóma fyrir sinn þátt í hruninu, hafa unnið til þess og munu taka út sína refsingu. Hins vegar er það jafnljóst að flestir gerðu ekkert ólöglegt – sinntu einfaldlega sinni vinnu – urðu reyndar margir græðginni að bráð og vildu án efa í dag hafa gert hlutina á annan hátt. Þjóðin getur valið um það að halda þessu fólki áfram úti í kuldanum eða skapa jarðveg til sátta. Til þess að svo megi verða þurfa þeir sem þátt tóku að viðurkenna mistök – sýna eftirsjá. En ekki síður verður þjóðin sjálf að vera tilbúin til að fyrirgefa – því án fyrirgefningar mun afsökun ein og sér gera lítið.

Fátt yrði þjóðinni til meiri gæfu á komandi ári en að afsökun og fyrirgefning héldust hönd í hönd því þannig gæti þjóðin tekist sameiginlega á við núverandi erfiðleika. Við munum líka vinna okkur í gegnum erfiðleikana þó að reiðin, sundurlyndið og skortur á fyrirgefningu haldi áfram. Þá verður hins vegar svo miklu leiðinlegra að búa í þessu landi – svo miklu leiðinlegra að vera Íslendingur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Að níu mánuðum liðnum

Fullir sjálfstrausts gerðu stjórnmálaflokkarnir hosur sínar grænar fyrir kjósendum í aprílmánuði. Sminkaðir og greiddir birtust foringjarnir í auglýsingum undir grípandi slagorðum. „Framsókn – fyrir okkur öll,“ sagði Sigmundur Davíð og lofaði meðal annars nýrri stjórnarskrá. „Valið er skýrt,“ sögðu Bjarni og Þorgerður Katrín og spurðu hverjum væri best treystandi til að byggja upp atvinnulífið og berjast gegn atvinnuleysi um leið og þau kváðust vilja skapa tuttugu þúsund störf á kjörtímabilinu. Öll eru þau í stjórnarandstöðu og því ekki í góðri stöðu til að efna loforðin.

### Rödd á nýjum stað

„Þessi rödd verður að heyrast áfram,“ sögðu Frjálslyndir undir mynd af Guðjóni Arnari. Hann datt af þingi en hefur líklega aldrei haft jafn mikil pólitísk áhrif og þegar hann var fenginn til ráðgjafarstarfa í sjávarútvegsráðuneytið.

### Norræn velferðarbrú

Samfylkingin og VG eru hins vegar í ríkisstjórn. „Kjósum norrænt velferðarsamfélag,“ sögðu Steingrímur og Katrín. Kunnugir segja fátt benda til slíks samfélags, utan jú hvað skattþrepin eru nú eru orðin þrjú. „Velferðarbrú fyrir heimilin,“ sagði svo Jóhanna og bætti við: „Velferðarbrú fyrir skuldsettar fjölskyldur er eitt mikilvægasta verkefni Samfylkingarinnar í ríkisstjórn. Brúin er samsett úr mörgum markvissum aðgerðum sem efla stöðu heimilanna og tryggja að þau sem komast í vanda fái aðstoð eftir þörfum. Þannig nýtum við takmarkaða fjármuni þjóðarinnar best.“ Hefur einhver orðið var við þessa brú?

bjorn@frettabladid.is

# Týndi áratugurinn

Útreikningar talnaglöggra hagfræðinga sýna að eftir bankahrunið hafi efnahagur Íslands færst aftur um áratug eða svo. Í efnahagslegu tilliti höfum við semsé glatað heilum áratug. Og meiru til raunar því nú skuldum við svo miklu meira en áður. Við lok fyrsta áratugar nýrrar þúsaldar, eftir kerfishrunið sem varð í fyrrahaust, getur því verið sársaukafullt að horfa í baksýnisspegilinn. Fyrir vegferðina fram á við er það hins vegar nauðsynlegt.

Í upphafi aldarinnar virtust okkur Íslendingum allir vegir færir. Við fórum létt með að hrista af okkur eftirhreytur netbólunnar sem sprakk eins og hver önnur sápukúla og hófum að klífa upp á efstu tinda í alþjóðavæddum fyrirtækjarekstri. Með aðstoð nánast ókeypis lánsfjár gleyptu nýeinkavæddir bankarnir hvert alþjóðlega stórfyrirtækið á fætur öðru og kornungir útrásardrengir vopnaðir nýslegnu viðskiptafræðiprófi og gloppóttri barnaskólaensku settust í stjórnir rótgróinna erlendra félaga. Talað var um nýtt hagkerfi þar sem lögmál þess gamla giltu ekki lengur. Hver skuldsetta yfirtakan á fætur annarri var klöppuð upp sem viðskipti ársins: Magasin du Nord, Illum, Nyhedsavisen, Debenhams, House of Frasier, Heritable bank, FIH-Erhvervsbank, Singer&Friedlander. Flest okkar hrifust með. Að beiðni djarfhuga viðskiptamanna nútímans afnámu stjórnvöld svo gamaldags reglur og glansblöðin bjuggu til stjörnur úr skuldakóngunum.

Árið 2006 lagði Viðskiptaráð til að Ísland hætti að bera sig saman við Norðurlöndin „enda stöndum við þeim framar á flestum sviðum“. Í ímyndarskýrslu forsætisráðuneytisins frá því í mars 2008 var fjallað um sérstaka eðliseiginleika „sem aðgreinir Íslendinga frá öðrum þjóðum“ og gerðu þeim kleift að skara frammúr á alþjóðavettvangi: „Mikilvægt er að tryggja að Ísland verði áfram „best í heimi“,“ sögðu skýrsluhöfundar í feitletraðri samantekt.

EIRÍKUR BERGMANN

**Í DAG** | Áratugur öfganna

*Nú vorum við ekki lengur að sigra heiminn heldur allt í einu orðin fórnarlamb vondra útlendinga sem áttu að hafa setið á svikráðum við þessa saklausu smáþjóð í norðri.*

### Náttúruval á sögueyjunni

Máttarstólpar samfélagsins klöppuðu flestallir sama stein. Í ræðu í London árið 2005 leitaðist sjálfur forsetinn við að skýra út fyrir útlendingum eðlislæg sérkenni íslensku útrásarvíkinganna sem vegna einstaks náttúruvals á sögueyjunni myndu nánast óhjákvæmilega sigra heiminn. Við blasir kenning um að á Íslandi hafi orðið til algjörlega sérstök þjóð með einstaka eðlislæga hæfileika sem hafi alla burði til forystu í heiminum. En að hún hafi lengst af verið takmörkuð af einangrun sinni og fámenni. Svo þegar hömlurnar hurfu með aukinni hnattvæðingu og opnun fjármálamarkaða hafi þjóðin sprungið út og blómstrað. Hér var semsé komin fram einhvers konar eðlislæg skýring á risi íslenska efnahagsundursins og því haldið fram í fúlustu alvöru að sökum náttúruvals yrðu Íslendingar í forystu í alþjóðlegum fyrirtækjarekstri. Í ræðu í Los Angeles árið 2000 gekk forsetinn jafnvel svo langt að bjóða Bandaríkjamönnum að taka þátt í þessari nánast óumflýjanlegu vegferð Íslendinga, annars myndu þeir sitja eftir með sárt ennið við upphaf nýrrar þúsaldar.

Mér er að vísu til efs að allur almenningur hafi endilega gengið með þessar grillur í kollinum en rannsóknir sýna að þegar kemur að umræðu um tengslin við önnur lönd hafa íslenskir stjórnmálamenn einhverra hluta vegna hamrað á hugmyndinni um óvéfengjanlega sérstöðu íslensku þjóðarinnar.

### Sitt hvor hlið á sama pening

Þegar skýjaborg útrásarhagkerfisins hrundi svo yfir okkur í fyrrahaust kom smám saman fram önnur hugmynd meðal sumra afla í samfélaginu. Nú vorum við ekki lengur að sigra heiminn heldur allt í einu orðin fórnarlamb vondra útlendinga sem áttu að hafa setið á svikráðum við þessa saklausu smáþjóð í norðri. Þegar að er gáð hefur þó kannski ekki orðið jafn mikill viðsnúningur og ætla mætti. Hugmyndin um umsátrið er nefnilega af nokkurn veginn sama meiði og hugmyndin um yfirburðaþjóðina. Sitt hvor hliðin á sama pening. Myndin hafði einfaldlega snúist við.

En nú er áratugur öfganna vonandi á enda runninn. Við erum hvorki nein sérstök yfirburðaþjóð né saklaust fórnarlamb utanaðkomandi umsáturs. Á Íslandi býr hins vegar vel menntuð þjóð í gjöfulu landi sem hefur alla burði til að búa þegnum sínum góð lífskjör. Verkefnið fram undan hlýtur því að vera að vinsa úr hvað í þessum hugmyndum og allri þeirri umræðu sem fram hefur farið um sérstöðu íslensku þjóðarinnar er nýtilegt til uppbyggingar í samfélaginu og hvað er bókstaflega stórhættulegt.

# Að setja fólk í kassa og engan eins

**UMRÆÐAN**

Guðjón Sigurðsson skrifar um samfélagsmál

GUÐJÓN SIGURÐSSON

Þó lífið sé flókið og einfalt í senn, hefur hagsmunasamtökum, stjórnvöldum og ekki síst embættismönnum tekist að flækja líf fólks sem þarf aðstoð óendanlega. Ef maður þarf aðstoð þá er byrjað á að finna „kassa“ sem hægt er að setja þig í.

Ert þú: barn, fullorðinn, eldri borgari, andlega veikur, líkamlega veikur, langveikur, „stutt“ veikur, með krabbamein, með MND, með SMA og svo má lengi telja. Ekki má svo gleyma aðal kassanum „hvar á landinu býr viðkomandi“. Til að kóróna ruglið þá verður barnið fullorðið og sá fullorðni eldri borgari sem þýðir að finna verður nýjan kassa til að setja þau í.

Fram að þessu þá hafa úrræðin verið stofnanatengd, valdsviptandi, ósanngjörn, rándýr og um leið mannréttindabrot á viðkomandi einstaklingi og nánustu ættingjum og vinum.

Lausnin er ákaflega einföld, hagkvæm og tryggir mannréttindi allra borgara landsins. Látum notandann stýra sinni aðstoð og þá gildir einu hvort viðkomandi býr í Hafnarfirði eða á Raufarhöfn. Fjármagnið fylgi einstaklingnum. Ég er Íslendingur og þarf ákveðna aðstoð og mér er flatt sama um í hvaða kassa aðrir vilja setja mig.

Ósk mín fyrir árið 2010 er að við berum gæfu til að gera Ísland að fyrirmynd annarra þjóða í velferðarmálum.

*Höfundur er formaður MND félagsins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# OSTRUR

## GLÆNÝJAR, BEINT FRÁ HOLLANDI.

**Skötuselur** beinlaus og roðlaus
**2.890** kr.kg.
~~(áður 3.990)~~

**Stór Humar** (stærð 7-12)
**3.990** kr./kg
(ef þú færð sömu stærð af humri ódýrari annarsstaðar þá endurgreiðum við þér mismuninn)

**Túnfiskur**
-túnfisk steikur-
Hrikalega góðar!!!

**Glæný Laxaflök**
**Beinlaus og flott.**

**Glæný Smálúðuflök,**
**Risarækjur og**
**Risahörpuskel**
**Hrogn og Lifur**

**Saltfiskhnakkar**

**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755**

# ÁRAMÓTAS

# síðasti dagur!

## Sýningareintök og B-vörur

*(sem eru útlitsgallaðar vörur og skilavara)*

## seldar með miklum afslætti

*Nú er sko hægt að gera góð kaup!*

**Full ábyrgð á öllum vörum**

**Allt að 50% afsláttur**

# SPRENGJA

# DVD BOMBA

## AÐEINS LÍTIÐ BROT AF ÚRVALINU

1.495

Monsters VS Aliens

1.495

I Love You Man

DVD




1.495

Star Trek XI

1.495

Transformers 2
Revenge Of The Fall

1.495

The Uninvited




1.495

Beverly Hills
Chihuahua

1.495

Bedtime Stories




1.495

Boy In the Striped
Pajamas

1.495

Revolutionary Road



1.495

Friday 13th

1.495

Watchmen



1.495

Curious Case Of
Benjamin Butto

1.495

Gran Torrino

1.495

Observe And
Report

1.495

Bolt

1.495

Bruno

1.495

Management

995

Yes Man

995

Jonas Brothers
Concert

995

High School
Musical 3

995

Tales Of The Black
Freighter

995

Knowing

995

Doubt

495

Never back down

495

Good

**Opið í dag 30. desember 11-19**
**Lokað á gamlársdag og nýársdag**
**Opnum aftur 2. janúar kl. 11.00**

495

VERÐ FRÁ

HAGKAUP

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115

# Samstaða gegn loftslagsvánni

**UMRÆÐAN**
Svandís Svavarsdóttir skrifar um loftslagsmál

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Niðurstaða loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn fyrr í mánuðinum hefði mátt vera afdráttarlausari, en þó voru stigin mikilvæg skref í átt til lausnar og eitt gerðist þar sem engan hefði órað fyrir. Í Kaupmannahöfn náðu fulltrúar smárra ríkja að stilla saman strengi sína og setja fram kröfur sem stærstu ríki heims gátu ekki komist hjá að heyra. Fátækustu ríki heims – sem jafnframt eru þau sem einna verst verða úti ef gróðurhúsalofttegundum verður hleypt óheft út í andrúmsloftið – náðu eyrum ríkari þjóða.

Þetta er mikilvægur áfangi í samningaferli sem allar þjóðir vinna nú að um leiðir til þess að heimurinn geti sameinast um lausn á loftslagsvandanum og nokkuð sem mér þótti afar ánægjulegt að verða vitni að. Ég er stolt af því að vera umhverfisráðherra í landi sem hefur einsett sér að standa þétt að baki þeirra þjóða sem fátækastar eru og minnst völd hafa í heiminum – og tel að Íslendingar megi vera ánægðir með þá skýru og jákvæðu afstöðu sem stjórnvöld hafa tekið í loftslagsmálum.

**Mega Maldíveyjar missa sín?**

Eina rödd bar hæst á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn, rödd forseta smáríkis sem á ekkert í vændum annað en algjöra eyðileggingu ef ríki heims aðhafast ekkert. Þetta var Mohamed Nasheed, forseti Maldíveyja, sem þekkir af eigin raun hversu grafalvarlegt mál loftslagsbreytingar eru. Hann stendur frammi fyrir því að landið sem hann er í forsvari fyrir geti horfið – hverfi bókstaflega út af landakortum í nánustu framtíð. Eyjarnar ná að meðaltali aðeins einn og hálfan metra yfir sjávarborð – og „hátindur“ þeirra teygir sig rétt röska 2 metra yfir sjó – þannig að lítið má út af bera til að hafið gleypi þær.

Það er Íslendingum umhugsunarefni ef heimurinn hunsar hjálparbeiðni Maldíveyinga. Þótt langt sé á milli þjóðanna er sitthvað sem tengir þær. Þótt miklu muni á auðlegð Íslands og Maldíveyja byggir efnahagur ríkjanna á sömu meginstoðum. Öldum saman hafa íbúar Maldíveyja sótt allt sitt í hafið, en á undanförnum áratugum hefur ferðaþjónusta vaxið stórum skrefum. Þá eru þjóðirnar nánast jafnstórar. Á Maldíveyjum búa nærri 400 þúsund manns og þar af rúm 100 þúsund í höfuðborginni Malé.

Ef heimurinn skellir skollaeyrum við

*Í fyrsta sinn í sögunni komu ríki eins og Bandaríkin og Kína að umræðunni og viðurkenndu skyldu sína til að bregðast við með ábyrgum hætti.*

bón Maldíveyja, hvaða skilaboð sendir það þá öðrum smáríkjum?

**Litla gula hænan í loftslagsmálum**

Undanfarin ár hefur hópur ríkja vaknað upp við þann veruleika að loftslagsbreytingar muni ekki bara hafa óþægindi í för með sér, heldur stafi tilvist þeirra raunveruleg ógn af völdum hækkandi sjávarborðs, breytinga á veðurkerfum og öðrum afleiðingum loftslagsbreytinga. Þessar þjóðir hafa farið um heiminn eins og litla gula hænan og leitað aðstoðar til að stöðva þessa þróun og afstýra stórslysi. „Ekki ég“ hefur viðkvæðið lengst af verið hjá ríkari löndum – ríkjum sem ekki búast við að finna afleiðingar loftslagsbreytinga á eigin skinni.

Eins og fram kemur í lok sögunnar gat litla gula hænan sest niður og notið afraksturs erfiðis síns – borðað brauðið sem hún bakaði. Íbúar Maldíveyja og annarra ríkja í sömu stöðu búa ekki við þann munað. Ef þjóðir heimsins standa ekki með þeim í baráttunni við loftslagsvána, þá verður ekkert brauð bakað, þá verður hvergi hægt að setjast. Eyjarnar munu hverfa í sæ ef sjávarborð hækkar. Heimili heilu þjóðanna munu hverfa. Við getum ekki skellt skollaeyrum við beiðni Maldíveyinga um aðstoð og sagt „ekki ég“.

Niðurstaða loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn gefur okkur von um að „ekki ég“ sé á undanhaldi þegar þjóðarleiðtogar ræða loftslagsmál. Í Kaupmannahöfn var samhljómur meðal allra viðstaddra um að loftslagsváin væri staðreynd, aðgerða væri þörf og að allir þyrftu að leggja sitt af mörkum til að snúa við þeirri þróun sem orðið hefur í loftslagsmálum. Í fyrsta sinn í sögunni komu ríki eins og Bandaríkin og Kína að umræðunni og viðurkenndu skyldu sína til að bregðast við með ábyrgum hætti. Ágreiningurinn snerist því ekki um hvort þyrfti að bregðast við, heldur um hver viðbrögðin ættu að vera og hve skjótt þyrfti að hrinda þeim í framkvæmd. Um það megum við ekki deila of lengi, því tíminn er á þrotum.

Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn markaði ekki þau þáttaskil sem hún hefði þurft að gera en þar voru þó stigin mikilvæg skref í rétta átt. Ísland ætlar að leggja sitt af mörkum í samfélagi þjóðanna til þess að þessi skil verði mörkuð á nýju ári.

*Höfundur er umhverfisráðherra.*

# Ræktun fólks og foldar

**UMRÆÐAN**
Helgi Gunnarsson frá Ytri-Ásum skrifar um bækur

Um jólin las ég fróðlega bók um sæmdarhjónin Runólf Sveinsson og Valgerði Halldórsdóttur. Bókin sem heitir „Ræktun fólks og foldar“ er jafnframt góð heimild um þróun landgræðslu og landbúnaðar á Íslandi á öldinni sem leið. Höfundur bókarinnar er Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðingur og útgefandi Skrudda ehf. Í upphafi bókar kemur fram að synir þeirra hjóna beittu sér fyrir útgáfunni foreldrum sínum til heiðurs og tekst það með ágætum.

Í bókinni er einnig sagt frá drengskaparbragði afa þeirra Sveins Sveinssonar í Ásum þegar hann sótti Guðrúnu Sigurðardóttur, ekkju frænda síns, að Svínafelli í Öræfum ásamt fjórum börnum hennar. Tvö yngstu börnin fengu að fylgja móður sinni að Ásum en þau voru Þorgerður Þorgilsdóttir og ónefndur drengur eins og sagt er í bókinni. Drengur þessi var þó ekki ónefndur á þeim tíma. Hann hét Gunnar Kristinn Þorgilsson og varð síðar bóndi í Ytri-Ásum til dauðadags árið 1957. Afkomendur Guðrúnar Sigurðardóttur eru ævinlega þakklátir þeim hjónum Sveini Sveinssyni og Jóhönnu Margréti Sigurðardóttur í Ásum fyrir það hve vel þau reyndust ekkjunni og börnum hennar.

Kærar þakkir fyrir vandaða og fróðlega bók.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 30. desember 2009 – 29. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 VÍSIR

EFNISYFIRLIT


## Áhrifafólk viðskiptalífsins gerir upp árið

síður 14 til 18

## Bestu og verstu viðskipti ársins

sjá síður 2 og 4

## Innlendur fréttaannáll

síða 10

## Erlendur fréttaannáll

síða 12

## Danir kíkja í kristalskúluna

síða 20

HILMAR V. PÉTURSSON OG JÓN SIGURÐSSON:

# MENN VIÐSKIPTALÍFSINS 2009

**LINDBERG KID/TEEN**

**margverðlaunaðar barnaumgjarðir sem farið hafa sigurför um heiminn**

**– vega aðeins 2,3 grömm eða 0,01% af meðalþunga 6 ára barns**

**3ja ára ábyrgð!**

*Gleðilegt ár og þökkum viðskiptin á árinu!*

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# Skráning Össurar í Kaupmannahöfn *viðskipti ársins*

**Mörg viðskipti komust á blað yfir þau bestu á árinu. Ein stóðu þó upp úr. Valið var sérstaklega erfitt og skiptist dómnefnd Markaðarins í tvö horn. Nokkrir dómnefndarmanna sögðu mörg lítil viðskipti hafa staðið upp úr, aðrir voru á neikvæðari nótum og sögðu engin eiga það skilið að teljast góð. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skoðaði valið.**

Níu viðskipti komust á blað sem viðskipti ársins, að mati dómnefndar Markaðarins. Dómnefndin viðurkenndi að valið væri erfitt. Sumir sögðu mörg viðskipti hafa verið góð, aðrir að engin gætu fallið í þann flokk.

**1. SÆTI**

Skráning hlutabréfa Össurar í kauphöllina í Kaupmannahöfn í Danmörku í byrjun september fékk flest stig dómnefndar þetta árið. „Með því tókst fyrirtækinu að nýta sér styrk kjölfestufjárfestis til að tryggja framtíðarfjármögnun fyrirtækisins," sagði einn dómnefndarmanna í rökstuðningi sínum fyrir valinu. Aðrir bentu á frábært uppgjör Össurar við erfiðar aðstæður auk þess að gengi hlutabréfa fyrirtækisins hafi hækkað mikið upp á síðkastið.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, segir skráninguna afleiðingu af hruninu hér í fyrra. „Þegar gjaldeyrishöftin voru sett á í nóvember gátu erlendir hluthafar okkar ekki hugsað sér að vera með verðmæti föst hér á landi. Þótt hluthafarnir erlendu væru mjög ánægðir með félagið sjálft urðu þeir afar óhressir með staðsetningu þess. Við ákváðum því að skrá félagið á þeim stað sem erlendir hluthafar treysta best," segir Jón og bætir við að Danmörk hafi verið rökrétt skref. Stærsti hluthafahópurinn sé þaðan, svo sem lífeyrissjóðurinn ADP. Þá sé þar í landi skráður góður hópur af fyrirtækjum á heilbrigðissviði.

Skráning fyrirtækisins ytra fékk talsverða umfjöllun í dönskum fjölmiðlum. Jón segir þrátt fyrir þetta erfitt að vera Íslendingur ytra. „Það er í raun ekki jákvætt fyrir fyrirtækið að ég skuli vera Íslendingur," segir hann en bætir við að þetta sé skammtímaástand sem muni líða hjá. „Við munum vinna okkur traust, en það tekur tíma."

Talsverð eftirspurn varð eftir hlutabréfunum og þurrkuðu lífeyrissjóðir og aðrir fagfjárfestar þau hlutabréf sem í boði voru. Þetta skilaði sér í lítilli hreyfingu með bréfin þar eð fjárfestar voru tregir til að selja nema fyrir hærra verð en markaðurinn bauð upp á.

Ný hlutabréf Össurar voru gefin út ytra í nóvember í því skyni að auka flotið en við það komst hreyfing á veltuna. Aukningin jafngilti því að hlutafé fyrirtækisins var aukið um tæp sjö prósent. Jón segir verðmyndun hlutabréfanna mun betri í dag en áður.

Fjögur fyrirtæki greina Össur nú ytra. Þar á meðal er sænski bankinn SEB Enskilda, sem sá um skráningu fyrirtækisins í Kaupmannahöfn.

Í nýlegu og verulega uppfærðu verðmati Enskilda á stoðtækjafyrirtækinu segir að uppgjör Össurar á þriðja ársfjórðungi hafi verið talsvert yfir væntingum þrátt fyrir vandræðagang í Bandaríkjunum. Félagið eigi mikið inni enda vonir bundnar við rafeindastýrðar vörur Össurar með gervigreind auk þess sem vænta megi betri sölu í öðrum vöruflokkum í nánustu framtíð. Á meðal varanna sem áætlað er að komi á markað á nýju ári er nýjasta kynslóð rafdrifinna Powerhnjáa.

Valdimar Halldórsson, sérfræðingur hjá IFS Greiningu, sagði í samtali við Fréttablaðið á dögunum, mikla eftirspurn eftir bréfunum ekki koma sér á óvart enda rekstur Össurar sterkur og sjóðstreymið frábært. Skiljanlega vilji því þeir fjárfestar sem keyptu bréf fyrirtækisins á genginu fimm danskar krónur á hlut ekki selja þau í bili. Hæst fóru þau ytra í 6,15 danskar krónur á hlut, eða sem nemur 150 íslenskum krónum. Verðmat Enskilda hljóðar hins vegar upp á 8,2 krónur á hlut, eða 200 íslenskar krónur.

**JÓN MEÐ VÖRURNAR** Talsverður áhugi varð á stoðtækjafyrirtækinu Össuri á Norðurlöndunum um það leyti sem hlutabréf þess voru skráð á markað í Kaupmannahöfn. MARKAÐURINN/GVA

## Áratugur á markaði

Um miðjan október var áratugur síðan hlutabréf Össurar voru skráð á markað hér, sem þá nefndist Verðbréfaþing Íslands.

Össur Kristinsson stofnaði stoðtækjafyrirtækið árið 1971, ári eftir að hann sneri heim úr námi í stoðtækjafræðum í Stokkhólmi í Svíþjóð, sem þá var Mekka þeirra fræða á heimsvísu.

Nokkru eftir stofnun fyrirtækisins hóf Össur að þróa silíkonhulsu sem klædd var upp á stúf þeirra sem misst höfðu útlim og gervifótur festur við. Eftir að hafa veðsett hús fjölskyldu sinnar og foreldra tryggði hann sér loks einkaleyfi fyrir hulsuna árið 1986. Þá tóku hjólin að snúast af krafti og átti fyrirtækið í erfiðleikum með að anna eftirspurn.

Þremur árum síðar steig Össur úr forstjórastólnum og er nú nokkuð um liðið frá því að hann hafði afskipti af fyrirtækinu.

Jón Sigurðsson hafði setið við stýrið í þrjú ár þegar stoðtækjafyrirtækið var skráð á markað. Starfsmenn þá voru í kringum fimmtíu. Þeir eru nú á annað þúsund og áætlar forstjórinn að fyrirtækið sé nú 22-sinnum stærra en þegar hlutabréf þess voru fyrst tekin til viðskipta fyrir áratug.

Stór hluti starfsemi fyrirtækisins í dag er í Bandaríkjunum og flytur Jón Sigurðsson þangað fljótlega. Óráðið er hversu dvölin ytra verður löng en hann reiknar með að hún verði endurskoðuð á um hálfsárs fresti.

Hvaða lausnir henta þinni starfsemi?

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum VALITOR um hvaða lausnir henta þér best.

Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi og skjóta þjónustu.

*VISA og Mastercard færsluhirðing!*

Hafðu samband í síma 525 2080 og kynntu þér málið

VALITOR –Traustur íslenskur þjónustuaðili

FYRIRTÆKJALAUSNIR VALITOR • Laugavegi 77 • 101 Reykjavík • fyrirt@valitor.is • www.valitor.is

# Höfuðstólslækkun á erlendum lánum fyrirtækja



## Íslandsbanki kynnir úrræði fyrir atvinnulífið

Starfsfólk Íslandsbanka hefur undanfarið ár unnið að lausnum fyrir viðskiptavini bankans, bæði einstaklinga og fyrirtæki. Úrlausnir fyrir einstaklinga voru kynntar fyrr á árinu en á nýju ári munum við kynna fyrirtækjum lausnir sem meðal annars fela í sér lækkun höfuðstóls erlendra lána. Þessum lausnum er ætlað að draga úr gengisáhættu og stuðla að traustari rekstrargrundvelli fyrirtækja.

**Hvernig virkar höfuðstólslækkunin?**
Höfuðstóll erlendra lána er lækkaður miðað við ákveðið gengi. Um leið er láninu breytt í íslenskar krónur.

**Hve mikil er lækkunin?**
Miðað við skráð gengi hjá Íslandsbanka þann 15. desember 2009 verður lækkunin um 25% að meðaltali.

**Geta öll fyrirtæki nýtt sér höfuðstólslækkun?**
Höfuðstólslækkun verður einungis í boði fyrir þau fyrirtæki sem eru með tekjur í íslenskum krónum og tóku erlend lán fyrir 15. október 2008. Lánin þurfa að vera í skilum.

**Hvernig lán falla undir þetta úrræði?**
Erlend lán fyrirtækja, þar með talin lán hjá Íslandsbanka fjármögnun vegna kaupa á bifreiðum, atvinnutækjum og atvinnuhúsnæði.

**Hvenær verður þessi lausn í boði?**
Fyrirtæki munu geta sótt um höfuðstólslækkun á fyrsta ársfjórðungi 2010.

**Íslandsbanki mun kynna nánari tímasetningar á nýju ári.**

## Í hnotskurn

- Fyrir fyrirtæki með erlend lán og tekjur í íslenskum krónum
- Að meðaltali 25% lækkun höfuðstóls erlendra lána
- Styrkir rekstrargrundvöll fyrirtækja og dregur úr gengisáhættu

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

HVÍTA HÚSI / SÍA 09-2298

Íslandsbanki

**HÚSAKYNNI MOGGANS** Kaup fjárfestanna sem keyptu Árvakur frá Glitni snemma á árinu eru talin verstu viðskipti ársins. MARKAÐURINN/GVA

# Kaup á Árvakri verstu viðskipti ársins

Einungis fern viðskipti féllu í flokk með verstu viðskiptum ársins. Engir tveir þátttakendur í könnun Markaðarins völdu sömu viðskiptin utan ein, sem allir nema einn nefndu.

Það voru kaup fjárfestahópsins Þórsmerkur á Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, undir lok febrúar sem teljast verstu viðskipti ársins, að mati dómnefndar Markaðarins.

Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi formaður bankaráðs Landsbankans og stærsti hluthafi bankans, var helsti hluthafi Árvakurs. Eftir fall bankans í október í fyrra var Nýi Glitnir, helsti lánardrottinn Morgunblaðsins, með örlög þess í höndum sér.

Í byrjun árs ákvað bankinn að setja útgáfufélagið í opið söluferli. Búist var við að kaupendur þyrftu að reiða fram hálfan milljarð króna ásamt því að taka yfir um 4,6 milljarða króna lán sem var arfleifð fyrri eigenda.

En fjárfestar voru tregir til að opna veskið. Á endanum átti fjárfestahópur undir forystu Óskars Magnússonar, fyrrverandi forstjóra Tryggingamiðstöðvarinnar, besta tilboðið. Innan hópsins er Guðbjörg Matthíasdóttir, eigandi Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, sem var stærsti hluthafi Tryggingamiðstöðvarinnar í stjórnartíð Óskars. Aðrir voru Gunnar B. Dungal, stundum kenndur við Pennann, Þorgeir Baldursson hjá Odda, Pétur H. Pálsson, framkvæmdastjóri fiskverkunarinnar Vísis í Grindavík, og Þorsteinn Már Baldvinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Glitnis og forstjóri Samherja. Athafnamaðurinn Bolli Bollason, kenndur við tískuvöruverslunina Sautján, bættist síðar í hópinn.

Kaupverð hefur aldrei verið gefið upp að öðru leyti en því að það var tvö hundruð milljónum hærra en boð ástralska auðmannsins Steves Cosser. Íslandsbanki og Landsbankinn afskrifuðu tæpa þrjá milljarða króna vegna viðskiptanna. „Þetta var endaleysis verð," skrifaði einn í dómnefnd Markaðarins. Aðrir bentu á mikinn taprekstur í gegnum tíðina og lítil von væri að sneri til betri vegar.

## Önnur vond viðskipti

Dómnefnd Markaðarins nefndi einungis fern önnur vond viðskipti á árinu. Hér eru þau í engri sérstakri röð:

- *Ríkisvæðing fyrirtækja og hæg sala til markaðarins á ný. Yfirtaka bankanna á fyrirtækjum er skaðleg þjóðarbúskapnum.*
- *Kaup félaga tengdra Karli og Steingrími Wernerssonum og Engeyingunum Benedikt og Einari Sveinssonum á turni í Makaó.*
- *Steingrímur J. Sigfússon og Icesave-samningurinn.*
- *Aðkoma ríkisins að Teymi með niðurskrift skulda upp á 30,8 milljarða króna.*

# Margir komust á blað

Aðkoma erlendra fjárfesta hér og og alþjóðlegar tengingar Frónbúa við umheiminn voru dómnefnd Markaðarins ofarlega í huga að þessu sinni í vali á viðskiptum ársins. Það er enda skiljanlegt í skugga strangra gjaldeyrishafta sem reist hafa mörlandanum múr og lokað inni með íslenskar krónur í vasanum.

Þeir eru eftirfarandi í stafrófsröð:

### MAREL OG NÝIR HLUTHAFAR

Kaup bandaríska fjárfestasjóðsins Columbia Wanger Asset Management, dótturfélags Bank of America, á rúmum fimm prósenta hlut í Marel í september komust á blað sem viðskipti ársins. Kaupin voru á genginu 59 krónur á hlut, jafnvirði 1,9 milljarða króna, sem verður að teljast hagstætt fyrir báða aðila. Gefin voru út ný hlutabréf í Marel í tengslum við viðskiptin auk þess sem Horn, fjárfestingafélag Landsbankans, seldi úr eignasafni sínu.

Við kaupin jókst hlutur erlendra aðila í Marel úr ellefu prósentum í sextán. Til samanburðar áttu erlendir aðilar ekkert í Marel í byrjun árs 2006.

Þá komst hlutafjáraukning Marel í lok nóvember á blað en í henni skiptu íslenskir lífeyrissjóðir og innlendir fagfjárfestar stórum hluta af tveimur skuldabréfaflokkum félagsins í hlutafé upp á sjö milljarða króna.

### MAGMA ENERGY OG HS ORKA

Kaup kanadíska félagsins Magma Energy á HS Orku á Reykjanesi undir lok árs fékk stig hjá dómnefndinni. Félagið eignaðist 41 prósents hlut í HS Orku með kaupum á hlut Geysis Green Energy, Orkuveitu Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Sandgerðis fyrir samtals fimmtán milljarða króna. Magma Energy greiðir 6,2 milljarða út en afgangsinn á þremur árum. „Félagið fékk frábæra fjármögnun frá seljendum og verðið virðist mjög sanngjarnt," sagði einn dómnefndarmanna.

**TÆKIN SKOÐUÐ** Hlutafjárútboð Marel og aðkoma erlendra fjárfesta er á meðal bestu viðskipta ársins að mati dómnefndar Markaðarins. MARKAÐURINN/GVA

## Önnur viðskipti

- *Kaup á ríkistryggðum skuldabréfum – ávöxtunin hefur verið í kringum tuttugu prósent.*
- *Ragnar Bragason leikstjóri – hefur gert samninga fyrir hönd Jóns Gnarr og Péturs Jóhanns Sigfússonar á erlendri grundu*

### SALA LS RETAIL TIL MICROSOFT

Kaup bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft á hugbúnaðarlausninni LS Retail AX frá LS Retail í september komst á blað sem ein af stærstu viðskiptum ársins.

Hugbúnaðurinn er notaður í verslunarkerfum sem nefnast Dynamics AX og notað í um 140 löndum. Kaupverð hefur aldrei verið gefið upp að öðru leyti en því að þetta hafi verið einhver stærsta sala á hugbúnaði í Íslandssögunni. Greint var frá því í fjölmiðlum eftir viðskiptin að þegar mest var hafi um tvö hundruð manns komið að því að ljúka sölunni.



**FRÁ REYKJANESI** Magma Energy er sagt hafa fengið gott verð fyrir fjörutíu prósenta hlut í HS Orku. MARKAÐURINN/VALLI

### VOGUNARSJÓÐIR

Kaup ýmissa vogunarsjóða á skuldabréfum gömlu bankanna eiga fyllilega rétt á sér sem bestu viðskipti ársins. Vogunarsjóðirnir keyptu skuldabréf Glitnis, Kaupþings og Landsbankans á útsöluverði nokkru eftir hrun bankanna í fyrrahaust. „Þeir sem keyptu í upphafi árs hafa grætt mikið," sagði einn um viðskipti sjóðanna.

Dæmi eru um að skuldabréf Landsbankans hafi selst með 99,9 prósenta afslætt en hinna bankanna með um 98 prósenta afslætti. Afsláttur þá jafngilti því að eigendur skuldabréfanna byggjust við að fá um tvö prósent krafna upp í skuldir úr þrotabúi bankanna. Heimtur hafa reynst talsvert betri en gert er ráð fyrir að kröfuhafar Kaupþings fái 23 prósent til baka, Glitnis 21 prósent og Landsbankans 4,5 prósent.

Þetta jafngildir því að þeir sem keyptu kröfur Landsbankans hafi hagnast um 4.400 prósent en hinna bankanna beggja í kringum eitt þúsund prósent.

Viðskiptablaðið greindi frá því fyrir skömmu að veltan með skuldabréf bankanna undanfarið ár hafi verið á bilinu tólf til fjórtán milljarðar evra, jafnvirði 2.200 milljarða króna.

Með samningi kröfuhafa frá í haust eignast þeir nú hlut, mismikinn þó, í nýju bönkunum. Kröfuhafar Glitnis eignast 95 prósent í Íslandsbanka, en kröfuhafar Landsbankans nítján prósent.

*Gleðilega hátíð!*

# VERÐMÆTUR KRAFTUR

Við óskum starfsfólki okkar, nágrönnum og Íslendingum öllum gleðilegrar jólahátíðar.
Við þökkum árangursríka samvinnu á liðnum árum og hlökkum til að taka þátt í kraftmiklu samstarfi við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi á nýju ári.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

ENNEMM / SÍA / NM40084

# *Ár rekstrarmannanna* runnið upp

**Hilmar V. Pétursson, forstjóri netleikjafyrirtækisins CCP, og Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjaframleiðandans Össurar, eru menn ársins í viðskiptalífinu árið 2009 í kosningu Markaðarins. Þeir þykja hafa stýrt fyrirtækjunum vel og náð að halda stefnu þrátt fyrir hamfarir í íslensku efnahagslífi. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson ræddi við þá um rekstrarumhverfið og horfurnar.**

Þetta hefur verið ár íslenskra framleiðslufyrirtækja eftir mörg erfið undanfarin ár. Svo tók einn dómnefndarmanna til orða í rökstuðningi sínum fyrir vali á manni ársins í íslensku viðskiptalífi.

Þegar talið var upp úr kössunum að þessu sinni reyndust menn viðskiptalífsins tveir: þeir Hilmar V. Pétursson, forstjóri netfyrirtækisins CCP, sem á og rekur fjölþátttökuleikinn EVE Online, og Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, sem hlýtur titilinn í annað sinn á jafn mörgum árum.

Árið var báðum fyrirtækjum gott. CCP hagnaðist um 6,2 milljónir dala á fyrstu sex mánuðum ársins og rauf við það milljarðakróna múr sprotafyrirtækja. Fyrirtækið er með nokkra fjölþátttökuleiki í smíðum, þar á meðal byltingarkennda skotleikinn Dust 514. Þá sló CCP enn eitt metið þegar áskrifendur urðu rúmlega 320 þúsund fyrr í þessum mánuði og urðu þá þremur þúsundum fleiri en íslenska þjóðin. Þegar hefur verið fjallað um Össur og verður það ekki gert hér.

### VILJA AÐILD AÐ ESB

Þeir Jón og Hilmar, sem hlutu jafn mörg stig, voru ekki að hittast í fyrsta sinn þegar þeir settust niður með blaðamanni Markaðarins. „Við höfum oft spjallað saman um rekstur fyrirtækja hér og framtíðarhorfur," segir Jón og rifjar upp þegar þeir, ásamt forráðamönnum Marels og samheitalyfjafyrirtækisins Actavis, funduðu með ráðherrum, þingmönnum og ýmsum öðrum í stjórnsýslunni á fyrstu fjórum mánuðum ársins um leiðir út úr kreppunni með langtímasjónarmið að leiðarljósi.

„Við vildum koma sjónarmiðum okkar áleiðis. Það er þetta klassíska, aðild að Evrópusambandinu (ESB) og upptaka evru," bætir Hilmar við. Önnur mál á dagskrá voru eðli bankastarfsemi hér í framtíðinni, afnám gjaldeyrishafta og samskipti við útlönd.

Þeir segja ráðamenn hafa tekið vel í aðild Íslands að ESB á fyrri hluta árs. Eftir því sem leið á árið hafi viðhorfið snúist við.

„Við reyndum að koma þessari umræðu upp úr þeim hjólförum sem hún var í. Undirtektirnar voru ótrúlega jákvæðar og í engu hlutfalli við það sem seinna varð," segir Jón. „Nú er engu líkara en við séum að fleka fjallkonuna."

Þeir eru sammála um að rekstrarhorfur alþjóðlegra fyrirtækja sem staðsett eru hér á landi séu mjög slæmar ef ekki verði mörkuð stefna til framtíðar.

Hilmar segir í raun aldrei hafa verið mögulegt að ræða um rekstrarhorfur fyrirtækja í því sveiflukennda ástandi sem hér hafi verið um áratuga skeið. „Ég hef oft líkt uppbyggingu í atvinnustarfsemi hér við það að búa í árfarvegi. Hann er frjósamur og góður. Þar er fullt af sprotum og mikil gróska. En svo fer að rigna. Þá kemur flóð og það ryður öllum sprotunum í burtu. Þegar grynnkar aftur í ánni er aftur talað um hvað farvegurinn er góður. Svona gerist þetta á um tíu ára fresti. Það er sama hvort krónan er fasttengd, undir höftum eða handstýrð. Það hafa verið reynd ýmis kerfi með krónur en ekkert virðist virka," segir hann og leggur áherslu á nauðsyn þess að finna varanlega lausn á gjaldmiðlamálum Íslendinga. Hann bendir sömuleiðis á að myntsvæði heimsins hafi stækkað síðustu ár og orðið einfaldari. Það haldist í hendur við alþjóðavæðinguna og aukinn hraða í samskiptum og viðskiptum.

### PÉTURSKRÓNAN Á BÍLDUDAL

Hilmar bendir á að krónan hafi virkað vel í einangruðu samfélagi þar sem viðskipti við útlönd voru lítil sem engin.

Þeir Jón taka Péturskrónur sem dæmi. Sú króna var mynt sem athafna- og kaupmaðurinn Pétur Thorsteinsson á Bíldudal notaði í viðskiptum sínum við heimamenn í kringum síðustu aldamót. Þær hafi gegnt hlutverki sínu í samfélaginu sem þá var mjög einangrað. „Þetta hrundi auðvitað allt hjá honum þegar fólk gat farið yfir á Patreksfjörð," segir Jón og bendir á að sama máli gegni um íslensku krónuna. Hún sé óvirkur gjaldmiðill í alþjóðlegum viðskiptum.

„Krónan hefur nýst okkur jafn vel og svarthvíta sjónvarpið á sínum tíma. Það var gott en nú er bara komið litasjónvarp. Við getum haldið áfram og talað um hvað árfarvegurinn er frjór og góður og vonað að það fari ekki að rigna. Eða við gerum það sama og aðrar þjóðir í kringum okkur hafa komist að og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi."

### EINKENNILEG ANDSTAÐA

Þeir Jón og Hilmar furða sig á þeirri andstöðu sem orðin er gegn aðild Íslands að ESB. Framtíðarleið sem þeir telja farsæla til frambúðar. „Það er partur af samfélaginu sem virðist hafa stóra hagsmuni af því að beita sér gegn ESB og beitir öllum klækjum til að mála það sem vond útlendingasamtök sem vilji koma höndum yfir allt sem hér er. Það stenst enga skoðun," segir Hilmar og bendir á að þótt andstaðan kunni að þjóna sérhagsmunum þá gangi viðhorfið ekki upp. Íslensk fyrirtæki verði að tryggja sér fjármögnun sem mestu leyti sé erlend. Það komi sér afar illa þegar gengi krónunnar sveiflist til og frá sem lauf í vindi.

Einu rökin fyrir krónunni telur hann vera þau hversu öflugt stjórntæki hún hafi reynst í gegnum tíðina. „Hún hefur verið tæki fyrir stjórnvöld til að stýra kaupmætti almennings án þess að hann upplifi það. En þetta er ekki svona lengur," segir hann og bendir á að almenningur sé að gera sér grein fyrir þessu. Skýrasta dæmið sé verð á appelsínusafa sem í erlendri mynt hefur lítið sem ekkert breyst milli ára. Öðru máli gegni um verð á appelsínusafa hér, sem sveiflist út um allar trissur.

**MENN VIÐSKIPTALÍFSINS Í ÁR** Þeir Hilmar V. Pétursson og Jón Sigurðsson segja tafir á endurreisn efnahagslífsins sjálfskapaðan vanda. Stjórnmálamenn verði að læra að snúa bökum saman. Markaðurinn/Anton

### HÆTTIR AÐ HUGSA Í KRÓNUM

Eftirtektarvert er að menn viðskiptalífsins að mati dómnefndar Markaðarins hugsa ekki í krónum. „Við hættum að nota krónur árið 2002 og hugsum alfarið í erlendri mynt," bendir Jón á en fyrirtækið gerir upp í Bandaríkjadölum. Sömu sögu er að segja af CCP, sem lagði krónuna niður sem starfsrækslumynt árið 2006 og hefur greitt starfsfólki laun í evrum frá því snemma á þessu ári. Starfsfólk Össurar fær laun sín enn greidd í krónum.

Þeir segja vandasamt að skipta út gjaldmiðli einhliða hjá fyrirtækjum hér enda sé krónan raunveruleiki starfsfólksins sem starfi hjá fyrirtækjunum hér.

„Við getum ekki ákveðið þetta fyrir starfsfólk okkar. Þótt færa megi rök fyrir því að skiptin séu skammtímaávinningur fyrir starfsfólkið þá er langtímaáhætta fólgin í því. Í raun vorum við að selja starfsfólkinu gengisáhættu. En við vildum bjóða upp á þetta og héldum námskeið fyrir fólkið. Þótt evran liti vel út þá varð starfsfólkið að breyta lífi sínu í samræmi við það," segir Hilmar.

### HEIMATILBÚINN VANDI

Menn viðskiptalífsins í ár segja einkennilegt ástand ríkja hér á landi. Mjög hafi verið þrengt að fyrirtækjum eftir hrun bankageirans fyrir rúmu ári og virðist sem fólk líti á það helsi sem á það hafi verið lagt sem sjálfsagðan hlut. „Nokkrum vikum eftir að gjaldeyrishöft voru sett á í fyrra snerist öll umræðan um það hvernig hægt væri að herða þau. Vandamálið var þá að höftin láku en ekki að þau höfðu verið sett á. Það er undarlegt hvað við getum aðlagast hratt þessu vonlausa kerfi," segir Jón og bætir við að hefði Össur ekki fengið undanþágu frá gjaldeyrishöftunum og skilaskyldu á gjaldeyri hefði fyrirtækið flutt höfuðstöðvarnar til útlanda. „Erlendir fjárfestar sættu sig ekki við að hér sé skilaskylda. Við hefðum flutt í umhverfi þar sem fjárfestar þekkja reglurnar, svo sem til Bandaríkjanna eða landa ESB."

Þá gagnrýna þeir harðlega þær tafir sem orðið hafa á endurreisn efnahagslífsins. Þeir skrifa það á reynsluleysi og því sem næst barnaskap stjórnmálamanna. „Þessi litla þjóð sem stendur frammi fyrir þessum mikla vanda má ekki við svona löguðu. Umræðan má ekki fara í tittlingaskít og hártoganir," segir Jón. Hilmar tekur við keflinu. „Kerfið hefur verið lamað í ár. Það hefði verið auðvelt að díla við hrunið. Grunnhagkerfi landsins beið ekki tjón og enginn dó. En síðan komu meðulin; gjaldeyrishöft og málþóf um Icesave. Þetta er okkar vandamál og það er algjörlega sjálfskapað."


Sparaðu á nýju ári!

Endurunnin dufthylki eru allt að 50% ódýrari heldur en dufthylkin frá framleiðanda.
15% auka kynningarafsláttur í janúar.
Hafðu samband við okkur í síma 580-0000 og athugaðu hvort við eigum endurunnið dufthylki í prentarann þinn.

Verðdæmi

| Tegund hylkis | HP | toner.is | 15% afsláttur |
|---|---|---|---|
| 12A | 17.990 kr. | 7.690 kr. | 6.537 kr. |
| 49A | 17.990 kr. | 9.790 kr. | 8.322 kr. |
| 15A | 14.990 kr. | 8.290 kr. | 7.047 kr. |
| Q6000A | 18.990 kr. | 9.900 kr. | 8.415 kr. |
| Q6001A | 20.990 kr. | 10.990 kr. | 9.342 kr. |
| Q6002A | 20.990 kr. | 10.990 kr. | 9.342 kr. |
| Q6003A | 20.990 kr. | 10.990 kr. | 9.342 kr. |

Verð frá 6.537 kr.

NÝTT SÍMANÚMER HJÁ A4 SKRIFSTOFU OG SKÓLA
580-0000
Af hverju að sækja þegar þú getur fengið sent?

A4 Skrifstofa og skóli | Smáratorgi + Kópavogi
Sími 580 0000 + www.a4.is

**Það sem Íslendingar vilja er:**

# Með svartri vinnu setur þú ó fyrir framan þessi góðu gildi

Á hverju ári er samfélagið svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi. Verum heiðarleg á nýju ári og hættum að kaupa og selja svarta vinnu.

## Ætlar þú að standa skil á þínu?

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09–2106

*Samtök iðnaðarins - www.si.is*

# Krefjandi val í takt við erfitt ár

**Margir voru kallaðir til í vali á viðskiptamanni ársins. Dómnefnd Markaðarins var næsta einróma um að valið væri erfitt í ár. Niðurstaðan varð á endanum sú að rekstrarmenn standa upp úr. Ástæðan að nokkurra mati er sú að þeir eru með fæturna á jörðinni og þykja hafa óflekkað mannorð eftir fjármálakreppuna. Þá skoruðu þeir hátt sem hafa farið sér hægt og flogið undir ratsjá viðskiptalífsins. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skoðaði val dómnefndarinnar og rökin fyrir því.**

Alls voru 24 einstaklingar nefndir til sögunnar í vali á viðskiptamanni ársins. Dómnefnd fékk frjálsar hendur um valið en átti að velja þrjá einstaklinga sem töldust hafa skarað fram úr á árinu. Sá sem nefndur var fyrstur fékk þrjú stig, sá næsti tvö stig og sá þriðji eitt.

Ellefu sátu í dómnefndinni að þessu sinni. Þeir eru flestir úr atvinnulífinu auk kennara við viðskiptafræðideildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Hér á eftir verða þeir nefndir sem lentu í þriðja til fimmta sæti yfir viðskiptamenn ársins að mati dómnefndar Markaðarins.

### 3. SÆTI

Skákmaðurinn Margeir Pétursson, stofnandi og stjórnarformaður MP Banka, lenti í þriðja sæti í vali á viðskiptamanni ársins að þessu sinni. Dómnefndin sagði um Margeir að banki hans hafi staðið af sér storminn og nýtt sér vel það tómarúm sem varð til við fall bankanna í fyrrahaust.

MP Banki fékk viðskiptabankaleyfi á síðasta ári og kom það sér vel. Í kjölfar falls Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (Spron) í mars síðastliðnum gerði MP Banki tilboð í vörumerki sparisjóðsins auk Netbankans, nb.is og hafði á prjónunum að reka þrjú útibú hans undir merkjum Spron. Ætlunin var að viðhalda vörumerkinu, sem hafði notið mikillar velvildar um árabil.

Um þetta leyti höfðu innistæður verið fluttar úr Spron til Nýja Kaupþings (nú Arion banki). Bankinn neitaði að færa þær til baka og varð því ekkert úr viðskiptunum. Í staðinn opnaði MP Banki eigin netbanka og réð hluta af starfsfólki Spron til sín. Fyrsta útibú MP Banka var síðan opnað á tíu ára starfsafmæli fyrirtækisins í Borgartúni hvar eitt útibúa Spron hafði áður verið til húsa.

Starfsmenn MP Banka, sem hóf starfsemi sem MP Verðbréf fyrir áratug, eru nú 89. Þar af eru 76 hér en þrettán í Litháen. Gert er ráð fyrir nokkurri fjölgun starfsfólks í janúar þegar bankinn færir höfuðstöðvar sínar eftir áramótin.

### 4. SÆTI

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris Invest, er í þriðja sæti í vali á viðskiptamanni ársins að mati dómnefndar Markaðarins.

Óhikað má segja að Eyrir Invest hafi tekið bikarinn heim þetta árið en fjárfestingafélagið er stærsti hluthafi matvælavinnslufyrirtækisins Marels, sem komst á blað yfir viðskipti ársins en Árni Oddur er stjórnarformaður þess. Þá er Eyrir Invest annar stærsti hluthafi stoðtækjafyrirtækisins Össurar og er Þórður Magnússon, faðir Árna Odds, varaformaður stjórnar Össurar. Þá er Þórður jafnframt stjórnarformaður netfyrirtækisins Calidris, sem lenti í 5. til 11. sæti.

Árni Oddur og félög tengd Eyri Invest hafa jafnan skorað hátt hjá dómnefnd Markaðarins upp á síðkastið. Óþarfi er að tíunda frekar um Jón Sigurðsson og Össur. Þá voru kaup Marels á hollenska iðnfyrirtækinu Stork Food Systems viðskipti ársins í fyrra. Árni Oddur á sæti í stjórn Stork.

### 5.-11. SÆTI

Sex einstaklingar deila með sér næstu sætum með jafnmörg stig. Þeir koma hver úr sinni áttinni en eiga það sammerkt með þeim Jóni Sigurðssyni, Hilmari, Margeiri og Árna Oddi að teljast rekstrarfólk. Einn þeirra fellur þó ekki í þann flokk. Sá er leikarinn og fjöllistamaðurinn Jón Gnarr. Rökstuðningurinn fyrir vali hans var sá að Jón og Pétur Jóhann Sigfússon, sem sami dómari setti í annað val, hafi lyft þjóðinni upp í þrengingum auk þess að landa samningum við erlend fyrirtæki með vörur sínar. Í ofanálag hafi þeir selt mynddiska með þrennunni Næturvaktin, Dagvaktin og Fangavaktin í tugþúsundatali fyrir jólin 2009 á innlendum markaði. Uppskeran á erlendum mörkuðum muni koma í ljós á næstu tveimur árum.

Hinir eru eftirfarandi í stafrófsröð: Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Skipta; Friðrik Guðmundsson, kaupmaður í Melabúðinni í Reykjavík; Jón Norland, framkvæmdastjóri Smith & Norland; Magnús I. Óskarsson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda netfyrirtækisins Calidris; og Svava Johansen, forstjóri tískuvörukeðjunnar NTC, en gjarnan kennd við verslunina Sautján.

Um valið segir dómnefndin að viðskiptamennirnir séu með báða fæturna á jörðinni og uppskeri í samræmi við það. Þá hafi þeir rekið sín fyrirtæki af festu og yfirvegun og hafa ekki orðið öðrum til skaða. Svövu er lyft á stall fyrir að láta ekki bölmóðinn á sig fá, synda á móti straumnum og opna nýja verslun undir merkjum Gallerís Sautján í Smáralind á haustdögum á sama tíma og flestir héldu að sér höndum.

## Einnig tilnefndir*

- Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar
- Eggert Pétursson listmálari
- Halla Tómasdóttir og Kristín Pétursdóttir hjá Auði Capital
- Helgi Vilhjálmsson, stofnandi og forstjóri Góu/KFC
- Hörður Arnarson, forstjóri Marels, Sjóvár og Landsvirkjunar á árinu
- Inga María Guðmundsdóttir, bókasafnsfræðingur á Ísafirði sem rekur tengslasíðuna dressupgames.com
- Jón Gerald Sullenberger, stofnandi lágvöruverðsverslunarinnar Kosts
- Sigurbergur Sveinsson, Sveinn Sigurbergsson og Gísli Þór Sigurbergsson hjá Fjarðarkaupum í Hafnarfirði
- Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður
- Vilhjálmur Bjarnason, lektor í HÍ
- Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP
- Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja

* Í stafrófsröð

**STJÓRNARFORMAÐURINN** MP Banki á rætur að rekja til fyrirtækisins MP Verðbréfa sem Margeir Pétursson stofnaði í félagi við annan mann fyrir áratug. Bankinn er sagður hafa komið sterkur inn í fjármálakreppunna og tekist að nýta sér þau tækifæri sem þar buðust.

**BROSAÐ Í KAMPINN** Árni Oddur Þórðarson ásamt Erik Kaman, fjármálastjóra Marels. Fréttablaðið/ÓKÁ

MARKAÐURINN/ARNÞÓR

**BROSAÐ Í KREPPU** Svava Johansen opnaði tuttugustu verslun NTC í vetur. Hún sagði í samtali við Fréttablaðið í tilefni af því að mikilvægt væri að láta neikvæða umræðu ekki hafa áhrif á sig.

MARKAÐURINN/ANTON

**VIÐSKIPTAMAÐUR UNDIR RATSJÁ** Friðrik í Melabúðinni er sagður hafa báða fætur á jörðinni og því eigi hann að vera meðal viðskiptamanna ársins.

**LEIKARINN** Jóni Gnarr er talið til tekna að hafa lyft þjóðinni upp í þrengingum auk þess að eiga hlut að því að landa samningum við erlend fyrirtæki um sölu á vöru sinni, Vakta-þrennunni.

MARKAÐURINN/HEIÐA

# 2016

## Gleðilegt nýtt ár

Óskum landsmönnum öllum farsældar á komandi árum.
Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
Hlökkum til að sjá ykkur aftur á nýja árinu, sem við erum viss um að verði frábært.

**Áfram Ísland!**

Ísafoldarprentsmiðja | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabær | Sími 595 0300 | www.isafold.is

# Árið sem *Ísland var gert upp*

**Hagkerfið kólnaði hratt á árinu sem er að líða. Atvinnuleysi jókst verulega og tilvera fjölda fyrirtækja færðist í sögubækur. Árið einkenndist af upplausn fyrstu mánuðina. Á vordögum brettu menn upp ermarnar og hófu að taka til í rekstrinum. Hreinsunarstarfið stendur enn yfir. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* renndi yfir brot af því sem gerðist á árinu.**

Áhrifa af ofhitnun hagkerfisins síðustu ár og hruninu í fyrra gætti enn á árinu sem er að líða. Í raun má segja að allt hafi verið á suðupunkti.

HÖFUÐSTÖÐVAR MILESTONE Starfsmenn embættis sérstaks saksóknara gerðu gögn upptæk í höfuðstöðvum Milestone á árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**JANÚAR**

„Við höfum úr háum söðli að detta en ekki Simbabve," sagði Gylfi Magnússon, þá dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, um umfjöllun vikuritsins Economist um hagvöxt á heimsvísu í fyrstu viku ársins. Ísland vermdi botnsætið enda reiknað með tíu prósenta samdrætti hér í kjölfar bankahrunsins. Væntingarnar voru tvöfalt verri en í Afríkuríkinu Simbabve. Gylfi benti á að Simbabve hafi um árabil glímt við efnahagsþrengingar, áttatíu prósenta atvinnuleysi og hungursneyð. Því sé ekki að skipta hér.

Seðlabankinn flutti átján prósenta stýrivexti með sér inn í nýtt ár og vildu margir koma þeim niður. „Ég hafna því að það sé nokkur ágreiningur innan Seðlabankans í peningamálum," sagði Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri um ósamræmi á milli bankastjórnar Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Bankastjórnin vildi lækka stýrivexti. Fréttablaðið sagði hagfræðisvið bankans og AGS því mótfallið.

Fleira var á suðupunkti en hagkerfið. Ríkisstjórnin var í frjálsu falli og sneru stuðningsmenn við henni baki.

„Ég hef aldrei verið í vafa um að ég ber hluta af hinni pólitísku ábyrgð og hef alltaf ætlað að axla hana," sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra er hann sagði óvænt af sér embætti undir lok mánaðar. Á sama tíma vék hann forstjóra Fjármálaeftirlitsins frá ásamt stjórn þess. Svo féll ríkisstjórnin. Jóhanna Sigurðardóttir tók við stól forsætisráðherra af Geir Haarde í nafni Samfylkingar og Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri-grænna, tók við fjármálaráðuneytinu.

Gæfan virtist almennt hafa snúið baki við landinu, ekki síst heimilum og fyrirtækjum.

**FEBRÚAR**

„Brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar er að endurreisa traust á fjármálakerfi landsins. Grundvöllur þess er að gera breytingar á yfirstjórn Seðlabankans," sagði Jóhanna og sendi bankastjórunum þremur í Seðlabankanum bréf þar sem farið var fram á að þeir færu samstundis frá. Hún lagði sömuleiðis fram stjórnarfrumvarp, sem gerði ráð fyrir einum seðlabankastjóra í stað þriggja. Sá skyldi hafa meistarapróf í hagfræði. Sjálfstæðismenn urðu ævareiðir og sögðu frumvarpið sniðið til þess eins að koma Davíð Oddssyni úr Seðlabankanum.

Ingimundur Friðriksson var fyrstur til að hlýða kalli ráðherra en þeir Davíð og Eiríkur Guðnason neituðu að hreyfa sig fyrr en frumvarpið yrði að lögum.

Um svipað leyti settu skilanefndir Glitnis og Landsbankans Baugi stólinn fyrir dyrnar. Lán til félagsins voru gjaldfelld og gengið að eignum í Bretlandi.

Hreinsunarstarf var hafið og mælti sænski bankasérfræðingurinn Mats Josefsson með því að „eitraðar eignir nýju bankanna" yrðu færðar í sérstakt eignaumsýslufélag. Þar á meðal voru helstu fjárfestingafélög landsins, fyrirtæki í byggingariðnaði og stór bílaumboð.

Þegar halla tók á mánuðinn sáust fyrstu merki um uppstokkun á bankakerfinu og hugsanlega aðkomu erlendra kröfuhafa að nýju bönkunum.

Frumvarp forsætisráðherra um breytingar á Seðlabankanum varð loks að lögum í lok mánaðar og kvöddu þeir Davíð og Eiríkur samstarfsfólk sitt. Norski hagfræðingurinn Svein Harald Øygard tók við starfi þeirra.

**MARS**

Endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins setti út óvænt spil þegar hún sagði í drögum að ályktun farsælast að ganga til viðræðna við Evrópusambandið um gjaldeyrismál enda erfitt að byggja upp efnahagslíf að nýju með ónýta krónu. Höfundur var Ólafur Ísleifsson hagfræðingur sem jafnframt á sæti í Skuggabankastjórn Markaðarins. Drögin skrifaði hann að beiðni flokksins. Hugmyndirnar urðu að engu enda samræmdust þær ekki stefnu flokksins.

Þrátt fyrir væntingar Seðlabankans til að styrkja krónuna með belti og axlaböndum í formi gjaldeyrishafta nýttu fjárfestar allar þær glufur sem þeir komu auga á til að fara fram hjá þeim og keyptu krónur á aflandsmörkuðum. Uppskeran var ríkulega enda tugprósenta munur á gengi evrunnar hér og á mörkuðum ytra.

Þá féll Straumur í hendur skilanefndar þegar hann gat ekki staðið við skuldbindingar sínar. Þetta var fyrsti bankinn sem féll í hendur ríkisins á árinu. Erlendir fjölmiðlar sögðu hættu á þjóðargjaldþroti Íslands. Staðan veiktist hratt og atvinnuleysi jókst stöðugt. Þá fóru fleiri fyrirtæki á hliðina, flest í byggingaiðnaði. Seðlabankinn sagði átján prósent heimila landsins með neikvæða eiginfjárstöðu. Forsætisráðherra sagði hugsanlegt að afskrifa stóran hluta skulda þeirra verst settu.

Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, var vongóður um að horfur í efnahagsmálum gætu batnað undir lok árs.

Horfurnar voru ekki betri en svo að Byr greindi frá 29 milljarða króna tapi. „Þetta eru mikil vonbrigði," sagði Ragnar Z. Guðjónsson sparisjóðsstjóri og biðlaði til ríkisins eftir eiginfjárframlagi. Fimm sparisjóðir áttu eftir að bætast í hópinn.

Sparisjóðabankinn og Spron komust ekki niður á hnén. Áður en til þess kom tók FME bankana yfir og heyra þeir nú sögunni til.

**APRÍL**

Decode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, ein af vonarstjörnum íslenskra tæknifyrirtækja, greindi frá því í uppgjöri sínu að fjármunir þess væru að brenna upp.

Seðlabankinn leitaði allra ráða til að vinda ofan af jöklabréfastaflanum svokallaða, eignum erlendra aðila í krónum sem gjaldeyrishöftin áttu að halda föstum í landinu. Ein hugmyndanna var að gefa erlendu fjárfestunum færi á að fjárfesta í íslenskum skuldabréfum útgefnum af íslenskum útflutningsfyrirtækjum, sem myndu fá krónur í kassann en greiða til baka í erlendri mynt. Þegar á reyndi var ekki áhugi á slíku.

Fyrsta verk nýja seðlabankastjórans fólst í lækkun stýrivaxta.

Þá var punktur settur aftan við sögu Spron þegar MP Banki

**ÝMSAR TÖLULEGARUPPLÝSINGAR 2008-2009**



**FLUGELDAR.IS** er vefsíða Landsbjargar þar sem hægt er að fá upplýsingar um sölustaði flugelda, vörulista og öryggisatriði sem hafa ber í huga í umgengni við skotelda. www.flugeldar.is



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

BOMBA.IS
FLUGELDASALA

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

FÉLAG ÍSLENSKRA GULLSMIÐA
ERNA
Sími 552 0775 - Skipholti 3

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

12 kg
Þvottavél
og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Auður Nanna Baldvinsdóttir átti einstaka dvöl í London nú í sumar þegar hún gisti í báti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sá London í nýju ljósi

**Auður Nanna Baldvinsdóttir orkufræðingur taldi sig þekkja borgina London nokkuð vel, meðal annars eftir margra ára búsetu þar. Hún kynntist hins vegar nýrri hlið á borginni nú í sumar.**

Auður Nanna hefur bæði búið í London og heimsótt hana margsinnis. Hún bjóst því ekki við því að kynnast glænýrri hlið á borginni. Í sumar sem leið heimsótti hún vin sinn sem býr í bát í Regent´s Canal við Marylebone og gisti hjá honum í nokkra daga.

„Vinur minn býr í bát í þessu hverfi, og nágrannar hans eiga líka báta og búa og gista í þeim allan ársins hring. Þetta er skemmtilegt og óvenjulegt samfélag, jafnvel fjölskyldufólk sem velur sér þennan lífsstíl," segir Auður en bátahverfið er ekki neyðarúrræði heldur einmitt eins og Auður orðar það – val á lífsstíl – því bátarnir eru mjög dýrir og hverfið sem þeir eru staðsettir í þykir líka mjög fínt.

„Bátaeigendur geta siglt um alla bátaskurði borgarinnar og ferðast þannig borgarenda á milli og Auður prófaði sjálf að ganga meðfram skurðunum inn í Camden. „Það var magnað, bæði heyrir maður ekki í neinni bílaumferð og nýtur þess að horfa upp á stór einbýlishúsin sem standa við bátaskurðina. Þetta var algerlega ný upplifun á borginni og ég mæli með því að ferðamenn sem þekkja London vel prófi að fá sér göngutúr sem þennan. Svo þegar ég kom til baka var bátaeigandi á næsta bát kominn heim úr vinnunni, með franska osta og pylsur sem hann selur, og við eyddum síðdeginum uppi á dekki með rauðvín, osta og pylsur."

Auður segir bátaþorpið litla einkennast af því að allir þekkist og hægt sé að hlaupa í næstu báta til að fá lánaðan sykur og egg ef vantar.„Það var mjög gott að gista í bátnum um sumar en mér fannst það heldur kalt þegar ég kom í bátinn nú um vetur en þetta er samt mjög sjarmerandi og gaman að prófa gistingu af þessu tagi."

*juliam@frettabladid.is*

# ÁRAMÓT

**AULD LANG SYNE** er skoskt lag sem er gjarnan sungið um áramót í Englandi og Bandaríkjunum. Á íslensku þekkist þetta lag sem bræðralagssöngurinn, sem er þá tengdur við skátastarf frekar en nýársfögnuð.

# Andrúmsloft stríðs

**Amanda Riffo frá Frakklandi elskar áramótin og allt sem þeim viðkemur. Hún hefur meira að segja tekið myndir af flugeldum og breytt myndunum þannig að blossarnir og ljósin verða svört á hvítum bakgrunni.**

„Íslensku áramótin eru mun agressívari en þau frönsku, en þó ekki á slæman hátt. Íslendingar eru hvatvísari, en Frakkar hefðbundnari. Hér finnst mér æðislegt að allir skuli fara út á göturnar, safnast saman og skjóta upp flugeldum. Mér finnst það mjög fallegt, en samt er eins og andrúmsloft stríðs vofi yfir," segir Amanda og tekur fram að henni þyki umstangið vera kaótískt og að Frakkar myndu aldrei gera hlutina þannig. Þar í landi haldi menn sig heima við og slái upp veislu.

„Í Frakklandi er fólk alltaf að reyna að finna eitthvað nýtt og sniðugt að gera um hver áramót. Kannski spes ball á næturklúbbi eða partí á bát. Á Íslandi er þetta miklu öfgakenndara, en yndislega einfalt líka," segir Amanda sem hlær þegar blaðamaður spyr hvort hún hafi farið á brennu. „Nei, ekki um áramót, bara í mótmælunum fyrir ári. Mér líkar sú athöfn að brenna hluti, það veitir hlýju og ljós og lætur hluti hverfa en um leið er eitthvað djöfullegt við það. Í Frakklandi er bannað að brenna hluti. En þó eru haldnar áramótabrennur í úthverfum Parísarborgar ár hvert, en þá er það reitt fólk sem kveikir í bílum," segir Amanda og áréttar að henni þyki sniðugt að mannkynið noti eld til að eyðileggja hluti.

*niels@frettabladid.is*

Amanda Riffo frá Frakklandi heillast af eldi og sérstaklega þeim eiginleika hans að láta hluti hverfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Jólabarnið hleypur í felur

**Joanne Kearney er írskt söngvaskáld með plötu í bígerð. Hún er mikið jólabarn en heldur mun minna upp á áramótin.**

„Ég held ég haldi mig heima við þetta árið. Ég er eins og köttur, þú þarft líklega að lokka mig úr fylgsni mínu á gamlársdag," segir Joanne og reynir að sannfæra blaðamann um að hún sé ekki rétta manneskjan að spyrja út í þetta málefni þar sem hún hreinlega hati áramótin. „Ég þoli ekki hávaðann. Og hér á Íslandi er ekki eins og það verði eitt stórt „BANG" á miðnætti og nýja árið er komið, heldur gengur á með sprengjuhríðum alla



Mynd sem sýnir flugeldasýningu við Kilkenny-kastala árið 1865.

Joanne Kearney ætti að setja bómull í eyrun á gamlársdag. MYND/ÚR EINKASAFNI

nóttina," segir Joanne og áttar sig engan veginn á áramótasiðum landans. „En hvað í andskotanum er ég þá að gera á þessu landi um áramótin mætti spyrja? Ég elska veturinn hérna, frosnu vötnin og snjóinn. Friðsældina í náttúrunni og langan jólamánuðinn. En svo koma áramótin og allt verður galið í þessu sprengjustandi!" segir Joanne og reytir hár sitt. Henni finnst þó gott að ágóðinn af flugeldasölunni renni til góðra málefna, en hún ætlar samt að fela sig undir rúmi þar til nýja árið er komið. *- nrg*

# Kínverjasjúkir Hollendingar

**Frank Aarnink, slagverksleikari og tónlistarmaður, hefur dvalið nokkrum sinnum á Íslandi yfir áramót. Hann er frá Hollandi og segir að íslensk áramót séu alls ekki svo frábrugðin þeim hollensku.**

„Maður hittir vinafólk og fjölskyldu og horfir á sjónvarpið. Hollendingar horfa mikið á sjónvarpið þennan síðasta dag ársins. Til að eyða tímanum held ég. Svo borðar maður alltaf „oliebollen", en það eru nokkurs konar Berlínarbollur án sultu. Djúpsteikar og feitar bollur með rúsínum," segir Frank og ber saman íslenska áramótaskaupið og

Hollenskar „oliebollen" eru ómissandi þáttur gleðinnar.

Frank Aarnink tónlistarmaður við hluta af slagverkshljóðfærum sem hann lemur og hristir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hið hollenska, en í Hollandi er það einn maður sem heldur uppi grínu með mónólog um árið sem leið. Frank segir Hollendinga síst minna skotglaða en Íslendinga, fyrir honum sé íslenska rakettubrjálæðið ósköp venjulegt. „Það heldur endalaust áfram, það er ótrúlegt, en við notum miklu meira af kínverjum en Íslendingar. Svo er alltaf fólk sem tapar auga eða eyra," segir Frank og lítur á það sem staðreynd lífsins. Hollendingar eru ekki með áramótabrennur en þess í stað hafa þeir páskabrennur. „Á nýársdag er horft á Vínartónleika og austurískt skíðastökk í sjónvarpinu. Ég veit ekki af hverju en það er bara ekkert annað sýnt þennan dag," segir Frank kankvís. *- nrg*


Frábær vara á góðu verði
Heilstæðar kremlínur fyrir þig
• Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
• Lift- fyrir eldri húð
• Margar nýjungar í boði
Deba
Sölustaðir: Apótek og snyrtivörudeildir

TRIND
Avallt No 1
TRIND
Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

ROPE YOGA WORKOUT
Rope Yoga
Námskeið hefjast 4. janúar
Við bjóðum upp á átta byrjendanámskeið, eitt lyftingarnámskeið og ástundunartímarnir verða áfram eins og áður.
Elín Sigurðardóttir
Rope Yoga Meistarakennari
Íþróttafræðingur
Rope Yoga • elin.is • Bæjarhrauni 2 Hfj. • Sími: 696 4419

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

STAÐREYNDIR UM DAGBLAÐALESTUR
ÍBÚAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU YNGRI EN 60 ÁRA SEM BÚA Á ÁSKRIFTARHEIMILUM MORGUNBLAÐSINS LESA FREKAR FRÉTTABLAÐIÐ.
Heimild: Lestrarkönnun Capacent maí-okt 2009.
FRÉTTABLAÐIÐ

# BÍLAR & FARATÆKI

VW Passat Highline, árg. 6/2005, ek.aðeins 43þús.km, beinskiptur, topplúga, álfelgur, sæti m/leður í köntum og tau í miðju, Mjög flottur bíll!! Ásett verð 2290þús.kr! er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu

**Ford Explorer 2004**
Til sölu, 4,0L, sjálfskiptur, 7 manna, tau áklæði, ný dekk, skoðaður 2010, ekinn aðeins 77þ. km. Góður og lítið ekinn bíll. Verðtilboð 2,190þ. Möguleiki á 100% láni. Uppl. í síma 618 4444 eða 693 9925.

Óska eftir að skipta á 26.3m2 bílskúr/vörugeymsla sem er í Móhellu hafnf., fyrir bíl upp að 2milj. Verð á bílskúr 3,9milj. áhv., ca 2milj. uppl. 660 3940.

## 0-250 þús.

**Ódýr bíll 120**
Suzuki Baleno station árg. '97. Ek. 137 þús. verð. 120þ.Krókur. S: 891 9847.

**TILBOÐ 195 ÞÚS!**
SKODA FELICIA COMBI 1,3 árgerð '99 ek.150 þús., sk. 2010, ný vetrardekk, fínasti bíll sem eyðir litlu, útlit alveg þokkalegt, ásett verð 290 þús. TILBOÐ 195 þús. s.841 8955.

**Sjálfskiptur jeppi TILBOÐ 250 ÞÚS!**
Musso '98 4X4 ek.165 þús. 2,3 bensin, sjálfskiptur, skoðaður 2010, dráttarkrókur,góð dekk,lítur vel út,Ásett verð 390 þús...TILBOÐ 250 ÞÚS stgr! S. 841 8955.

**Sjálfskiptur á 200.000.-**
Kia Clarus árg 99 ekinn 177 þ km sjálfskiptur topplúga rafmagn i rúðum álfelgur skoðaður 2010 nagladekk gylltur á litinn verð aðeins 200.000- stgr. uppl. í síma 861-7600.

Renault Clio 98' ek. 110þ. topp standi nýsk. næsta skoðun des. '10 verð 240þ. S: 659 1144.

Starex árg 99 til sölu og niðurrifs á nýlegum dekkjum. Vél ásamt fleiru vantar. Upplýsingar gefur Karl í síma:581-2050 / 897-9252

## 250-499 þús.

VW Golf árg.98, ekinn 133 þús km. Smurbók, skoðun '10. Verð:390.000. S.823-1598

Ford Fiesta 1,3 vél. Árg. '00, 4 dyra, beinsk. V. 400 þús. S. 661 3654.

## 500-999 þús.

Til sölu Subaru Outback árgerð 2000, keyrður 128þús. skoðaður 2010. Upplýsingar í síma 863 1476 Atli.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á góðu verði. Má þarfnast smá lagfæringa. Á verðbilinu 50-350 þús. S. 892 8511.

**ÓSKA EFTIR BÍL FYRIR ALLT AÐ 250 ÞÚS!**
Óska eftir góðum bíl fyrir allt að 250 þús! Smábíl fólksbíl eða jeppling, skoða allt má þarfnast smá lagfæringar. S. 691 9374.

Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 893 5517.

## Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Sendibílar

Renault Midlun 210.12c, ek. 220 þ, árg. 2000. Góður bíll með 5.7 m flutningskassa, kælivél og 1,5 t vörulyftu. Verð 1,7 m + VSK. TILBOÐ 1,3 m + VSK. s. 8220000

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól

## Vélsleðar

## Bátar

Óska eftir hröðum bát til strandveiða 2-4 tonn fyrir allt að 1-3 milj. Uppl. á hrutakofinn@simnet.is

## Varahlutir

Er að rífa Focus '99, Yaris '00, Hatcback '96, '97 1600, Xli 1300 '94, Escord '98. Accent '95. Impreza '99. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97, Civic '99. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Varahlutir s. 772 6777**
Renault Megane árg. '96-'09. Peugeot 307, Peugeot 406, Skoda Fabia, Mazda 626.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara '05 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, almera '99, Peugot 306 '98. Kia Spotage '00, Jeep Grand Cheroke 4,7 '99 Kaupum bíla í niðurrif.

# ÞJÓNUSTA

## Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 696 2242.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

## Vöruflutningar

**Flutningar...**
Og alhliða sendibílaþjónusta S. 892 6363 og á www.vefsida.is/skutlari.

## Húsaviðhald

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð.**
**Upplýsingar í síma 899 2420**
**Steingæði ehf.**

## Tölvur

## Stífluþjónusta

## Spádómar

**Steinunn 908 6060**

**Hvað viltu vita um nýja árið?**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Opið um áramót.**
**Opið 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Dulspekisíminn 908-6414**
Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

## Skemmtanir

Leigjum út veislusal sem rúmar 120 í sæti. Fyrir þorrablót, giftingar ofl. Með eða án veitinga. Hestamannafélagið Gustur. Uppl. í s. 897 8573.

## Rafvirkjun

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**Verslunin Monroe**

**- ÚTSALA - ÚTSALA -**

**Notað og nýtt**
**Verslunin Monroe auglýsir kjólföt og smoking föt (dömustærðir) í hvítu og svörtu, frábært verð! Barnaprinsessukjólar frá 1500 -2000 kr. Old glimmerkjólar á 5000 kr. Barnakjólar á 1500-2000 kr. og margt fleira notað og nýtt.**

**Opið frá í dag frá 15-20**

**Marlyn Monroe - Starrmýri 2 - S. 662 2513 - gengið inn frá Álftamýri.**

Til sölu nær ónot. rafm.nuddpottur frá Beachcomber. Óska e/ verðtilb. 861-4401.

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**Kaupi gull !**
**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13, Verið velkomin**

## Hljóðfæri

**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Til bygginga

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

# Sérstakur saksóknari

ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON
Sérstakur saksóknari vegna bankahruns.

Mikið bar á Ólafi Þór Haukssyni, sérstökum saksóknara á árinu. Ólafur tók til starfa hjá embættinu í febrúar og voru starfsmenn þá fjórir. Eftir því sem rannsóknin á bankahruninu og venslum og tengslum við fjármálalífið hefur undið fram hefur starfsemin útnað út. Starfsmenn eru nú 23 og flutti embættið í rýmra húsnæði í september.

Embættið hefur unnið náið með Evu Joly og Serious Fraud Office í Bretlandi.

Húsleitir á árinu eru á bilinu 34-36 talsins og hafa rúmlega fjögur hundruð einstaklingar verið yfirheyrðir í tengslum við þær. Viðamestu húsleitirnar eru í húsakynnum Sjóvár og endurskoðendafyrirtækjanna KPMG og PriceWaterhouseCoopers.

Málin sem nú eru í rannsókn eru í kringum sextíu talsins og er um fimmtán til sautján lokið. Gert er ráð fyrir að fyrstu niðurstöður af rannsóknum embættisins verði birtar fyrir mitt næsta ár, samkvæmt upplýsingum frá embættinu.

## VELTA Í SMÁVÖRUVERSLUN




## GENGISVÍSITALA




keypti útibú bankans og Byr tók yfir greiðslumiðlun hans.

Árið verður Björgólfi Guðmundssyni, fyrrverandi formanni bankaráðs Landsbankans og stærsta hluthafa Landsbankans, minnisstætt. Björgólfur, sem styrkti útgáfur tveggja bóka um Hafskipsmálið og horfði til þess að fá gjaldþrot skipaflutningafélagsins tekið upp að nýju, lenti í erfiðleikum með greiðslu á láni sem hann og sonur hans, Björgólfur Thor, höfðu fengið hjá Búnaðarbankanum á sínum tíma í tengslum við kaup á Landsbankanum árið 2002. Lánið stóð í fimm milljörðum króna og reyndu þeir að fá hluta skuldarinnar felldan niður gegn innborgun. Það tókst ekki. Í ljós kom að félag feðganna hafði fengið meirihluta bankakaupanna að láni.

**MAÍ**

Maímánuður byrjaði ekki vel hjá Magnúsi Þorsteinssyni, þriðja hjólinu undir Samsonarvagninum, sem keypti Landsbankann. Magnús hafði farið mikinn hjá Eimskipafélaginu og í Icelandic Group, félögum sem sömuleiðis tengdust Björgólfi. Hann og Magnús áttu það sameiginlegt að standa ekki undir þeim skuldaklafa sem þeir höfðu hlaðið utan á sig og var Magnús úrskurðaður gjaldþrota. Hann flutti til Rússlands um svipað leyti og hefur verið þar síðan.

Þá flaug rúmur fjörutíu prósenta eignahlutur bræðrafélaga Engeyinganna Benedikts og Einars Sveinssona og Karls og Steingríms Wernerssona í Icelandair Group inn í Íslandsbanka. „Ég vissi að þetta myndi skella á, gekk frá reikningunum í möppur og lét klippa á kortið," sagði Gunnlaugur Sigmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Máttar og stjórnarformaður Icelandair Group.

**JÚNÍ**

Sumarið er alla jafnan rólegasti tími ársins. Stýrivextir fóru niður í tólf prósent og sagði peningastefnunefnd Seðlabankans stærri skref ekki stigin í bili enda sendinefnd AGS mótfallin vaxtalækkun sem gæti ógnað stöðugleika krónunnar.

Þá kom í ljós að fleiri en Magnús Þorsteinsson höfðu sankað að sér lánum. Af 730 milljarða króna útlánasafni hjá útibúi Landsbankans í Lundúnum í Bretlandi námu lán til íslenskra fyrirtækja þar 130 milljörðum króna á þáverandi gengi.

Hvort um tilviljun var að ræða eður ei var efst á lista lánabókarinnar Novator Pharma, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar Guðmundssonar. Skuld þessa eina félags við bankann nam fjörutíu milljörðum króna. Bent var á síðar að þrátt fyrir tengslin var Björgólfur Thor ekki listaður sem tengdur aðili í ársreikningum bankans. Skipti engu þótt hann ætti stærsta hlutinn í bankanum ásamt föður sínum.

Þá var tekist hart á um Icesave-samkomulagið, arfleifð gamla Landsbankans, innan veggja Alþingis.

**JÚLÍ**

Starfsmenn Ólafs Haukssonar, sérstaks saksóknara, fóru í eina af viðamestu húsleitunum í mánuðinum, nú hjá félögum tengdum þeim Werners-bræðrum. Þar á meðal var húsleit gerð í húsakynnum Aska Capital og Sjóvár og á heimilum forstjóra beggja fyrirtækja.

Ástæðan fyrir húsleitunum var grunur um fjölda brota. Grunur var um að félagið hefði fjárfest úr bótasjóði í skrifstofubyggingum í Belgíu og París og höfuðstöðum bæversks banka í Þýskalandi.

Sjóvá var á leið í þrot og ákvað ríkissjóður því að leggja tryggingafélaginu til tólf milljarða króna.

Forstjóraskipti urðu hjá Sjóvá og tók Hörður Arnarson, áður forstjóri Marel, við stýrinu um nokkurra mánaða skeið.

Fyrsta erlenda fjárfestingin skilaði sér hingað í mánuðinum þegar kanadíska félagið Magma Energy keypti 10,8 prósenta hlut í HS Orku af Geysi Green Energy (GGE).

Þrátt fyrir allt gekk erfiðlega að styrkja krónuna. Horft var til þess að lánveitingar frá AGS og norrænu nágrannalöndunum yrðu traust bakland. Lánin strönduðu á Icesave-samkomulaginu, sem dróst von úr viti. Gylfi Magnússon útilokaði ekki að leita eftir stuðningi hjá evrópska seðlabankanum.

**ÁGÚST**

„Ég horfi fram á nær algeran tekjumissi," sagði Björgólfur Guðmundsson, eitt sinn auðmaður, eftir að ákveðinn endapunktur var settur aftan við hrakfarasögu hann í byrjun ágúst þegar hann var úrskurðaður gjaldþrota. Björgólfur, sem hafði vafið skuldum utan á sig í góðærinu, var í persónulegri ábyrgð fyrir 96 milljörðum króna. Þar á meðal var um sex milljarða króna skuld við Kaupþing sem Samsonar-þríeykið fékk að láni vegna kaupa á Landsbankanum á sínum tíma. Skuldin fór í innheimtu í mánuðinum.

Þá láku upplýsingar úr lánabók gamla Kaupþings á Netið við dræmar undirtektir bæði bankans og viðskiptavina. Í ljós kom að fimm stærstu lántakendur bankans voru ábyrgir fyrir tæpum þúsund milljörðum króna. Umsvifamesti skuldunauturinn var Exista, stærsti hluthafi gamla Kaupþings og tengd félög með 330 millarða króna skuld á bakinu. Aðrir stórir skuldunautar voru breski fasteignajöfurinn Robert Tchenguiz, Skúli Þorvaldsson, Bakkabræður, félög tengd Ólafi Ólafssyni, einum af stærstu eigendum Kaupþings, og Gaumur, eignarhaldsfélag Haga og Baugs.

**SEPTEMBER**

„Til lengri tíma litið verður staða Íslands best innan Evrópusambandsins," sagði Robert Ford, aðstoðarsviðsstjóri landrannsókna á hagfræðideild Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) þegar hann kynnti niðurstöður skýrslu um leiðir til að koma á stöðugleika hér. Niðurstöðurnar voru þær að eini góði kosturinn sem Ísland hefði um að velja væri að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Sísti kosturinn væri sá að taka upp fastgengisstefnu á nýjan leik.

Þá var kröfuhöfum gamla Kaupþings boðið að taka 87 prósenta hlut í bankanum á móti ríkinu.

**OKTÓBER**

Fjármálaráðuneytið var á jákvæðari nótum í október þrátt fyrir hrikalega skuldabyrði og endalausar tafir á lánum frá AGS og nágrannaþjóðunum. Ráðuneytið taldi nú að samdráttur í landsframleiðslu gæti orðið 8,4 prósent í ár en á bilinu 1,9 prósent á næsta ári, 2,9 prósent tefjist framkvæmdir vegna álvers í Helguvík. Árið 2011 er svo reiknað með tæplega þriggja prósenta hagvexti.

Þrátt fyrir væntingar frestuðust lánafyrirgreiðslur frá AGS von úr viti. Þótt fulltrúar sjóðsins segðu það ekki beinum orðum strandaði það á Icesave-málinu. Bjarni Benediktsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Þór Saari og Lilja Mósesdóttir vildu öll slíta samstarfi við AGS. Það var sosum engin nýlunda enda höfðu þau verið andsnúin sjóðnum frá fyrsta degi.

**NÓVEMBER**

„Þeir sem stjórna svona fyrirtæki bera ábyrgð á því hvaða leið er farin. Ég sá enga aðra leið," sagði Kári Stefánsson, forstjóri Decode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, eftir að fyrirtækið óskaði eftir greiðslustöðvun. Fyrirtækið hafði glímt við þrönga fjárhagsstöðu og sótt sér rekstrarfé á yfirdráttarvöxtum um nokkurra mánaða skeið. Það hafði aldrei skilað hagnaði. Kári taldi stutt í slíkt enda viðskiptamódelið annað eftir breytinguna.

Þetta var ekki eina áfallið því alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's lækkaði lánshæfismat íslenska ríkisins um tvo flokka og var það einum flokki ofan við ruslbréfaflokk.

Undir lok mánaðar gerðu starfsmenn sérstaks saksóknara húsleit hjá MP Banka og Byr í tengslum við rannsókn á sölu stofnfjárbréfa í sparisjóðnum í kringum hrunið í fyrra. Í kjölfarið ákvað sparisjóðsstjórinn Ragnar Z. Guðjónsson, að láta tímabundið af störfum.

**DESEMBER**

Peningastefnunefnd Seðlabankans gaf landsmönnum jólapakka sem þeir höfðu lengi beðið eftir. Stýrivextir voru lækkaðir um eitt prósentustig niður í tíu prósent og innlánsvextir bankans um hálft prósentustig í 8,5 prósent á aukavaxtaákvörðunarfundi bankans. Rökin voru meðal annars þau að gengi krónunnar hafði haldist stöðugt þótt hátt væri. Forsvarsmenn bankans sögðu gengið geta haldist veikt lengi, jafnvel gæti tekið ár eða áratugi fyrir krónuna að ná jafnvægisgengi.

Skuggabankastjórn Markaðarins sagði niðurstöðuna ekki koma á óvart en taldi vaxtalækkunarferli í farvatninu. Gangi þær væntingar eftir má gera ráð fyrir að þeir Úlfar Eysteinsson og Tómas Tómasson, löngum kenndur við Tommahamborgara, leggist undir hnífinn og láti skerða skegg sitt.

Þessu til viðbótar bárust aðrar gleðifregnir um miðjan jólamánuðinn: þjóðin myndi eignast 87 prósenta hlut í Landsbankanum. Þar með var endurreisn gömlu stóru viðskiptabankanna lokið. Aðeins sparisjóðirnir, sem biðu á gjörgæslunni, voru eftir.

# Tekist á um eignarhald Haga

Eignarhald á Högum, móðurfélagi Hagkaupa, Bónus og fjölda annarra verslana sem eru að mestu í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu hans, var mjög í umræðunni þegar seig á seinni hluta ársins. Snemma í ágúst var frá því greint að Kaupþing hafði fjármagnað kaup eignarhaldsfélagsins 1998 ehf. á Högum úr Baugsveldinu um mitt ár 2008 með láni upp á þrjátíu milljarða króna með gjalddaga árið 2010. Veð fyrir láninu voru eignir Haga.

Morgunblaðið greindi svo frá því seint í ágúst að stjórnarskipti hefðu orðið á félaginu og væri það í raun að mestu í höndum Nýja Kaupþings.

Helst var deilt um hvort lánið hefði verið afskrifað að einhverju leyti eður ei. Heilmikið sjónarspil fór af stað í kjölfarið sem meðal annars athafnamaðurinn Guðmundur Franklín Jónsson fór fyrir. Hópur á hans vegum þrýsti á um að Hagar yrðu boðnir til sölu og almenningi gert kleift að fjárfesta í félaginu. Félagið reyndist ekki falt enda stóðu viðræður eigenda Haga við forsvarsmenn bankans enn yfir og leituðu þeir leiða til að fjármagna félagið. Fyrrverandi viðskiptafélagar Jóns Ásgeirs Jóhannessonar frá Bretlandi þóttu um tíma koma til greina.

# Ódýrari endurfjármögnun bankanna

Endurfjármögnun stóru viðskiptabankanna þriggja reyndist talsvert ódýrari en óttast var í fyrstu. Við upphaf árs var reiknað með að ríkissjóður gæti þurft að leggja þeim til 385 milljarða króna. Um miðjan september samþykktu kröfuhafar Glitnis hins vegar að taka 95 prósenta hlut í Íslandsbanka og kröfuhafar Kaupþings að taka 87 prósent í Arion banka mánuði síðar. Kröfuhafar Landsbankans vildu hins vegar aðeins nítján prósent. Munar þar um að helstu kröfuhafar Landsbankans voru bresk og hollensk sveitarfélög en fjármálafyrirtæki í hinum bönkunum tveimur.

Af þessum sökum lagði ríkið fram tæpa tíu milljarða til Íslandsbanka en rúma þrjá til Arion banka í formi hlutafjár, auk víkjandi lána. Framlag ríkisins til Landsbankans nam hins vegar rúmum 122 milljörðum. Heildarfjárbindingin nam því 183,6 milljörðum króna, eða 250 milljörðum lægra en gert var ráð fyrir.

**LEIÐTOGAR Í VANDA** Leiðtogar tuttugu stærstu iðnríkja heims hittust í annað sinn í London í apríl til að leita leiða út úr kreppunni. Á þeim fundi komu þeir sér saman um aðgerðir sem eiga að örva efnahagslífið. NORDICPHOTOS/AFP

**ALMENN REIÐI** Almenningur víðs vegar um heim hefur notað hvert tækifæri til að mótmæla misvitrum fjármálaspekingum. NORDICPHOTOS/AFP

# Ár fokdýrra björgunaraðgerða

**Árið 2009 hefur verið eitt hið erfiðasta í sögu heimsviðskipta og fjármála. Ríki heims hafa þurft að verja ómældri orku, tíma og peningum í glímu sinni við heimskreppuna sem skall á af fullum þunga haustið 2008. Örlítið tók þó að rofa til á árinu. Guðsteinn Bjarnason stiklar á nokkrum helstu fréttum viðskiptalífsins á alþjóðavettvangi árið 2009.**

Árið 2009 einkenndist öðru fremur af erfiðri glímu við heimskreppuna miklu. Fyrstu raunverulegu batamerkin sáust kannski í ágúst þegar Frakkland, Þýskaland og Japan skriðu út úr samdráttarskeiði og gátu státað af svolitlum hagvexti.

Aðgerðir til að örva efnahagslífið hafa verið forgangsmál hjá flestum ríkjum, sem dælt hafa ómældu magni af peningum úr sjóðum sínum til að halda fyrirtækjum á floti. Seðlabankar Bandaríkjanna, Bretlands, Englands, Kanada og Evrópusambandsins hafa mestallt árið verið með stýrivexti í lágmarki, eða á bilinu 0,25 til 1 prósent.

Í Bandaríkjunum tók Barack Obama við embætti forseta þann 20. janúar og ítrekaði við það tækifæri það sem hann hafði boðað í kosningabaráttunni, að eitt helsta forgangsverkefni sitt innanlands verði að reisa efnahaginn við.

Fáeinum vikum síðar afgreiddi Bandaríkjaþing björgunarpakka forsetans, sem fólst í því að dæla nærri 800 milljörðum dala í efnahagslífið, meðal annars með skattalækkunum og auknum velferðarútgjöldum. Með þessu átti að koma efnahagslífinu af stað á ný, í þeirri von að það skríði smám saman upp úr kreppulægðinni.

## LEIÐTOGAFUNDIR

Leiðtogar tuttugu stærstu efnahagsvelda heims, G20-ríkjanna, hafa komið saman reglulega síðan kreppan hófst til að leita lausna og stilla saman strengi sína.

Fyrsti fundur þeirra var í Washington í nóvember 2008, síðan hittust þeir í apríl síðastliðnum í London og loks Pittsburgh í Bandaríkjunum í september. Næsti fundur er á dagskrá í Kanada í júní.

Á nóvemberfundinum í nóvember 2008 voru fyrstu skrefin tekin, en á aprílfundinum komu þeir sér saman um 1.100 milljarða dala fjárveitingu til verkefna, sem eiga að styrkja alþjóðleg viðskipti og örva efnahagslífið.

Ágreiningur var nokkur, eins og við mátti búast. Bandaríkjamenn og Bretar hefðu viljað ganga lengra í fjáraustri, en Frakkar og Þjóðverjar hefðu viljað setja enn strangari reglur um alþjóðleg viðskipti og fjármálastarfsemi.

Á septemberfundinum var ákveðið að G20 hópurinn taki við af átta ríkja hópnum G8, sem færa veigaminna hlutverk og einbeitir sér að öryggismálum. G20-ríkin verða þá eins konar fastaráð alþjóðlegrar efnahagssamvinnu.

**BERNARD MADOFF** Sjötugi fjárglæframaðurinn hlaut þungan dóm fyrir svikamyllu sína, sem kostaði þúsundir manna stórfé. NORDICPHOTOS/AFP

Eitt helsta markmið þessa leiðtogaráðs verður að koma í veg fyrir að annað eins hrun geti orðið í framtíðinni eins og reið yfir efnahagslífið haustið 2008.

„Ég held að við áttum okkur öll á því að við verðum að grípa til aðgerða áður en fennir yfir minni okkar um kreppuna og áður en hvatinn til umbóta dofnar," sagði Timothy Geithner, fjármálaráðherra Bandaríkjanna.

## BÍLAIÐNAÐURINN

Aðgerðir stjórnvalda hafa þó engan veginn komið í veg fyrir gjaldþrot jafnvel nokkurra stærstu fyrirtækja heims og erfiðleika sem þeim hafa fylgt.

Í byrjun júní óskaði GM, stærsti bílaframleiðandi Bandaríkjanna, eftir gjaldþrotaskiptum. Þetta taldist fjórða stærsta gjaldþrot í sögu Bandaríkjanna, en stærsta gjaldþrot iðnfyrirtækis þar vestra. Rúmum mánuði síðar reis úr rústum fyrirtækisins nýtt og endurskipulagt fyrirtæki, að mestu í ríkiseigu, en tölurvert minna en gamla fyrirtækið, sem tók með sér stærstu skuldirnar upp á von og óvon.

Heimskreppan hefur reyndar bitnað sérlega hart á bílaiðnaðinum, ekki aðeins í Bandaríkjunum heldur víðast hvar þar sem bifreiðar eru búnar til.

Í Frakklandi, Þýskalandi og á Ítalíu hafa stjórnvöld beðið átekta en skoðað vandlega hvort grípa þurfi inn í bílaiðnaðinn með veglegri ríkisaðstoð.

Í Svíþjóð komu stjórnvöld Saab-verksmiðjunum til bjargar í febrúar, en þar vinna 140 þúsund manns. Saab er reyndar í eigu GM, sem ætlar sér að selja þetta sænska dótturfyrirtæki sitt til þess að bjarga eigin starfsemi.

**TEKINN Á BEINIÐ** Liddy, framkvæmdastjóri tryggingafyrirtækisins AIG, var kallaður fyrir bandaríska þingnefnd í maí og krafinn svara um gjaldþrotið. NORDICPHOTOS/AFP

Í nóvember tóku svo Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Angela Merkel Þýskalandskanslari sameiginlega ákvörðun um að koma bílaiðnaðinum í þessum tveimur löndum til bjargar.

## GJALDÞROT AIG

Gjaldþrot fyrirtækja náðu líklega hámarki víðast hvar í kreppulöndunum á árinu sem er að líða. Í Bretlandi, til dæmis, urðu nærri tíu þúsund fyrirtæki gjaldþrota á fyrri helmingi ársins, sem er meira en nokkru sinni hefur þekkst þar í landi, en aðeins var byrjað að draga úr gjaldþrotum á þriðja ársfjórðungi.

Í mars vakti bandaríska tryggingafyrirtækið AIG, sem til skamms tíma var stærsta tryggingafyrirtæki heims, gríðarlega hneykslun þegar tilkynnt var að framkvæmdastjórar í fjármáladeild fyrirtækisins, ættu að fá samtals 165 milljarða dala í kaupaukagreiðslur.

Í byrjun mars höfðu bandarísk stjórnvöld skýrt frá því að AIG myndi fá 30 milljarða dala í fjárhagsaðstoð frá ríkinu, til viðbótar við þá 150 milljarða dala sem fyrirtækið hafði þegar fengið.

Daginn eftir skýrði fyrirtækið svo frá því, að tap þess á fjórða ársfjórðungi næmi 62 milljörðum dala, sem var stærsta ársfjórðungstap sögunnar til þess tíma.

## OFURBÓNUS

Í ljósi þessa þóttu kaupaukarnir til framkvæmdastjóranna, sem stærsta ábyrgð báru á ófarnaði fyrirtækisins, ótrúleg ósvífni.

Þingmenn brugðust ókvæða við og Ben Bernanke seðlabankastjóri sagðist hafa orðið ævareiður: „Ég skellti símanum nokkrum sinnum á þegar ég var að ræða AIG," sagði seðlabankastjórinn.

Barack Obama krafðist þess að framkvæmdastjórarnir endurgreiddu kaupaukana. Aðeins hluti þeirra hefur orðið við því.

Bandaríkjaþing samþykkti lög um 90 prósent skatta á kaupauka í fyrirtækjum sem þegið hafa meira en fimm milljarða dala í ríkisaðstoð. Framkvæmdastjórar slíkra fyrirtækja hafa sumir brugðist við með því að ráða sig til annarra fyrirtækja, þar sem þeir sleppa við slíkan skatt.

Ofurkaupaukar framkvæmdastjóra hafa einnig verið til umræðu í Evrópulöndum, þar sem ekki síst Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hefur lagt mikla áherslu á að setja strangar reglur um kaupaukagreiðslur.

Angela Merkel Þýskalandskanslari og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti tóku í sama streng og sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem krafist var gegnsæis í fyrirtækjarekstri og strangari reglna um kaupauka fyrir G20-fundinn í september.

## MADOFF DÆMDUR

Einn helsti skúrkur kreppunnar, Bernard Madoff, hlaut makleg málagjöld í júní þegar dómur féll í máli hans. Hann hafði haft nærri 65 milljarða dala af þúsundum manna í Bandaríkjunum og var fyrir vikið dæmdur í samtals 150 ára fangelsi, sem er þyngsti dómur sem lög leyfðu. Hann á enga möguleika á náðun, sem þýðir í reynd að um ævilangt fangelsi er að ræða. Madoff hafði játað sekt sína í mars og sagðist þá hafa byrjað svikastarfsemi sína strax árið 1991. Svikamyllan gekk út á að hann tók við peningum af fjárfestum, en í staðinn fyrir að ávaxta féð greiddi hann þeim arð með peningum sem aðrir fjárfestar létu hann hafa, en spilaborgin hrundi þegar kreppan reið yfir haustið 2008.

## Sagðist vera með áætlun

Í Bandaríkjunum er löng hefð fyrir því að seðlabankastjóri gefur aldrei kost á sér í viðtal við fjölmiðla. Ben Bernanke, sem tók við af Alan Greenspan fyrir nærri fjórum árum, sá ástæðu til að gera undantekningu á þessu á árinu.

Hann sagðist telja að seðlabankanum og Bandaríkjastjórn hafi með samhentum aðgerðum tekist að koma í veg fyrir algjört hrun efnahagslífsins.

Hann sagði fjármálaheiminn hafa leikið á reiðiskjálfi eftir fall bandarískra fjárfestingabankans Lehman Brothers um miðjan september 2008, engu að síður taldi hann það rétta ákvörðun að hafa ekki komið bankanum til bjargar.

Margir hafi talið að markaðurinn myndi leiðrétta sig sjálfur eftir fall banka af þessari stærðargráðu, en hann taldi sig vita betur: „Það má ekki láta alþjóðlega virkt fyrirtæki falla í miðri fjármálakreppu," sagði Bernanke, en mistök voru það samt ekki vegna þess að annar valkostur var ekki fyrir hendi. „Við höfðum ekkert val, við höfðum engin úrræði. Það eina sem seðlabankinn getur gert er að lána gegn tryggingu."

Bernanke spáði því að snemma árs 2010 muni efnahagslífið taka við sér, en forsendur bata eru þær að bankarnir nái að tryggja sér fjármögnun.

„Sagan kennir okkur að efnahagsbati verður ekki viðvarandi meðan fjármálakerfið er í kreppu," sagði hann. „En við erum með áætlun. Við erum að vinna að þessu."

**Í SJÓNVARPSVIÐTALI** Fréttamaðurinn Scott Pelley ræðir við Ben Bernanke.

Fyrir utan forseta Bandaríkjanna er Bernanke líklega valdamesti maður landsins, að minnsta kosti á sviði viðskipta og efnahags. Hvert orð sem hann segir getur haft veruleg áhrif á þróun markaða og þar með velferð þjóðfélagsins almennt.

# ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR 10 ÁR Í RÖÐ!

**Okkur er það mikill heiður að viðskiptavinir sparisjóðanna skuli vera þeir ánægðustu hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum.**

**Við þökkum fyrir okkur!**
**Starfsfólk sparisjóðanna.**

## Áfram ánægja um allt land!

**Viðskiptavinir okkar eru þeir ánægðustu** hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum tíunda árið í röð. **Persónuleg þjónusta** sem setur fjölskylduna og heimilin í landinu í öndvegi er okkar framlag til uppbyggingar á Íslandi. Um fjórðungur þjóðarinnar nýtur ánægjunnar af viðskiptum við sinn sparisjóð. Við teljum það skyldu okkar að gæta hagsmuna viðskiptavina okkar.*

SPARISJÓÐIRNIR Á ÍSLANDI
*– áfram fyrir þig og þína*

**Við erum eru hér, fyrir þig og þína, 12 sparisjóðir með 625 starfsmenn um allt land.**

**Byr sparisjóður** - Akureyri - Garðabær - Hafnarfjörður - Kópavogur - Reykjavík **Sparisjóður Bolungarvíkur** - Bolungarvík - Suðureyri **Sparisjóður Höfðhverfinga** - Grenivík **Sparisjóðurinn í Keflavík** - Keflavík - Vogar - Sandgerði - Njarðvík - Garður - Grindavík - Hvammstangi - Þingeyri - Ísafjörður - Flateyri - Súðavík - Patreksfjörður - Króksfjarðarnes - Bíldudalur - Tálknafjörður - **AFL sparisjóður** - Siglufjörður - Sauðárkrókur **Sparisjóður Norðfjarðar** - Neskaupstaður - Reyðarfjörður **Sparisjóður Ólafsfjarðar** - Ólafsfjörður **Sparisjóður Strandamanna** - Hólmavík - Norðurfjörður **Sparisjóður Suður-Þingeyinga** - Laugar - Húsavík - Reykjahlíð - Fosshóll **Sparisjóður Svarfdæla** - Dalvík - Hrísey **Sparisjóður Vestmannaeyja** - Vestmannaeyjar - Selfoss - Hveragerði - Hornafjörður - Djúpivogur - Breiðdalsvík **Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis** - Þórshöfn - Kópasker - Raufarhöfn.

*Skv. mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar (2. nóv. - 11. des. 2008).

DYNAMO REYKJAVÍK



Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra:

# Verk að vinna

Árið 2009 var um margt ágætt ár, að minnsta kosti sé tekið tillit til þeirrar vöggugjafar sem það fékk frá forverum sínum. Á líðandi ári skýrðist smám saman við hvaða vanda við Íslendingar eigum að etja í efnahagsmálum og hverjar rætur hans eru. Jafnframt kom í ljós hvað gera þarf til að leysa vandann.

Verkefnin fram undan eru vissulega flókin og það mun taka tíma að leysa þau. Sjaldan hefur hugtakið þjóðarátak átt betur við. Það er hins vegar engin ástæða til að láta fallast hendur. Engin þeirra verkefna sem við stöndum frammi fyrir eru óleysanleg, því fer fjarri.

### LÍFSKJÖR MUNU BATNA

Ekki er útlit fyrir annað en að lífskjör Íslendinga á 21. öldinni verði með þeim allra bestu í heiminum, líkt og þau hafa verið áratugum saman. Þau verða fyrirsjáanlega innan fárra ára orðin betri en þau hafa nokkurn tíma verið í þær rúmu ellefu aldir sem landið hefur verið í byggð. Því má ekki gleyma að þótt tekjur landsmanna hafi dregist nokkuð saman voru þær á undanförnum árum afar háar, jafnt í sögulegum sem alþjóðlegum samanburði – og eru það enn.

### FJÖGUR VERKEFNI

Helstu viðfangsefnin eru ferns konar.

Í fyrsta lagi þarf að vinna úr miklum skuldavanda fyrirtækja og heimila. Fjölmörg fyrirtæki þurfa nú að ganga í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Þetta er afar umfangsmikið verkefni sem verður fyrst og fremst unnið innan fjármálastofnana og viðkomandi fyrirtækja.

Í öðru lagi þarf að ná tökum á fjármálum hins opinbera. Snúa þarf gríðarlegum fjárlagahalla við með niðurskurði og aukinni tekjuöflun og ná að lokum afgangi. Þetta verkefni snýr fyrst og fremst að ríkinu en snertir vitaskuld landsmenn alla.

Í þriðja lagi þarf að bregðast við samdrætti í sumum greinum efnahagslífsins, svo sem fjármálaþjónustu, byggingageiranum og þeim sem tengjast innflutningi. Í þeirra stað þurfa aðrar greinar að vaxa og fjölga starfsmönnum. Á meðan breytingarnar standa yfir má búast við að atvinnuleysi verði meira en alla jafna.

Meðal greina sem hafa svigrúm til vaxtar má nefna útflutning og þær sem keppa við innflutning. Í báðum tilfellum styður lækkun gengis krónunnar frá óraunhæfu gengi bóluáranna við vöxtinn. Hér má þegar sjá mörg mjög jákvæð teikn á lofti og þeim ætti að fara ört fjölgandi á næsta ári.

Í fjórða lagi þarf að fara yfir allt regluverk íslensks efnahagslífs, löggjöf og aðra þætti. Draga þarf fram hverjar brotalamirnar voru. Að því marki sem lög voru brotin þarf að sanna hverjir gerðu það og draga þá til ábyrgðar í samræmi við reglur réttarríkisins. Þar sem eftirlit brást þarf að rannsaka og bæta úr. Horfa þarf bæði fram á veginn og til liðinna atburða. Annars vegar þarf að leiða í ljós hvað fór úrskeiðis og hvers vegna – hins vegar læra af reynslunni og móta nýja umgjörð sem tryggir að leikurinn verði ekki endurtekinn.

### BÓLUHAGKERFIÐ SEM HVARF

Allt eru þetta verðug verkefni en við höfum alla burði til að takast á við þau. Vinna við þau öll er þegar hafin en komin mislangt á veg. Takist okkur vel upp verður hruns íslenska fjármálakerfisins fyrr en varir ekki bara minnst vegna bóluhagkerfisins sem hvarf heldur miklu frekar vegna þess heilbrigða hagkerfis sem kom í þess stað.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar:

# Á krossgötum

Eins og flesta morgna vaknaði ég snemma með dóttur minni. Fyrir mér lá meðal annars að skrifa stuttan pistil í áramótablað Markaðarins og skila honum fyrir hádegi. Þegar ég hellti AB-mjólkinni með suðrænum ávöxtum í skálina handa henni fór ég að velta því fyrir mér hvað ég ætti að skrifa um við þessi tímamót. Fljótlega staðnæmdust hugsanir mínar við hvað þessi unga dama mundi spyrja mig um þegar áhugi hennar vaknaði síðar meir á sögunni, þjóðfélaginu og hagfræði.

### SPURNING NÆSTU KYNSLÓÐAR

Niðurstaða mín var sú að tveir möguleikar kæmu til greina og sá fyrri væri eitthvað á þessa leið: „Hvað voruð þið að hugsa? Sáuð þið virkilega ekki að þið gerðuð hverja vitleysuna á fætur annarri? Voru skattahækkanir, háir vextir og ríkisvæðing atvinnulífsins eina leiðin sem þið komuð auga á, þótt þekkt hefði verið í áttatíu ár að slíkar áherslur leiddu efnahagslífið eingöngu í enn meiri ógöngur?

**Þegar næsta kynslóð lítur um öxl og vegur og metur hremmingarnar sem sóttu að þjóðinni undir lok fyrsta áratugar aldarinnar vona ég og óska að hún geti dáðst að hyggjuviti og yfirvegun ráðandi kynslóðar**

Eða hún myndi spyrja: „Hvernig fóruð þið að þessu? Ykkur tókst að vinna ykkur út úr þessari hræðilegu bankakreppu á undraverðum hraða þannig að aðdáun vakti um heim allan. Ég er stolt af því hvernig þið lögðuð grunn að öflugum markaðsbúskap á ný sem er í fremstu röð í samfélagi þjóðanna. Það er gott að vera Íslendingur.“

### MINNI KREPPA EN SPÁÐ VAR

Nú rúmu ári eftir hrunið er erfitt að átta sig á því hvor niðurstaðan er líklegri. Þegar litið er á helstu hagstærðir virðist mega draga þá ályktun að okkur hafi farnast ívið betur en búist var við. Þannig hefur landsframleiðsla á árinu 2009 dregist minna saman en spáð var, atvinnuleysi er einnig minna og viðskiptin við útlönd hafa verið hagstæðari en reiknað var með. Á móti hefur hins vegar endurskipulagning hagkerfisins gengið hægt og efast má um margt sem þar hefur verið gert – og ekki gert.

### JÁKVÆÐ MERKI Á MARKAÐI

Við þetta má bæta af því að Kauphöllin stendur mér nærri að á þeim vettvangi hafa birst ýmis jákvæð teikn. Til marks um það er hröð endurreisn skuldabréfamarkaðar á árinu 2009. Þar erum við á áætlun – og virkur skuldabréfamarkaður er einn af hornsteinum skilvirks markaðsbúskapar.

Við bjuggumst ekki við miklu af hlutabréfamarkaði á líðandi ári, þótt þar hafi einnig gerst jákvæðir hlutir, meðal annars sala Marel á hlutum til Columbia Wanger og vel heppnað hlutabréfaútboð fyrirtækisins. Við væntum þess hins vegar – og munum gera það sem í okkar valdi stendur – að hann nái sér á strik á komandi ári.

### SEX ATRIÐI

Enginn vafi er á því að við erum á krossgötum um þessar mundir. Réttar ákvarðanir núna skipta miklu máli fyrir hagvöxt og velferð í framtíðinni. Ég vil nefna hér á eftir sex atriði sem að ég tel brýnt að hafa sérstaklega í huga á þessum krossgötum.

1. Leysa þarf sem fyrst atvinnulífið úr viðjum ríkis- og bankavæðingar. Ríkisbúskapur af því tagi sem við búum nú við getur ekki borið uppi hagvöxt og velmegun til framtíðar.

2. Nýta verður hlutabréfamarkaðinn til að losa okkur úr þessum viðjum. Hann er öflugt tæki til þess að auka valddreifingu, gegnsæi og reisa efnahagslífið við.

3. Gegnsæi þarf að vera á borði, ekki bara í orði. Meðal annars þarf að endurbæta vinnulag við sölu fyrirtækja og eignarhald banka verður að vera gegnsætt.

4. Töluverðar hættur felast í framlengingu gjaldeyrishafta: óbeinn kostnaður, trúverðugleiki skaðast og spilling eykst.

5. Efnahagsstefnan má ekki vera úr takti við hagsveifluna. Í núverandi stöðu hagsveiflunnar er vafasamt að aðhaldsstig ríkisfjár- og peningamála sé rétt stillt. Hugsanlega er víðs fjarri að svo sé.

6. Draga þarf réttan lærdóm af fjármálakreppunni/bankahruninu. Sníða þarf agnúa af markaðshagkerfinu en ekki snúa baki við kerfi sem reynst hefur vel um langt skeið og stuðlað að mikilli velmegun.

### BÖRNIN LÍTA UM ÖXL

Þegar næsta kynslóð lítur um öxl og vegur og metur hremmingarnar sem sóttu að þjóðinni undir lok fyrsta áratugar aldarinnar vona ég og óska að hún geti dáðst að hyggjuviti og yfirvegun ráðandi kynslóðar á þeim tíma – og enn verði hér í boði AB mjólk – og önnur lífsgæði – í hæsta gæðaflokki.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris Invest:

# Ár uppbyggingar fram undan

Árið 2009 og seinni hluti 2008 eru eitt erfiðasta tímabil sem íslenskt atvinnu- og efnahagslíf hefur gengið í gegnum um langt árabil. Á árinu hefur landsframleiðsla dregist saman, kaupmáttur rýrnað og atvinnuleysi aukist verulega.

Við Íslendingar höfum eytt miklum kröftum í að takast á við afleiðingar bankahrunsins og alþjóðlegrar efnahagsniðursveiflu. En þó að viðfangsefnin séu snúin hefur engu að síður töluverður árangur náðst.

Árið 2009 er vissulega kreppuár, en það er einnig árið sem við brugðumst við gjörbreyttum aðstæðum og hófum að treysta hinar nýju stoðir efnahagslífsins. Endurreisn bankakerfisins er nú langt komin og vinna við endurskipulagningu á efnahag atvinnulífs og heimila landsins komin á skrið. Seðlabankinn hefur lagt af stað í vaxtalækkunarferli sem er grundvallarforsenda endurreisnar og atvinnuuppbyggingar.

Ef horft er út fyrir landsteina skiptir mestu að á árinu tókst að koma í veg fyrir að efnahagsniðursveiflan yrði að enn alvarlegri kreppu. Vaxtalækkanir allra helstu seðlabanka heimsins og viðbrögð stjórnvalda helstu hagkerfa hafa tryggt að botn niðursveiflunni er nú þegar að baki. Flest bendir til að fram undan sé hægur en öruggur efnahagsbati á heimsvísu. Athyglisvert er að nýmarkaðir í Asíu og S-Ameríku munu að líkindum taka hraðar við sér en Vesturlönd og verða drifkraftur heimsbúskaparins næstu árin.

### MAREL STYRKTI STOÐIR SÍNAR

Ástand efnahagsmála á heimsmörkuðum hafði mikil áhrif á rekstur Marels á árinu sem er að líða. Hin snarpa niðursveifla í heimsbúskapnum sem varð undir árslok 2008 og sú mikla óvissa sem fylgdi í kjölfarið leiddi af sér tímabundinn samdrátt í fjárfestingu atvinnuvega um allan heim.

Stjórnendateymi Marels og starfsfólk brást við af mikilli snerpu og lagaði kostnaðargrunn félagsins að nýjum aðstæðum. Með bættu sjóðsstreymi, sölu eigna utan kjarnastarfsemi og hlutafjáraukningu hefur tekist að treysta efnahag félagsins verulega. Árangur í rekstri er nú þegar farinn að sýna sig og við horfum björtum augum til framtíðar.

Við erum ánægð með það traust sem fjármálastofnanir og hluthafar hafa sýnt Marel. Í þeim efnum má sérstaklega nefna kaup sjóða á vegum bandarískra eignastýringarfyrirtækisins Columbia Wanger á ríflega fimm prósenta hlut í Marel í haust. Þar eru á ferð afar öflugir og reynslumiklir fjárfestar sem horfa til lengri tíma. Það er fróðlegt og ánægjulegt að sjá að þeir deila skoðunum okkar á horfum í atvinnugreininni og þróun markaða næstu árin.

Þegar alþjóðlegt efnahagslíf og fjármálamarkaðir taka við sér að nýju sjáum við mikil tækifæri til þess að vaxa með góðum og arðbærum innri vexti eftir að hafa styrkt samkeppnisstöðuna með vel heppnuðum yfirtökum síðustu ár. Einnig hefur ekkert verið gefið eftir í

fjárfestingum tengdum vöruþróun félagsins á sama tíma og samkeppnisaðilar félagsins hafa dregið stórlega úr rannsókna- og þróunarkostnaði. Samkeppnisstaðan er því sterk og fram undan uppskerutími ef rétt er haldið á spilunum.

### LÆRUM AF REYNSLUNNI

Árið 2010 verður að mörgu leyti erfitt ár fyrir okkur Íslendinga. Árið mun að öllum líkindum marka botninn í kreppunni, en á sama tíma er það sá tímapunktur þegar ástandið fer að batna að nýju ef rétt er haldið á málum.

Óhjákvæmilegt er að hið opinbera

Ingólfur H. Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka:

# Ár endurreisnar í íslenskri hagsögu

Ársins 2009 verður eflaust minnst fyrir að vera ár endurreisnar í íslenskri hagsögu. Eftir að gjaldeyris- og bankakreppan brast á árið 2008 voru fjölmörg verkefni sem biðu úrlausnar á árinu 2009. Í efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og íslenskra stjórnvalda sem gerð var í nóvember 2008 voru lagðar línurnar í þessum verkum þar sem stefnt var að því að ná gengi krónunnar stöðugu, styrkja stöðu ríkissjóðs og að endurreisa íslenskt bankakerfi.

**STÖÐUGLEIKINN MIKILVÆGUR**

Ýmislegt hefur áunnist í þessum stefnumálum á árinu. Með höftum á gjaldeyrismarkaði, háum stýrivöxtum Seðlabankans og þar til nýverið inngripum Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði hefur náðst að halda krónunni stöðugri um hríð. Hefur sá stöðugleiki verið efnahagslífinu mikilvægur og kærkomið skjól til uppbyggingar. Með þessum aðgerðum hefur verðbólgan hjaðnað allnokkuð og svigrúm skapast fyrir lækkun vaxta. Hvorutveggja hefur verið jákvætt þó að enn sé verðbólgan talsvert mikil og vextirnir háir. Reikna má með því að höftin verði áfram hér á næsta ári að minnsta kosti en að vextirnir lækki frekar og verðbólgan hjaðni.

**ENN MARGT ÓGERT**

Endurreisn bankakerfisins hefur gengið betur en upprunalega var áætlað. Er nú orðið ljóst að eiginfjárframlag ríkissjóðs til bankanna er mun minna en reiknað var með eftir hrunið og munar þar ríflega 200 milljörðum króna. Þá er erlent eignarhald bankanna kostur en meðal annars má vænta að það geri erlenda fjármögnun þeirra mögulega fyrr en ella. Þrátt fyrir þennan áfanga er enn margt ógert við uppbyggingu bankakerfisins en á nýju ári blasir við að leysa þarf úr ýmsum málum í sparisjóðakerfinu og koma fjármálamörkuðum í eðlilegra horf.

**KREFJANDI VERKEFNI**

Langtímaáætlun í ríkisfjármálum leit dagsins ljós á árinu þar sem lýst er með hvaða hætti ríkisstjórnin ætlar að láta enda ná saman á næstu árum og byrja að greiða upp skuldir. Leyft verður að innbyggðir sveiflujafnarar ríkisfjármála virki áfram en að hallinn á ríkissjóði sé minnkaður bæði með niðurskurði ríkisútgjalda og hækkun skatta. Ljóst er að þrátt fyrir aðgerðirnar verður ríkissjóður hvetjandi fyrir eftirspurn í landinu á næsta ári og hjálpar þannig til við að hefja það upp úr þeirri kreppu sem þá verður í algleymingi. Aðgátar er þörf í þessum málum þar sem skuldastaða ríkissjóðs hefur versnað allverulega núna í hruninu og verkefni næstu ára verður að grynnka á þeim skuldum.

**MINNI KREPPA**

Kreppan á árinu 2009 hefur ekki verið eins mikil og fyrst var reiknað með. Spár um þróun landsframleiðslu hljóðuðu fyrst upp á nær tíu prósenta samdrátt á árinu en nú er líklegt að samdrátturinn hafi verið um eða innan við sjö prósent. Að sama skapi hefur atvinnuleysi ekki vaxið jafn skarpt og búist var við. Ljóst er þó að samdrátturinn er ærinn og atvinnuleysið meira en Íslendingar hafa áður þurft að búa við. Eignir hafa lækkað í verði og skuldir hækkað og hefur því efnahagsleg staða fyrirtækja og heimila versnað umtalsvert á afar skömmum tíma. Kreppan er þannig ein sú erfiðasta sem hagkerfið hefur þurft að ganga í gengum.

**MIKILVÆGT AÐ OPNA HAGKERFIÐ**

Árið 2010 verður að öllum líkindum árið þar sem hagkerfið finnur botn kreppunnar. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á enn eftir að dragast saman sem og einkaneyslan. Fjárfesting á einnig eftir að finna botninn og sömuleiðis húsnæðisverð. Unnið verður að úrlausn í fjárhagsvanda fyrirtækja og heimila og má reikna með því að uppsveiflan verði drifin af erlendri fjárfestingu og útflutningi sem nú nýtur góðs af lágu raungengi og því að fjármálakreppan hefur ekkert skert helstu náttúruauðlindir landsins. Þó svo að botninn í kreppunni finnist á næsta ári mun endurreisnarstarfið halda áfram hér á næstu árum. Þar er afar mikilvægt að opna hagkerfið á ný og byggja undir traust þess.

hagræði í rekstri sínum, líkt og einkageirinn hefur gert eða er að fást við. Með því er hægt að draga úr skattahækkunum, sem eru þó óumflýjanlegar að einhverju marki við núverandi aðstæður.

Það er miður að einfaldleika og gagnsæi skattkerfisins hafi verið fórnað að einhverju leyti við þessar breytingar; mögulegt hefði verið að afla aukinna tekna innan óbreytts kerfis. Hér takast greinilega á tekjujöfnunar- og tekjuöflunarsjónarmið, sem er hápólitískt mál og gamalt bitbein hægri- og vinstrimanna. Mikilvægasti lærdómur síðustu ára er að við verðum að stunda hér atvinnustarfsemi sem byggir á raunverulegri samkeppnisstöðu. Til þess að svo megi verða þurfum við að gefa okkur tíma til að leggja traustar undirstöður. Það þýðir að við verðum að leggja enn ríkari áherslur á menntun, nýsköpun, rannsóknir og þróun. Það verða undirstöður farsæls atvinnulífs á Íslandi á komandi árum og áratugum.

Ari Edwald, forstjóri 365 miðla:

# Ár millibilsástands

Árið 2009 var að mínu mati óttalegt leiðindaár. Ekki ár hörmunganna sjálfra, því bæði krónuhrunið og bankahrunið áttu sér stað á árinu 2008, eins og kunnugt er. En því miður varð árið 2009 ekki heldur það ár samstöðu og forystu til framtíðar sem er forsenda enduruppbyggingar íslensks efnahagslífs. Vonandi göngum við vasklegar til móts við árið 2010.

**FRÆ TORTRYGGNI**

Landsmálapólitíkin hefur oft minnt óþægilega mikið á sandkassaleik, þar sem liðstreyjan og skipan í stjórn og stjórnarandstöðu, skiptir meiru en málefnin. Vissulega hefur eitthvað þokast varðandi endurskipulagningu bankanna og fleiri mál, en hlutirnir þurfa að ganga miklu hraðar fyrir sig og endurskipulagningin að ná út til fyrirtækjanna og heimilanna. Að mínu mati eiga hagsmunir banka, fyrirtækja og þjóðarinnar almennt, samleið í því að hratt sé unnið eftir þeim línum sem stjórnvöld og bankar hafa kynnt. Það er hins vegar auðvelt að snúa út úr flóknum viðfangsefnum ef menn hafa einbeittan vilja til þess og ýmsir hafa kosið sér það hlutskipti að fiska í gruggugu vatni og sá fræjum tortryggni í garð alls sem gert er til að forða frekara tjóni og atvinnumissi.

**VEGIÐ AÐ ATVINNULÍFINU**

Mistök stjórnvalda eru að leggja mesta áherslu á að skattleggja sig út úr vandanum og spilla skattkerfinu, fremur en að leggja jafnframt áherslu á hraðari uppbyggingu þar sem það er hægt og á að stjórnvöld axli ábyrgð á að vinda ofan af ofþenslu hins opinbera bákns, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Byrðunum á að varpa á almenning og fyrirtæki, sem þegar hafa sagt upp jafnvel tugum prósenta af sínu starfsfólki til að lifa af. Á sama tíma er vegið að atvinnulífinu með ýmsum hætti. Það væri skárra að stjórnvöld dældu út beinhörðum peningum heldur en að hengja byrðar óhagkvæmni á sjávarútveginn, sem mun rýra lífskjör þjóðarinnar til framtíðar.

Aflahlutdeildarkerfið er forsenda þess styrks sem sjávarútvegurinn hefur, þrátt fyrir allt, og hefur reynst eitt helsta tromp landsmanna í þeim hörmungum sem gengið hafa yfir. Viðleitni stjórnvalda til að brjóta hlutdeildarkerfið niður með gerræðislegri úthlutun aflaheimilda, eins og í skötusel, og umræður um fyrningu aflaheimilda hafa að óþörfu skapað óvissu og dregið mátt úr atvinnulífinu, langt út fyrir sjávarútveginn eins og hann er venjulega skilgreindur.

**KRÓNAN FRAMTÍÐARLAUSN?**

Ég er þrátt fyrir allt bjartsýnn á framtíðina og í rekstri 365 miðla hefur með erfiðum aðgerðum tekist að bæta afkomuna verulega þótt tekjur hafi minnkað. Til lengri tíma hljóta þó allir að spyrja um þá umgjörð sem atvinnulífi verður búin hér á landi.

Ég á bágt með að sjá fyrir mér opið hagkerfi með frjálsum fjármagnsflutningum með krónuna sem gjaldmiðil. Hvaða mistök voru gerð við stjórn hennar á síðustu árum sem ekki þyrfti að endurtaka? Ég kann ekki svar við því, eða hvernig íslenskt atvinnulíf eigi að geta blómstrað með að minnsta kosti fimm prósent hærri vexti en eru annars staðar.

Gjaldmiðilsmálið og þar með möguleg aðild að Evrópusambandinu er stærsta efnahagslega spurningin sem blasir við stjórnvöldum á komandi árum. Hún verðskuldar dýpri og málefnalegri umræður en stjórnmálin hafa boðið upp á síðustu misserin. Ég óska öllum farsældar á komandi ári.

Ásmundur Stefánsson, bankastjóri Nýja Landsbankans (NBI):

# Byggt á nýjum grunni

Sennilega er þetta eitt furðulegasta ár síðari tíma. Ár sem einkenndist af upplausn, hófst með kröftugum mótmælum sem ekki eiga sinn líka og leiddu til afsagnar ríkisstjórnar Geirs Haarde, nýrrar ríkisstjórnar og kosninga.

Kosningarnar eyddu ekki óróanum og heiftúðugar deilur hafa áfram sett sterkan svip á árið. Það er ekki aðeins deilt á Alþingi. Ófriður geisar um allt þjóðfélagið. Fúkyrðaflaumur og óvægin ummæli um tiltekna einstaklinga er í raun og veru eitt helsta einkenni ársins 2009 og flest öll umræða er lituð af þessu andrúmslofti.

Allt eru þetta afleiðingar efnahagslegra hamfara, hruns banka, hruns alls fjármálakerfisins og fall gjaldmiðilsins sem ekki hefur tekist að stöðva, jafnvel ekki með gjaldeyrishöftum.

**SÁRIN GRÓA EKKI STRAX**

Almenningur hefur þurft að horfast í augu við tekjutap, hækkandi verðlag, hækkandi skatta og atvinnuleysi. Þrátt fyrir allt er atvinnuleysi á Íslandi þó lægra en að meðaltali innan Evrópusambandsins og lægra en í Bandaríkjunum. En hrunið skilur alla eftir í sárum og það er fyrirsjáanlegt að þau sár gróa ekki strax.

Hvað Landsbankann varðar, þá er þetta ár eftirminnilegt fyrir margra hluta sakir. Við hrunið bjó gamli bankinn að miklum innistæðum – Icesave – í útibúum sínum í Bretlandi og Hollandi sem með neyðarlögunum breyttust í forgangskröfur í þrotabúið. Þar sem um útibú var að ræða en ekki dótturfélög, ber Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi stórfellda fjárhagslega ábyrgð vegna innistæðnanna.

**BANKI Á NÝJUM GRUNNI**

Landsbankinn nýi sem stofnaður var á rústum hins gamla, er að fóta sig á nýjum grunni. Endurreisa innviðina og takast á við vandamál viðskiptavina sinna, jafnt fólks sem fyrirtækja. Bankinn á allt undir því að ná sáttum við umhverfi sitt og öðlast traust til að vera í framtíðinni það leiðandi afl sem stærð hans kallar á og efnahagslífið þarf á að halda.

Starfsfólk bankans hefur gengið í gegnum mikla elda á liðnu ári en jafnframt sýnt hvað í því býr. Starfsfólkið hefur sjálft mótað gildi hins nýja banka: heilindi, virðingu, fagmennsku og eldmóð og það er mjög vel þess megnugt að bera bankann fram til nýrra tíma. Það á hrós skilið fyrir frækilega framgöngu sína á árinu og það mun ekki bregðast væntingum á árinu sem fram undan er.

**ENDURREISN BANKANS**

Nú í desember náðist samkomulag um efnahag og fjármögnun Landsbankans. Samningaviðræður voru flóknari en hjá hinum bönkunum tveimur bæði vegna stærðar bankans og stöðu viðsemjendanna, fjármálaráðuneytanna í Bretlandi og Hollandi. Niðurstaðan er ásættanleg fyrir alla. Ríkið leggur fram minna fé en upphaflega var ráð fyrir gert, kröfuhafarnir fá meira en þeir gátu vænst og Landsbankinn stendur fjárhagslega traustur og vel búinn til forystu í endurreisn og uppbyggingu íslensks efnahagslífs.

Landsbankinn tók meira til sín af eignum úr gamla bankanum en gerðist hjá hinum bönkunum og axlar á móti skuldabréf í erlendri mynt. Rekstur bankans á að standa vel undir þeirri byrði og þar

sem skuldin er í erlendum gjaldmiðlum gerir hún bankanum kleift að standa undir erlendri lánsfjárþörf útflutningsatvinnuveganna. Ef vel gengur mun Landsbankinn skila kröfuhöfum viðbótargreiðslum í samræmi við árangur. Bankinn endurgreiðir því það sem hann hefur bolmagn til næstu árin, en án þess þó að þrengt sé að rekstrarhæfi hans eða möguleikum til að þjóna einstaklingum og fyrirtækjum á Íslandi. Mikilvægt er að útflutningsgreinarnar vita nú að þær eiga traustan bakhjarl í Landsbankanum.

**LAUSNIR MÓTAST AF REYNSLU**

Bankarnir hafa sætt gagnrýni fyrir að fara sér hægt, einkum í samskiptum við fyrirtækin. Ég tel að bankarnir hafi gert rétt með því að gefa svigrúm og sýna bæði fólki og fyrirtækjum tillitssemi og sveigjanleika á þeim mánuðum sem liðnir eru frá hruni. Tíminn hefur verið notaður til að leita leiða.

Heimilin og fyrirtækin eru fundvísari en fjármálastofnanirnar á hvar sé hægt að hagræða og hvar skuli sækja fram. Lausnirnar urðu að mótast af reynslu. Bráðræði hefði stefnt mörgu í voða í íslensku atvinnulífi. Það hefði verið rangt að keyra illa stödd fyrirtæki umsvifalaust í gjaldþrot án frekari umhugsunar, eins og margir hafa beðið um að yrði gert. Þótt eigið fé fyrirtækis sé uppurið geta verið mikil verðmæti í starfseminni sjálfri og störfunum sem af henni leiða og gæta verður þess umfram allt að neytendur skaðist ekki ef þrengt er að samkeppni. Ég held að bankakerfið allt hafi sameinast um skynsamleg viðbrögð við erfiðri stöðu og fullyrði að ef svo hefði ekki verið, væri atvinnuleysi hér á landi að lágmarki þremur prósentum meira en það er.

Ég tel fyrirsjáanlegt að næsta ár verði erfitt en ég vænti þess að mál þróist til betri vegar á síðari hluta ársins.

**FORTÍÐIN EKKI UMFLÚIN**

Landsbankinn hefur að stórum hluta eytt þessu ári í endurskipulagningu innanhúss, í skoðun á því hvað fór úrskeiðis og af hverju. Það hefur tekið á. Enginn hleypur frá fortíð sinni og nýtt nafn eða útlit breyta engu þar um, það geta aðeins verkin gert. Nú hefur stórum áfanga verið náð með samþykkt stofnefnahags bankans og mjög mikilvægt er að vel verði unnið úr stöðu hans, enda er framtíð Landsbankans og íslensks atvinnulífs tengd órjúfanlegum böndum.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka:

# Að líta á björtu hliðarnar

Það er einkenni á öllum uppsveiflum að fólk hneigist til of mikillar bjartsýni og veitir aðeins jákvæðum fréttum athygli en þeim neikvæðu er ýtt til hliðar. Af þeim sökum hleypur fólk oft fram úr sér á þenslutímum. Öfgarnar eru síðan endurteknar í hina áttina þegar niðursveifla ríkir og neikvæðnin skyggir á allar góðar fréttir. Nú virðist það runnið upp fyrir þjóðinni að hún hafi gerst sek um ofurbjartsýni á góðæristímunum en þá jafnframt virðist sem mistökin ætli að verða endurtekin í hina áttina með ofursvartsýni sem lítur framhjá þeim góðu fréttum sem hafa verið að koma fram undanfarna mánuði. Rétt eins og lítill hljómgrunnur var fyrir úrtöluröddum á uppgangstímum, þurfa þeir sem benda á björtu hliðarnar nú að þola háðsglósur.

**MARGAR GÓÐAR FRÉTTIR**

Satt er að Ísland er í slæmri stöðu við bankahrunið. Samt sem áður er staðreyndin sú að nær öll tíðindi af efnahagsmálum hafa verið jákvæð sem borist hafa á síðari helmingi ársins 2009. Fyrst má telja að niðursveiflan í hagkerfinu verður töluvert grynnri en óttast hafði verið og grænir sprotar í útflutningi sjást víða. Þá hefur tekist að einhverju leyti að ná sáttum við alþjóðafjármálaumhverfið með yfirtöku kröfuhafa á tveimur af þremur viðskiptabankanna. Það sem skiptir þó mestu er að neyðarlögin (frá október 2008) virðast ætla að halda ef marka má bráðabirgðamat ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, sem gefið var út í byrjun desember. Neyðarlögin voru sá hornsteinn sem var lagður fyrir lausn fjármálakreppunnar hérlendis og endurreisn fjármálakerfisins – og hann virðist ætla að halda. Það er hins vegar tímanna tákn að þessi frétt fékk litla sem enga athygli í íslenskum fjölmiðlum.

**KREPPAN LEYST ERLENDIS**

Svo virðist einnig sem Ísland muni ekki koma landa verst út úr hinni alþjóðlegu fjármálakrísu. Krísan sú arna var „leyst“ ytra með því að lækka vexti að núlli og prenta peninga í gríðarlegum mæli. Hinum raunverulega vanda hefur því verið sópað undir teppið – a.m.k. einhverju leyti – þar sem bankastofnanir beggja vegna Atlantshafs sitja enn með ónýt en óafskrifuð lán á bókum sínum.

Björgunaraðgerðir á fjármálamarkaði hafa einnig kostað sitt fyrir ríkissjóði þessara landa en þær hafa falist í því að ríkisvæða hluta af skuldum bankakerfisins með því þjóðnýta banka, kaupa lélegar bankaeignir og samþykkja

vafasöm veð í endurlánaviðskiptum. Þessi kostnaður hefur hins vegar ekki enn komið upp á yfirborðið nema í litlum mæli.

Sem dæmi mætti nefna að fjárlagahalli Bretlands fyrir árið 2009 er nú áætlaður um þrettán prósent af landsframleiðslu og hann hefur nær eingöngu verið fjármagnaður með peningaprentun – það er uppkaupum breska seðlabankans á ríkisskuldabréfum.

**KRÓNAN LÁG Í ÁRATUG**

Ísland þarf vitaskuld að kljást við mörg vandamál. Framtíðarhagvöxtur felst fyrst og fremst í útflutningi en það tekur tíma að byggja þær greinar upp. Á næstu árum er fyrirséð að gjaldeyrisöflun þjóðarinnar er ekki nægjanleg til þess að standa undir afborgunum erlendra skulda, vaxta og kaupum á þeim innflutningi sem þjóðin þarfnast. Af þeim sökum verður gengi krónunnar að vera áfram lágt til næstu fimm til tíu ára.

Höfuðmálið er samt sem áður að ná trausti erlendra fjármálamarkaða á nýjan leik og í því efni hefur töluvert áunnist. Hvað sem um íslenska fjármálakerfið má segja eftir hrun er ljóst að afskriftirnar hafa verið teknar og nú er mjög langt komið að ganga frá uppgjöri eftir fjármálabóluna. Það er mun meira en flest önnur Evrópulönd geta státað af en mikilvægi þeirrar staðreyndar mun líklega verða sýnilegt fyrr en síðar þegar lengur er liðið frá hruninu.

Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík:

# Hvar viljum við vera árið 2020?

Erfitt ár er nú brátt að baki. Eftir hrun það sem varð á síðari hluta árs 2008 hefur uppbygging gengið hægar en vonir stóðu til. Tímanum hefur þó ekki verið varið til einskis heldur hefur margt áunnist.

**NAUÐSYNLEGAR AÐGERÐIR**

Endurreisn bankanna er nú lokið og tveir þeirra verða brátt í meirihlutaeigu erlendra aðila. Búið er að afgreiða fjárlög ársins 2010 á Alþingi eftir eina erfiðustu fjárlagagerð í manna minnum. Í þessum fjárlögum er meiri niðurskurður og meiri skattahækkanir en við höfum séð í langan tíma. Þó að þetta séu ekki vinsælar aðgerðir, ef til vill megi færa rök fyrir því að skeri eigi annað niður en gert er í þessum fjárlögum og ef til vill hefði mátt útfæra skattabreytingar með öðrum hætti, þá eru aðhaldsaðgerðirnar nauðsynlegar til að koma í veg fyrir áframhaldandi skuldasöfnun ríkissjóðs. Þegar þetta er skrifað á enn eftir að afgreiða Icesave-málið frá Alþingi, en vonandi gerist það á næstu dögum.

Allt eru þetta mál sem þurfti að afgreiða sem afleiðingar hrunsins. En hvað tekur nú við? Hvað ber framtíðin í skauti sér? Margir eru svartsýnir á framtíðina, en við megum ekki gleyma því að í erfiðleikunum leynast tækifæri. Framtíðin er ekki endilega það sem að okkur er rétt, heldur allt eins það sem við ákveðum að gera úr henni.

**STERK EFTIR UPPSTOKKUN**

Jú, það er rétt að fjölmörg fyrirtæki eiga í fjárhagsvanda. Það er einnig rétt að fjölmargar fjölskyldur eiga við skuldavanda að etja. Í umræðunni er oft eins og öll fyrirtæki eigi í fjárhagsvanda og allar fjölskyldur eigi í skuldavanda. Þetta er rangt. Það er áætlað að um helmingur fyrirtækja eigi við fjárhagsvanda að etja og um fimmtungur heimila sé í skuldavanda. Bankarnir ásamt ríkissjóði bjóða nú upp á fjölmörg úrræði til handa þeim hópi sem þarf á aðstoð að halda og er sjálfsagt fyrir þá að nýta sér þessi úrræði. Þá hefur verið bent á að þessi úrræði nýtist ekki öllum. Satt er það. Sum fyrirtæki eru í slíkum vanda að ekki eru til úrræði önnur en að slíta rekstri. Sumir einstaklingar fóru fram úr sér á góðæristímum og hefðu lent í alvarlegum skuldavanda óháð því hvort kreppa hefði skollið á eða ekki. Endurskipulagning fjárhags fyrirtækja og heimila mun taka tíma og vera sársaukafull fyrir marga. En að endurskipulagningu lokinni stöndum við eftir með sterkari efnahag til framtíðar.

**MIKILVÆGT AÐ LJÚKA ICESAVE**

En hvar viljum við vera eftir áratug? Hvaða valkostir eru á borðinu? Okkur stærstu ákvarðanir til framtíðar lúta að stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu. Eins og er vilja fáar erlendar fjármálastofnanir eiga við okkur viðskipti og við höfum sett ströng höft á flæði gjaldeyris út úr landinu. Takist okkur að klára Icesave-málið er einungis tímaspursmál hvenær okkur tekst að taka upp eðlileg samskipti við erlendar fjármálastofnanir. Ég tel hins vegar litlar líkur á því að okkur takist að afnema gjaldeyrishöftin. Eitt af skilyrðum um Evrópska efnahagssvæðið er frjálst flæði fjármagns. Með gjaldeyrishöft uppfyllum við ekki skilyrði EES-aðildar og höfum ekki gert nú í ríflega ár.

**STEFNUM FRAM Á VIÐ**

Ef við stefnum á aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar er ólíklegt að aðildarríki Evrópusambandsins muni láta gjaldeyrishöftin á sig fá þar sem um tímabundna ráðstöfun yrði að ræða. Ef aftur á móti hik er í aðildarviðræðum og ef Icesave-málið dregst enn á langinn verður að telja ólíklegt að áframhaldandi aðild að EES sé í boði. Líklegast er því að valkostirnir séu aðild að Evrópusambandinu og upptaka evrunnar eða Ísland utan EES. Hið fyrra er skref fram á við, en hið síðara er skref aftur á bak. Ég vil stefna fram á við.

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital:

# Hugsum til lengri tíma

Ég tel að ársins 2009 verði fyrst og fremst minnst sem árs aðgerðarleysis og doða. Að sumu leyti er það skiljanlegt; áfallið sem dundi yfir haustið 2008 var stórt og því er eðlilegt að það taki tíma að ná áttum. Nú er hins vegar kominn tími til að taka á sig rögg og horfa til framtíðar því við stöndum frammi fyrir einstöku tækifæri til að byggja upp á nýjum grunni og setja okkur nýja og skýra framtíðarsýn.

**FRAMTÍÐARSÝNIN MIKILVÆG**

Á þessum tímamótum er lykilatriði að hafa kjark til að horfa til langs tíma, það nægir ekki að setja niður tólf til átján mánaða markmið. Skammtímalausnir geta ef til vill „reddað“ okkur til skamms tíma litið, en hættan er sú að þær geri langtímahorfur okkar verri. Við þurfum að hafa dug og þor til að setja okkur framtíðarsýn og markmið til tíu til fimmtán ára, og við þurfum að hafa úthald til að fylgja þeim eftir. Þrátt fyrir að afraksturinn taki tíma að koma í ljós verðum við að gera okkur grein fyrir því að það réttlætir ekki frestun umræðu og ákvarðana. Það eru einmitt ákvarðanirnar sem við tökum í dag sem munu þegar upp er staðið koma okkur á þann áfangastað sem við sækjumst eftir.

**ÍSLAND FYRIRMYND ANNARRA**

Ég er sannfærð um að Ísland hefur alla burði til að vera fyrirmynd annarra landa hvað varðar skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda, þróun hreinnar orku, mannvirðingu, heiðarlega og gagnsæja viðskiptahætti, fjölbreytileika og jöfn tækifæri. Til þess að svo megi verða þurfum við bæði að hlúa að sérstöðu okkar og huga vel að því hvernig við ráðstöfum þeim auðlindum sem náttúra og mannauður okkar hefur að geyma og við þurfum að festa okkur í sessi sem ábyrgur og eftirsóttur aðili í alþjóða samstarfi.

**INNGANGA Í ESB**

Innganga í Evrópusambandið er að mínu mati ein mikilvægasta ákvörðunin sem við stöndum frammi fyrir. Það val má ekki stjórnast af þröngum sérhagsmunum né skammtímasjónarmiðum.

Ég tel að sjálfstæði þjóðarinnar verði best tryggt með nánum tengslum við alþjóðasamfélagið. Einangrun, einhæft atvinnulíf og afturhvarf til fortíðar mun ekki skila langtímaárangri.

Innganga í Evrópusambandið tryggir okkur jafnframt langtímalausn í gjaldmiðlamálum. Það er löngu úrelt sjónarmið að örmyntin krónan færi okkur sveigjanleika og sjálfstæði í hagstjórn. Því miður hefur sú tálsýn átt stóran þátt í að koma okkur í þann vanda sem við glímum nú við. Þau rök sem gjarnan eru notuð gegn aðild að Evrópusambandinu eru hve langan tíma það taki að fá evruna, það er að aðild muni ekki „redda málum“ til skemmri tíma. Hér er gríðarlega mikilvægt að huga að langtímahagsmunum þjóðarinnar: Við munum ekki geta byggt upp samkeppnishæft atvinnulíf með gjaldmiðil sem er einskis virði í alþjóðlegum viðskiptum.

**MENNTUN OG NÝSKÖPUN**

Það er grundvallaratriði að nýta næstu ár vel til að styrkja innviði íslenska samfélagsins. Það gerum við fyrst og fremst í gegnum gott og skilvirkt menntakerfi. Vissulega skipta heilbrigðis- og velferðarmál miklu máli en framtíðarfjárfesting samfélagsins liggur fyrst og fremst í uppbyggingu menntunar. Þannig er öflug menntun grundvöllur nýsköpunar og fjölbreytts atvinnulífs. Við þurfum að halda vöku okkar gagnvart þróun og endurbótum í menntun og vera tilbúin að gera nauðsynlegar breytingar sem tryggja gæði, skilvirkni og skynsamlega nýtingu fjármuna. Efling menntunar er grunnur að uppbyggingu samfélags sem getur nýtt auðlindir á skynsaman hátt, þannig að þær skili hagsæld og verðmætum ekki einungis til okkar sem nú byggjum landið heldur einnig til komandi kynslóða.

**HORFA Á LANGTÍMAMARKMIÐIN**

Ég tel að nú um áramót beri okkur að taka á okkur rögg og vera óhrædd við að beina sjónum okkar út yfir ásakanir og skammtímasjónarmið og einbeita okkur að nýrri framtíðarsýn og langtímamarkmiðum. Það er skylda okkar gagnvart komandi kynslóðum, skylda sem okkur ber að efna.

Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Arion banka:

# Enn margt ógert í endurreisn landsins

Árið 2009 var viðburðaríkt hjá okkur í Arion banka. Þótt uppgjör við Kaupþing banka (gamla Kaupþing) og einstök skuldaúrlausnarmál fyrirtækja hafi verið áberandi í umræðunni hefur fjölmargt annað áunnist. Starfsemi bankans hefur verið löguð að gerbreyttum aðstæðum á fjölmörgum sviðum fjármálaþjónustu, hagræðing aukin með breytingum á útibúanetinu, kynntar ýmsar lausnir á skuldavanda heimila, hafin markviss úrvinnsla á málum of skuldsettra fyrirtækja og grunnur lagður að nýrri framtíð undir nýju nafni. Á sama tíma hefur verið unnið skipulega að því að efla starfsandann sem beið hnekki við fall gamla bankans í október 2008.

**NÝ SÝN – NÝ STEFNA**

Síðustu vikur ársins voru viðburðaríkar í Arion banka. Þá voru leidd til lykta ýmis mál sem höfðu verið í deiglunni býsna lengi. Ég hef þegar nefnt eigandabreytinguna sem tilkynnt var 1. desember.

Nú er ljóst að Kaupþing banki – og með óbeinum hætti innlendir og erlendir kröfuhafar þess banka – mun eiga 87 prósent af hlutafé Arion banka. Ég tel að þetta hafi verið afar farsæl niðurstaða fyrir alla aðila, ekki síst íslenska skattgreiðendur. Um svipað leyti tók bankinn upp nýtt nafn, stefnu, framtíðarsýn, markmið og gildi.

Loks nefni ég ýmsar lausnir á skuldavanda heimila sem bankinn kynnti í byrjun desember og hafa mælst vel fyrir meðal viðskiptavina. Á árinu hefur þannig verið lagður grunnur að ýmsu sem bankinn mun uppskera á næstu mánuðum og misserum.

**OF MARGIR BANKAR Í LANDINU**

Ýmislegt hefur áunnist á fjármálamarkaði á árinu en framundan eru fleiri mikilvæg verkefni. Ég nefni þau helstu:

• Ná fram frekari hagræðingu. Arion banki lokaði sex útibúum/afgreiðslustöðum á árinu og stytti afgreiðslutíma sums staðar. Þá tók bankinn yfir rekstur Sparisjóðs Mýrasýslu og öll innlán SPRON þegar sá sparisjóður féll og þjónustar útlánin fyrir slitastjórn SPRON. Það þarf að gera betur því framboð af bankaþjónustu er einfaldlega of mikið. Núna eru fjórir aðilar að bjóða almenna bankaþjónustu um land allt, Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn og sparisjóðirnir. Að mínu viti duga tveir.

• Leysa úr skuldavanda fyrirtækja. Fjöldinn allur af stórum og smáum fyrirtækjum eru illa löskuð vegna of mikillar skuldsetningar, breytinga á rekstrarforsendum eða hvoru tveggja. Því fyrr sem tekið er á málum þeirra, þeim mun fyrr verður atvinnulífið heilbrigt og endurreisn hagkerfisins öflugri.

Í þessum úrvinnslumálum munu koma upp siðferðileg álitamál, einkum hvort vinna skuli með núverandi eigendum og stjórnendum, hvort gætt sé jafnræðis í afskriftum skulda og hvort bankarnir hafi óeðlileg áhrif á samkeppni með framgöngu sinni. Einstök mál munu verða umdeild og mistök munu verða gerð. Óttinn við það má þó ekki verða til að lama verkviljann.

• Endurreisa innlendan hlutabréfamarkað sem skaddaðist við bankahrunið í október 2008. Í öllum þróaðri ríkjum eru starfandi öflugir hlutabréfamarkaðir, enda eru þeir mikilvæg uppspretta fjármagns fyrir atvinnulífið og hagvöxt og vettvangur fyrir skipulögð viðskipti. Bankarnir munu á næstunni eignast ýmis fyrirtæki að hluta eða öllu leyti og kauphallarskráning getur verið kjörin leið til að selja þessa eignarhluti. Þá hlýtur að koma til álita að kauphallarskrá hlutabréf í bönkunum sjálfum þegar fram líða stundir.

**FRESTUN MÁLA HÆTTULEG**

Þótt margt hafi áunnist í þjóðlífinu á árinu 2009 er samt eins og okkur hafi miðað skammt áfram. Það er eins og vonbrigðin, vantraustið, tortryggnin, beiskjan og reiðin séu enn það sterk að við náum ekki að hrista af okkur bölmóðinn. Því er hættan sú að við hjökkum í sama farinu næstu mánuði og misseri.

Ef við ætlum að fresta öllu á meðan við leitum að hinu fullkomna réttlæti, þá mun okkur ekki miða fram á veginn. Þá mun sífellt fleira fólk verða afhuga því að búa áfram hér á landi. Ég vil hins vegar trúa því að gamla góða íslenska seiglan og dugnaðurinn komi okkur út úr þeim vanda sem nú liggur fyrir á allra næstu misserum.




RÍKISVÍXLASJÓÐUR

STEFNIR

Traustur kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

90% ríkisvíxlar og ríkisskuldabréf 10% innlán

» Víxlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
» Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
» Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
» Lágmarkskaup 5.000 kr.
» Enginn munur á kaup- og sölugengi.

**Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.**
Kynntu þér Ríkisvíxlasjóð hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

STEFNIR.COM

Ríkisvíxlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887 skv. lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrirfjárfesta. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 3. febrúar 2009 eru „innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu“.Með yfirlýsingu frá 9. desember 2009 lýsti ríkisstjórnin því yfir að yfirlýsingin frá 3. febrúar 2009 væri enn í fullu gildi og að yfirlýsingin yrði ekki afnumin fyrr en hið nýja íslenska fjármálakerfi, með breyttri umgjörð, hefði sannað sig og þá yrði gefinn aðlögunartími. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum sjóða s.s. skuldabréfum eða víxlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, www.tryggingarsjodur.is.

# Klæða **skrifstofuna vel**

Íslensku Fansa skrifstofuhúsgögnin eru stílhrein, sveigjanleg og í takt við þarfir íslenskra fyrirtækja. Mikil áhersla er lögð á að allar einingar falli vel saman og þannig eru möguleikar á uppröðun ótalmargir, hvort sem skrifstofuhúsnæðið er lítið eða stórt. Hönnun Fansa húsgagnalínunnar er í höndum Valdimars Harðarsonar arkitekts.

Verið velkomin í sýningarsal okkar í Hallarmúla 4 og Hafnarstræti 93 á Akureyri.
Fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf í síma 540 2000 eða sendu fyrirspurn á netfangið husgogn@penninn.is

PENNINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**Á NÆSTA ÁRI**



**SVARTUR OG HVÍTUR SVANUR** Spá danska bankans Saxo Bank um næsta ár er líkt við kenningu fjármálamannsins Nassim N. Taleb um svarta svaninn og tilviljanir. Svartir svanir eru til en frávik.

MARKAÐURINN/AFP

# Danir rýna í framtíðina

Sérfræðingar hjá danska bankanum Saxo Bank telja að bandaríska almenningur verði svo ósáttur við dýrkeypt bankahrunið sem einungis nýtist bankamönnum sjálfum að hann stofni þriðja stóra stjórnmálaaflið til móts við Demókrata og Repúblikana. Þá gerir bankinn ráð fyrir að rekstrarafgangur verði á bandarískum fjárlögum. Slíkt hefur ekki sést í bandarískum ríkisrekstri síðan um miðjan áttunda áratug síðustu aldar. Þetta er á meðal þess fram kemur í árlegri spá bankans um þá yfirgengilegu hluti sem sérfræðingarnir telja sig sjá.

Erlendir miðlar benda á að ekki beri að taka spádóma Saxo Bank allt of alvarlega. Þeim megi þó ekki heldur sópa undir teppi. **- jab**

**SPÁDÓMAR SAXO BANK**

- **Vaxtaálag á ríkisskuldabréf mun falla samhliða verðhjöðnun á seinni hluta næsta árs.**
- **Bandaríska almenningatryggingakerfið mun fara í þrot og þurfa stjórnvöld að koma því til bjargar með skattahækkunum, seðlaprentun eða lántökum.**
- **Heimsmarkaðsverð á gulli mun hrynja á árinu og fara undir 900 dali á únsu. Þegar líða tekur á árið leitar verðið upp á ný.**
- **Á nýju ári kemur í ljós að ekki er næg eftirspurn í hagkerfum heimsins til að vinda ofan af offramleiðslu.**
- **Saxo Bank mælir með því að fjárfestar í vaxtamunarviðskiptum losi um stöður sínar í japönskum jenum enda gengi gjaldmiðilsins í hæstu hæðum. Gert er ráð fyrir að Bandaríkjadalur styrkist á nýju ári og verða jenin þá ekki jafn hagstæð og áður.**
- **Bankinn mælir með því að eigendur japanskra ríkisskuldabréfa losi sig við þau.**
- **Þeir fjárfestar sem sérhæfa sig í hrávörumarkaðnum eiga að minnka stöður sínar. í sykri. Uppskerubrestur á Indlandi og skortur á sykri á þessu ári leiddi til snarprar verðhækkunar á helstu mörkuðum.**

**478** milljónir er upphæðin sem eigendur Milestone greiddu sér í arð í upphafi síðasta árs, þrátt fyrir að eigið fé fyrirtækisins væri neikvætt um 80 milljarða.

**30** yfirheyrslur hafa átt sér stað hjá sérstökum saksóknara vegna rannsóknar hans á viðskiptum Byrs og eignarhaldsfélagsins Exeter Holding.

**11.000** manns sáu kvikmyndina Bjarnfreðarson um jólahelgina.


ÁRANGUR
FYRIR KONUR

Góður árangur og frábær vitnisburður viðskiptavina okkar er okkur hvatning til að vinna stöðugt að endurbótum á þessum öflugu námskeiðum. Kynntu þér hvað hentar þér!

**Árangur**

**Árangur – 6 vikna námskeið fyrir konur**
Byrjendanámskeið fyrir alla þá sem ekki hafa stundað reglulega þjálfun síðastliðna mánuði og vilja taka þjálfunina föstum tökum og komast vel í gang.

6-vikna átaksnámskeið fyrir alla þá sem vilja raunverulegan árangur. Kílóin fjúka á þessu uppfærða og endurbætta námskeiði sem hefur aldrei verið betra. Nýtt efni, ný uppbygging, nýjar æfingar sem eru einfaldar, skemmtilegar, árangursríkar.
Æfingakerfið er þróað sérstaklega svo þú náir þínum markmiðum.

Innifalið:
- Lokaðir tímar 3x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Hvatning, fróðleikur og uppskriftir í tölvupósti
- Aðgangur að uppskriftavef Hreyfingar
- Mælingar – vigtun og fitumælingar

Hefst 11. janúar.
Verð 22.900 kr.

LÍKAMI OG SÁL

**Styrktu líkamann og losaðu þig við streitu.**
Þú styrkist, liðkast og endurnærist á líkama og sál. Góðar og árangursríkar styrktaræfingar, teygjur og slökun. Æfingar úr jóga, Pilates, Tai Chi og öðrum góðum æfingakerfum.
6- vikna námskeið – 2x í viku

NÝTT!

Hefst 11. janúar.
Verð 16.900 kr.

**Barnagæsla** Frábært starfsfólk tekur börnunum opnum örmum. Kynntu þér opnunartíma á hreyfing.is

**Árangur** / Síðustu 5 kílóin

**Losaðu þig við þessi síðustu „föstu“ kíló!**
Fjölbreytt námskeið með mjög miklu aðhaldi.
Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem gerir þig granna. Losnaðu við eilífa sætindaþörf og leggðu grunn að nýju neyslumynstri sem grennir þig í eitt skipti fyrir öll.

- Mataræðið er tekið í gegn
- Lærðu að borða til að næra vöðvana þína og svelta fitufrumurnar
- Einfaldar æfingar sem miðast við að tryggja hámarks fitubruna
- Þú minnkar fitufrumurnar og styrkir og mótar vöðvana
- Þú minnkar ummál um mitti, læri og mjaðmir
- Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan
- Þú færð hvatningu, fróðleik og uppskriftir í tölvupósti 5x í viku

Hefst 11. janúar
Verð 22.900 kr. 6-vikna námskeið –3x í viku

NÝTT!

**Árangur** / EFTIRBRUNI

**Fyrir vanar konur**
Í hverjum tíma er leitast við að ná að mynda hinn svokallaða eftirbruna. Þá verður aukinn fitubruni í margar klukkustundir eftir að æfingu lýkur.
Námskeið fyrir þær sem hafa æft reglulega á árinu og vilja hámarka árangur sinn.
Komdu þér út úr röngu fæðumynstri og byrjaðu að borða fæðu sem gerir þig granna.

6-vikna námskeið –3x í viku

Hefst 11. janúar
Verð 22.900 kr.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is



SAMSUNG CLX-3160FN

LITA LASER-PRENTARI SKANNI OG LJÓSRITUN FAXTÆKI

SAMSUNG Á SKRIFSTOFUNA – HEIMA EÐA Í VINNUNNI!

FRÁBÆRT FJÖLNOTATÆKI

**LITA LASERPRENTARI**: Upplausn: 2400 X 600 dpi
**SKANNI OG LJÓSRITUN**: Upplausn: 600 X 1200 (max 4800 X 4800)
**FAXTÆKI**: Leshraði: 3 sek pr/bls · Númeraminni: 30 beint
**ALMENNT**: Pappírsbakki inn/út: 150/100 blöð · Minni: 128 MB
**TENGING**: USB 2.0, Ethernet 10/100BaseTX

TILBOÐSVERÐ: 69.900,-
VERÐ ÁÐUR: ~~89.900,-~~

NÝR LITA LASER-PRENTARI

SAMSUNG CLP-310

NÝR, NETTUR, HLJÓÐLÁTUR OG SKARPUR LASER LITA-PRENTARI

**Upplausn:** 2400 X 600 dpi
**Minni**: 32MB
**Hljóðmagn**: <49dB
**Stuðningur**: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
**Tenging**: USB 2.0

VERÐ: 45.900,-

SAMSUNG ML-1640

FÍNN LASERPRENTARI

**Laserprentari**: Svart-hvítur
**Prenthraði**: 16 bls./mín.
**Upplausn:** 1200 x 600dpi
**Stuðningur**: Windows, Mac OS, Linux
**Tenging**: USB 2.0

VERÐ: 19.900,-

ORMSSON
SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

**NÝTT NÝTT NÝTT DREAM OASIS**
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941

**J. B. HEILSULIND Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin.

Til leigu góð aðstaða fyrir snyrtifræðing, nuddara eða aðra sambærilega starfsemi miðsvæðis í Reykjavík. S. 690 5365.

## Ýmislegt

**Linsur - Hagstætt verð**
**Dagslinsur 2.490 kr pk.**
**Optic Reykjavík ehf.**
**Hamrahlíð 17 í Húsi Blindrafélagsins S. 552 2002.**
**Linsumátun & sjónmælingar.**
**Láttu aðra vita!**

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Skoðaðu úrvalið af námskeiðum og fyrirlestrum með Guðjóni Bergmann á www.gudjonbergmann.is.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Barnagæsla

Traust barnfóstra óskast til að gæta 3 ára stúlku ca 2 kvöld í viku í 101. stefanpetur@yahoo.com

## Ýmislegt

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu herbergi í miðbæ 101 Rvk Uppl í síma 659 5981.

Room with everything, downtown in a quiet place. Available now. Tel 692 1681, Sandra.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

120 fm iðnaðarbil að Trönuhauni Hfj. Stór innkeysluhurð. Hægt er að búa í hluta af húsnæðinu. Aðg. að baði, eldh. þvottav. og þurrkara. S. 892 5309.

100 fm íbúð á frábærum stað í 101, nálægt Hí til leigu. S. 856 6780.

Til leigu 3ja herb. íb. við Þórufell. Leiguverð kr. 100,000 pr. mán. + hússj. Uppl. í síma 699 0415.

**Stúdíóíbúð**
Huggluleg og nýtekinn í gegn 35fm, sérinng., sameiginl. baðh. Neðri hæð í raðhúsi á góðum stað í Kóp. Leiga 63þ. á mán. S. 844 8342.

2ja herbergja, 63 fm, með sólpalli og heitum potti í 200 Kóp, laus strax, verð 85þ + rafmagn og hiti, sími: 820 4312, e-mail: steinarpall@gmail.com

Til leigu gott herbergi í Hlíðum 105 Rvk. Öll aðstaða. S: 862 8159. Verð 32 þús.

Stúdíó-íbúð í Hafnarfirði, 30 fm. Sérinng, internet, rafm./hiti, verð: 50.000 kr. S: 861 9290.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 56 þ. Eldri en 25 ára, barnlaus. F. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð frá 54 þ. S. 824 6692.

## Húsnæði óskast

Íbúð óskast á stór Rvk. svæðinu 2-3 herb., á jarðhæð eða í lyftuhúsi. S. 847 6094 & 564 2077.

4-5 herb. íbúð í Rvk. Langtímaleiga. Reglusemi og skilvísi. Greiðslug. 140þ. S. 857 0704.

Fjölsk. ó.e. snyrtilegri íbúð/hæð á jarðh, 3-5herb, gr.geta130þ. ibudarleigjandi@gmail.com

## Húsnæði til sölu

skiptidíl,sala eða leiga. 223 fm Einbýlishús m/bílskúr í VESTURBERG S:6937815

## Atvinnuhúsnæði

**Skrifstofuherb. til leigu**
að Súðarvogi 7 ca. 18fm á 2 hæð. Aðgangur að sameiginlegu fundarherb. og kaffistofu. Uppl. Hlynur s. 824 3040.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

Höfum opið um áramótin. Reykjavík Bed & Breakfast. Grensásvegi 14, Sími 588 0000.

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Ert þú fyrirsæta?**
Á kanínunni (The Purple Rabbit) bjóðast íslenskum konum allskonar möguleikar til að hagnast á fegurð sinni og kynþokka. ATH: Nú leitum við sérstaklega að smekklegum en svolítið djörfum klippum og videómyndum. Kynntu þér málið. PurpleRabbit.is

SUBWAY

**Hlutastarf - Mosfellsbær**
**Subway Mosfellsbæ auglýsir eftir duglegum, samviskusömum og röskum starfsmanni í hlutastarf um kvöld og helgar. Lágmarksaldur er 18 ár**
**Umsóknir sendist gegnum subway.is**

**Hlölli á Höfaðnum**
**Óskar eftir afgreiðslu fólki, ekki yngra enn 18 ára. Vaktavinna. Upplýsingar í s. 892 9846 eftir kl. 14:00 á daginn eða á staðnum.**

**Stýrimaður og háseti**
Stýrimaður og háseta vantar á Guðrúnu Guðleifsdóttur IS25 sem stundar lúðuveiðar. Áhugasamir hafið samband í síma 894 5125.

Þaulvanur starfskraftur óskast til starfa á bónstöð þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa þekkingu á viðeigandi efnum og geta skrifið út nótur og tekið við kreditgreiðslum uppl:6159090

Starfskraftur óskast Dvalar- og hjúkrunarheimilið Kumbaravogur, Stokkseyri, óskar eftir fólki til afleysingar í aðhlynningu. Um er að ræða vaktavinnu. Herbergi á staðnum. Nánari upplýsingar í síma 483 1310 (Sigurborg) eða kum@simnet.is.

Starfsfólk óskast strax á nuddstofu. Í nudd, afgreiðslu, hreingerningar og matseld. Íslensku og enskumælandi. Vinnutími 12-18. Uppl. s. 823 8280.

Óska eftir röskum starfsm. veitingahús í Hafnarfirði uppl. S. 822 5229.

**Vörukynningar í verslunum:**
Óskum eftir fólki á skrá til kynningarstarfa í verslunum. Um er að ræða íhlaupavinnu. Frekari upplýsingar veittar í sima 515-8620 eða elias@sjofiskur.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Jó dúds! Í dag er dagurinn. Ég á afmæli. Give me a call. Bjarni Már Vilhjálmsson s:8661553

## Til sölu

**Skuttogari til sölu**
**- Skafti HF-48 (1337).**
Selst með eða án veiðarfæra.
**Áhugasamir sendir fyrirspurnir á hamrafell@hamrafell.is**

## Tilkynningar

**Samþykkt Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008–2020**

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur samþykkt tillögu að Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008–2020, ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan, ásamt umhverfisskýrslu, var auglýst og lá frammi til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins að Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit, á heimasíðu sveitarfélagsins, www.hvalfjordur.is og á skrifstofu Skipulagsstofnunar frá 26. október til 25. nóvember 2009. Frestur til að senda inn athugasemdir rann út þann 9. desember 2009 og bárust athugasemdir frá 21 aðila.

Sveitarstjórn hefur afgreitt athugasemdirnar og svarað viðkomandi formlega. Gerðar voru óverulegar breytingar á auglýstri tillögu aðalskipulagsins í samræmi við afgreiðslu sveitarstjórnar við innsendum athugasemdum.

Við staðfestingu á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008–2020 munu eftirtaldar aðalskipulagsáætlanir falla úr gildi: Aðalskipulag Innri-Akraneshrepps 2002-2014, Aðalskipulag Leirár- og Melahrepps 2002–2014, Aðalskipulag Skilmannahrepps 2002–2014 og Aðalskipulag Hvalfjarðarstrandarhrepps 2002–2014.

Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008–2020 hefur verið sent Skipulagsstofnun, sem afgreiðir skipulagsáætlunina til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu hennar.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008–2020 og niðurstöðu sveitarstjórnar geta snúið sér til skipulags- og byggingarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar.

Hvalfjarðarsveit, 30. desember 2009
*Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri*

HVALFJARÐAR SVEIT

## Atvinna



**Árbæjarkirkja auglýsir eftir starfsmanni í æskulýðsstarf kirkjunnar.**

Um er að ræða hlutastarf, eftir hádegi virka daga frá 10. janúar til 10. maí 2010.

Nauðsynlegt er að viðkomandi geti spilað á hljóðfæri og hafi góða stjórnunarhæfileika.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist Árbæjarkirkju, c/o Kristín Kristinsdóttir eða kristin@arbaejarkirkja.is fyrir 6. janúar 2010.

*Sóknarnefnd Árbæjarkirkju.*

MOSFELLSBÆR
Lágafellsskóli

**Lágafellsskóli Mosfellsbæ**
Laus störf

*Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMKENND eru höfð að leiðarljósi.*

• Starfsfólk óskast í Frístundasel skólans frá 4. jan.
Vinnutími frá kl. 13:00 og starfshlutfall allt að 50%.

Umsóknarfrestur til 3.janúar.

Laun samkvæmt kjarasamningi Stamos.

Umsóknir sendist á netföngin johannam@lagafellsskoli.is og efemia@lagafellsskoli.is

Upplýsingar veita: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200 eða 8968230 og Efemía Gísladóttir í síma 5259200 eða 6185149. Vertu með!

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Launafl ehf. óskar eftir að ráða
**reynda rafvirkja til starfa með full réttindi.**

Góð laun í boði.

*Launafl ehf er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð, sem starfrækir:*

- Byggingardeild
- Farartækjaverkstæði
- Málmsmíði
- Lager-Verslun
- Pípulagnir
- Rafviðgerðir
- Vélaverkstæði
- Tæknideild

Hérað.sprent

Nánari uppl. veitir Adda Ólafsdóttir, starfsmannastjóri og Magnús Helgason, framkvæmdastjóri.

Hægt er að senda fyrirspurnir og umsóknir á adda@launafl.is eða magnus@launafl.is

**TIGER WOODS ER 34 ÁRA Í DAG**

*„Ég sé fyrir mér með því að leika mér. Hvers er hægt að óska sér meira en að fá borgað fyrir að gera það sem manni finnst skemmtilegast?“*

***Tiger Woods er bandarískur atvinnumaður í golfi. Hann er talinn með bestu kylfingum heims og hefur margoft unnið Masters-mótið, U.S Open, British Open og PGA-mótaröðina. Vegna erfiðleika í einkalífi hefur hann þó dregið sig úr keppni í bili.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. DESEMBER 1924

## *Hubble uppgötvar stjörnuþokur*

Þennan dag árið 1924 tilkynnti bandarískí stjörnufræðingurinn Edwin Hubble að hann hefði uppgötvað aðrar stjörnuþokur.

Stjörnuþoka, sem er stundum kölluð vetrarbraut, er þyrping fjölmargra stjarna og annarra stjarnfræðilegra fyrirbæra sem haldast í nágrenni hvert við annað vegna sameiginlegs þyngdarsviðs stjörnuþokunnar. Dæmigerðar stjörnuþokur geta verið frá þúsundum til hundraða þúsunda ljósára í þvermál. Í einni stjörnuþoku er talið að séu um 100-400 milljarðar stjarna, stundum miklu fleiri. Í flestum tilvikum er vegalengdin á milli stjörnuþoka talin í milljörðum ljósára en þó eru til stjörnuþokur sem eru mun nær hvor annarri og jafnvel dæmi þess að tvær rekist saman. Í dag telja menn að í alheiminum séu um 100-400 milljarðar stjörnuþoka. Talið er að svarthol sé í miðju þeirra allra.

**EDWIN POWELL HUBBLE**

**MERKISATBURÐIR**

**1880** Svo hörð og langvarandi frost eru að gengið er á ís frá Reykjavík og upp á Kjalarnes.

**1883** Fyrstu kirkjuhljómleikar á Íslandi eru haldnir í Dómkirkjunni í Reykjavík.

**1922** Rússland, Hvíta-Rússland, Úkraína og Suður-Kákasus mynda Sovétríkin.

**1940** Arroyo Seco Parkway, fyrsta hraðbrautin í Kaliforníu, er opnuð.

**1980** Patrick Gervasoni, frönskum manni sem sagður var landflótta, er vísað af landi brott eftir mjög miklar deilur.

**2006** Saddam Hussein, fyrrverandi forseti Íraks, er tekinn af lífi.

# Frönsk tónlist á efnisskránni

**ELEKTRA ENSEMBLE** Heldur tónleika á Kjarvalsstöðum í kvöld.

Tónlistarhópurinn Elektra Ensemble heldur tónleika á Kjarvalsstöðum klukkan átta í kvöld. Á efnisskrá verða verk frönsku tónskáldanna Gaubert, Saint-Saëns, Milhaud, Debussy og Fauré.

Elektra Ensemble saman–stendur af fimm ungum tónlistarkonum sem allar hafa leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands og var hópurinn valinn tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2009. Tónleikarnir í kvöld verða lokatónleikar hópsins sem tónlistarhóps Reykjavíkurborgar. Miðaverð á tónleikana er 1.500 krónur en 1.000 fyrir börn, nemendur, eldri borgara og öryrkja.

**VON Á NÝRRI BÓK** Höskuldur hefur að undanförnu rannsakað tilbrigði í íslenskri setningagerð eftir aldurshópum og landshlutum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HÖSKULDUR ÞRÁINSSON: VÍSINDAMAÐUR ÁRSINS

# Eykur hróður íslenskunnar

Höskuldi Þráinssyni, prófessor í íslensku nútímamáli, voru í gær veitt verðlaun úr verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright og var hann útnefndur vísindamaður ársins.

„Höskuldur hefur aukið hróður íslenskunnar bæði hér heima og erlendis,“ segir Sigríður Ása Sturludóttir, formaður stjórnar Ásusjóðs. Höskuldur hefur gefið út þrjár bækur á síðustu árum. Árið 2004 gaf hann út bók um færeysku með þremur færeyskum málfræðingum en þar er að finna samanburð á íslensku og færeysku og greiningu á því hvernig málin hafa þróast. Ári síðar gaf hann út stóra handbók um íslenska setningagerð, sem er þriðja bindið í ritsafninu Íslensk tunga, og árið 2007 kom út bók um íslenska setningafræði hjá Cambridge University Press.

„Undanfarin ár hef ég svo ásamt öðrum verið að vinna að verkefni um tilbrigði í íslenskri setningagerð eftir aldurshópum og landshlutum og hefur fjöldi manns aðstoðað við verkið. Gagnaöflun er að mestu lokið og stefni ég að því að gefa út bók á næsta ári.“ Inntur eftir niðurstöðum segir Höskuldur þær helstu vera að munurinn á setningagerð sé frekar á milli aldurshópa en landshluta. „Fyrir allmörgum árum stjórnuðum ég og félagi minn Kristján Árnason hins vegar verkefni þar sem við bárum saman framburð eftir landshlutum og aldurshópum og þá var ennþá talsverður landshlutabundinn munur á framburði. Sama landshlutamun höfum við ekki fundið í setningagerðinni.“

Höskuldur er að vonum ánægður með verðlaunin en þau eru með virtustu verðlaunum sem íslenskur vísindamaður getur hlotið. „Maður eflist allur við þetta,“ segir hann.

Ása Guðmundsdóttir Wright, stofnandi verðlaunasjóðsins, var dóttir Guðmundar Guðmundssonar læknis á Stykkishólmi. Hún lagði stund á hjúkrunar- og ljóðsmóðurnám í Lundúnum en settist að lokum að í Trinidad í Vestur-Indíum. Þar rak hún plantekru í Arimadal. Ása var barnlaus og ráðstafaði jarðeign sinni til félags fuglaskoðara á efri árum og var henni breytt í náttúrufriðlandið Asa Wright Nature Centre. Söluandvirði bújarðarinnar notaði Ása meðal annars til að stofna verðlaunasjóð á hálfrar aldar afmæli Vísindafélags Íslendinga árið 1968 og hafa verðlaun úr honum verið veitt árlega síðan. Sjóðurinn hefur rýrnað með árunum og eru Alcoa - Fjarðarál og HB Grandi styrktaraðilar hans.

Fyrir skemmstu kom bókin Kona þriggja eyja eftir Ingu Dóru Björnsdóttur út en hún fjallar um ævi og störf Ásu. Auk þess stendur yfir yfir sýning á munum hennar í Þjóðminjasafninu.

**vera@frettabladid.is**

†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sæmundur Sæmundsson**

lést af slysförum þann 18. desember sl. Hann verður jarðsunginn frá Digraneskirkju þann 30. desember kl. 15.00.

**Oddur Sæmundsson** **Eydís Ingimundardóttir**
**Íris Sæmundsdóttir** **Heimir Hallgrímsson**
**Jón Trausti Sæmundsson** **Grace Fu**
**Sigrún Erla Sæmundsdóttir**
**Guðbjörn Alexander Sæmundsson**
**Pétur Ásbjörn Sæmundsson** **Kolbrún Birna Bjarnadóttir**
**og barnabörn.**

†

*Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, sonur og bróðir,*

**Björn Björnsson**

sem lést af slysförum 18. desember sl. verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 5. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvini Sjálfsbjargar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Björn Viðar Björnsson**
**Margrét Björnsdóttir**
**Halldór Guðfinnsson**
**Hildigunnur Guðfinnsdóttir**
**Björn Ólafur Ingvarsson**
**Þorsteinn Björnsson**

†

*Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,*

**Guðmundur Heiðar Guðjónsson**
frá Bakkagerði,
Ystaseli 21, Reykjavík,

lést á heimili sínu laugardaginn 26. desember.

**Halldóra Sigurðardóttir**
**Heiðrún Ásta Guðmundsdóttir** **Andrew James Scrimshaw**
**Sigurjón Már Stefánsson** **Ásta Sólveig Stefánsdóttir**
**Guðjón Guðmundsson**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Finnbogi Vikar**
Hjalla, Ölfusi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, Selfossi, fimmtudaginn 24. desember.

**Guðmundur K. Vikar** **Guðný Snorradóttir**
**Lilja Vikar** **Þorsteinn Hauksson**
**Erna Vikar**
**Unnur Vikar** **Friðrik Kjartansson**
**Sigrún Vikar** **Benedikt Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Hallgrímskirkju lokað um tíma

Nýjar og voldugar hurðir verða settar á Hallgrímskirkju á næstu vikum og af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt annað en að loka kirkjunni tímabundið fyrir stórum athöfnum. Þó verða þar hefðbundnar áramótamessur. Á gamlársdag verða hátíðahljómar klukkan 17 og aftansöngur klukkan 18 og á nýársdag verður hátíðaguðsþjónusta klukkan 14. Síðasta guðsþjónusta í Hallgrímskirkju í bili verður sunnudaginn 3. janúar klukkan 11.

Nýju hurðirnar eru úr bronsi með innlögðu mósaiki. Þær voru smíðaðar hjá Strassacker-verkstæði í S-Þýskalandi. Hurðirnar eru miklar að burðum og því þarf að undirbúa dyraumbúnaðinn mjög rækilega. Einnig verður kirkjan hreinsuð að innan. En þrátt fyrir þessar framkvæmdir mun ýmiss konar dagleg starfsemi fara fram í kórkjallara kirkjunnar, bænastundir, morgunmessur, fermingarfræðsla, foreldramorgnar, starf með eldri borgurum, börnum og unglingum. Einnig AA og EA fundir. Hallgrímskirkjusöfnuður fyrirhugar fjórar messuheimsóknir til nágrannasafnaða meðan á viðgerð eigin kirkju stendur. **- gun**

**HALLGRÍMSKIRKJA** Viðgerð á turninum er lokið og vinnupallarnir hafa verið teknir niður.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Árnínu Sigurveigar Guðnadóttur**
Löngumýri 8, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins að Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri fyrir góða umönnun.

**Sóley Sigdórsdóttir** **Davíð Kristjánsson**
**Rósa Sigdórsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

†

*Ástkær faðir okkar,*

**Gísli N. Guðmundsson**
fyrrverandi bryti,
Lindargötu 57,

lést á líknardeild Landakots 19. desember sl. Útförin hefur farið fram að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til karitasfélags og starfsfólks á líknardeild Landakots.

**Auður Gísladóttir** **Jóhannes Hólmar Jóhannesson**
**Áslaug Gísladóttir** **Guðmundur Ægir Jóhannsson**
**og fjölskyldur þeirra.**

†

*Ástkær eiginmaður, faðir, afi og bróðir,*

**Eysteinn Gísli Thordarson**
fv. framkvæmdastjóri og tvívegis Ólympíufari á skíðum,
Angels Camp, Kaliforníu,
Bandaríkjunum,

lést á heimili sínu á aðfangadagskvöld. Bálför mun fara fram í Bandaríkjunum og jarðneskar leifar verða jarðsettar í Ólafsfirði eftir nokkrar vikur að ósk hins látna. Nánar verður tilkynnt um þá athöfn síðar.

**Pamela Thordarson**
**Gunnar Thordarson**
**Leifur Thordarson**
**Elise Thordarson**
**Stefán Thordarson**

**Jón Þórðarson**
**Sigurður H. Þórðarson**
**Ármann Þórðarson**
**María Sigríður Þórðardóttir**
**Svanberg Þórðarson**
**og fjölskyldur**

†

*Elsku hjartans sonur okkar,*

**Ólafur Jakobsson**
Vogalandi 8, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju í dag, miðvikudaginn 30. desember, klukkan 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Guðrún Gerður Guðrúnardóttir**
**Jakob Kristinn Jónasson**

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,*

**Ómar Logi Gíslason**

sem lést á líknardeild Landspítalans, Kópavogi, þriðjudaginn 22. desember, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju miðvikudaginn 6. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast Loga er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Kolbrún Ýrr Logadóttir**
**Þorgeir Logason**
**Thelma Sylvía Logadóttir**
**Gísli Logi Logason**

**Gísli Felixson**
**Einar Gíslason** **Soffía Þorfinnsdóttir**
**Efemía Gísladóttir** **Skúli Ragnarsson**
**Sigríður Kolbrún Bjarnadóttir** **Guðmundur Aronsson**

**og fjölskyldur.**

†

*Innilegar þakkir til allra þeirra, sem sýndu okkar samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, ömmu, dóttur, tengdadóttur og systur,*

**Brynju Júlíusdóttur**
Strandgötu 6, Ólafsfirði.

**Þröstur Ólafsson**
**og fjölskyldur hinnar látnu.**

†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir, systir, mágkona og amma,*

**Sigurey Guðrún Lúðvíksdóttir**
Jörundarholti 4, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 26. desember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 7. janúar kl. 14.00.

**Þorsteinn Kristinn Jóhannesson**
**Lúðvík Þorsteinsson** **Nanna Sigurðardóttir**
**Jóhann Þorsteinsson** **Kristín Halla Stefánsdóttir**
**Rúna Dís Þorsteinsdóttir** **Hilmar Smári Sigurðsson**
**Lúðvík Björnsson**
**Björn Lúðvíksson** **Þórunn Sveina Hreinsdóttir**
**Fjóla Lúðvíksdóttir** **Jóhann Þór Sigurðsson**
**og ömmubörn.**

†

**Hallfríður Guðbrandsdóttir Schneider (Adda)**

er látin í Washington, DC.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Helga Guðbrandsdóttir.**

†

*Ástkær faðir okkar, sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,*

**Tryggvi Rúnar Guðjónsson**

lést á Landspítalanum laugardaginn 26. desember. Útför hans fer fram frá Stærri-Árskógskirkju þriðjudaginn 5. janúar kl. 14.00.

**Sindri Már Tryggvason**
**Þorgeir Örn Tryggvason**
**Erla Tryggvadóttir** **Ásólfur Guðlaugsson**
**Guðjón Pálsson**
**Guðlaugur Axel Ásólfsson**
**Soffía Valdís Ásólfsdóttir** **Hörður Þór Einarsson**
**Ásta Hildur Ásólfsdóttir** **Jón Barði Tryggvason**
**og frændsystkini.**

†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,*

**Hlífar Þórbjargar Jónsdóttur**
Hjúkrunarheimilinu Grund, áður Unnarbraut 28, Seltjarnarnesi.

**Sigurjón Jónsson** **Helga Ágústína Lúðvíksdóttir**
**Guðný Elín Jónsdóttir** **Reynir Loftsson**
**Ingibjörg Guðlaug** **Jón Garðar Steingrímsson**
**Ólafía Sigurjónsdóttir** **Alejandro Arias**
**Jón Viðar Reynisson**
**Hlíf Ágústa Reynisdóttir**
**Jóna Snædís Reynisdóttir**
**Steingrímur Árni Jónsson**
**og systkini hinnar látnu.**

†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samhug og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Björns Marinós Dúasonar**
Hornbrekku, Ólafsfirði.

**Sigríður Vilhjálms** **Kristinn Gíslason**
**Helga Björnsdóttir** **Halldór Jónsson**
**Sigurður Björnsson** **Margrét Sigurgeirsdóttir**
**Birna Björnsdóttir** **Reynir Jónsson**
**Herdís Björnsdóttir** **Guðmundur Guðmundsson**
**Edda Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

KAKA ÁRSINS 2009

Þessi er alveg svakaleg!
Kveðjum árið með köku ársins.

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

# Við áramót

BAKÞANKAR
Bergsteins Sigurðssonar

Í árslok er hefð fyrir því að horfa yfir farinn veg og gera upp árið.

**YFIRLEITT** hef ég haft gaman af upprifjun fjölmiðla af vettvangi þjóðmála. Í ár er svo komið að mér býður við tilhugsuninni um að líta um öxl, langar einna helst að setja undir mig höfuðið og taka á harðasprett inn í framtíðina og vona að mér takist að hrista af mér helstu deilumál ársins sem er að líða.

**EINS** þrúgandi og þetta ár hefur verið, var það engu að síður merkilega fljótt að líða. Mér finnst til dæmis eins og það hafi verið í gær sem ég horfði á eldana loga fyrir framan Alþingishúsið. Ég stóð við hliðina á blaðamanni frá Mogganum, sem þáði egg af ungum rithöfundi og kastaði því í tignarlegum fleygboga í þinghúsið. Ég hleypti brúnum. Þegar Moggablaðamenn eru farnir að kasta eggjum í þinghúsið hefur grundvallarbreyting átt sér stað í íslensku samfélagi; eitthvað er ekki eins og það er yfirleitt og verður það mögulega aldrei aftur.

**BÚSÁHALDABYLTINGIN** var einn merkilegasti atburður sem ég orðið vitni að; afsprengi dómgreindarlausrar ríkisstjórnar sem þekkti ekki sinn vitjunartíma og bar enga virðingu fyrir þörfinni á pólitísku uppgjöri í kjölfar bankahrunsins. Endalok hennar voru tímaspursmál en það voru mótmælin við Austurvöll sem endanlega komu stjórninni frá.

**EFTIRMÁL** Búsáhaldabyltingarinnar voru því miður ekki jafn mikil og góð og margir bundu vonir við, enda kannski ekki við því að búast af ósjálfráðu viðbragði sem mótmælin voru. Áhrif þeirra voru bundin við að koma ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar frá völdum.

**LENGRA** náðu þau ekki, þótt nokkrir sundurleitir lukkuriddarar hafa reynt að eigna sér heiðurinn af mótmælunum til að tryggja sér brautargengi í kosningum.

**SEINNI** hluta ársins 2009 hefur verið ein samfelld klasasprengja vonbrigða. Vinnubrögðin á þingi hafa mögulega aldrei verið jafn óþolandi og orð aldrei verið jafn ódýr. Það þarf hvorki að grafa djúpt né lengi til að finna áþreifanleg dæmi þess. Í dag eru sagðar líkur á að Icesave-málið verði loksins til lykta leitt. Þeim mörgu sem vona að þar með þurfi þeir ekki að heyra neitt af því í bili verður þó trauðla að ósk sinni.

**LEIÐIN** til heljar er vörðuð góðum ásetningi, er stundum sagt. Á nýju ári vona ég að þessir 63 þingmenn leggi aðeins minni áherslu á hvað þeir eru velmeinandi, heldur gefi því meiri gaum hvert þeir eru að fara með okkur.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli

### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Nýjung frá Íslands álegg

grísahráskinka og nautavöðvi
verkað að hætti Ítala

FÆST Í: BÓNUS
50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# ÚTSALA ÁRSINS

## TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI

**50% AFSLÁTTUR**
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

**ÍS FYRIR ALLA**
LJÚFFENGUR EMMESS ÍS Í BOÐI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

emmessís

**ALLT AÐ 50 ÞÚSUND**
AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM

**ÚTSALA ÁRSINS**
NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR
OPIÐ Í DAG 10:00 - 19:00
Á MORGUN 09:00 - 12:00
AÐEINS 2 DAGAR EFTIR

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

Tilboð gilda dagana 28-31 desember eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

459
KR.2 LTR

359
KR.2 LTR

## VINSÆLASTI
**ORKUDRYKKURINN Á ÍSLANDI**
**NÚ FÁANLEGUR SYKURLAUS**

98
KR.DS

EUROSHOPPER ORKUDRYKKURINN 250ml

259
KR.FL

JARÐARBERJADRYKKUR 750 ml

157
KR.2 LTR

157
KR.2 LTR

RISA POKAR

298
KR.PK

E.S. TORTILLASNAKK RISAPOKI 450g

2479
KR.1KG

NÓA KONFEKT 1 kg.
2479 KR.

298
KR.STK

ÍSLENSK ÚTIKERTI JÁRNDÓSIR

598
KR.PK

AMERÍSKIR HÁGÆÐA ARINBUBBAR 4 klst.

198
KR.PK

BÓNUS SNAKK 4 TEG 160g

GLOW-VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI

**OPIÐ Í BÓNUS**

| | |
|---|---|
| 30. des | 10.00-20.00 |
| 31. des | 09.00-14.00 |
| *1. jan 2010* | *LOKAÐ* |
| 2. jan | 10.00-18.00 |

**BÓNUS BÝÐUR BETUR** VISA

VERÐTILBOÐIN GILDA FRAM YFIR ÁRAMÓT

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

# OPIÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM
# BÓNUS Í DAG FRÁ 10.00-20.00

1398 KR.KG

**ÍSLANDSLAMB: HÁTÍÐALÆRI M.ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM**
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR

1798 KR.KG

**SS KAMPAVÍNS LAMBALÆRI**

1139 KR.KG

**K.S FROSIÐ LAMBLÆRI**

2698 KR.KG

**K.S FROSIÐ LAMBAFILLET**

959 KR.KG

**FERSKUR VEISLUFUGL M.FYLLINGU**
MERKT VERÐ 1198 KR.KG 20% AFSLÁTTUR

1598 KR.KG

**PEKINGÖND ÍSLENSK**

1398 KR.KG

**ÍSLANDSLAMB HELGARSTEIK**
MERKT VERÐ 1998 KR.KG 30% AFSLÁTTUR

2659 KR.KG

**FRYSTAR UNGNAUTALUNDIR HOLLENSKAR**

50% AFSLÁTTUR

**ÍSLANDSGRÍS HAMBORGARHRYGGUR**
MERKT VERÐ 1854 KR.KG 50% AFSLÁTTUR **927 kr.kg**

398 KR.PK

**FERSKAR KRYDDJURTIR 50g PAKKNING**

298 KR.PK

**BÓNUS FORSOÐNAR KARTÖFLUR 900g**

1598 KR.KG

**NORÐANFISKUR ÍSLENSKUR LAX REYKTUR/GRAFINN**
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR

**OPIÐ Í BÓNUS**

| | |
|---|---|
| 30. des | 10.00-20.00 |
| 31. des | 09.00-14.00 |
| *1. jan* | *2010 LOKAÐ* |
| 2. jan | 10.00-18.00 |

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**
VERÐTILBOÐIN GILDA FRAM YFIR ÁRAMÓT

VISA

**Ath. kl. 22**

*Til þess að gera upp árið mun hljómsveitin Árstíðir halda tónleika á Kaffi Rósenberg í kvöld. Flutt verða lög af fyrstu breiðskífu sveitarinnar, sem kom út á árinu, ásamt nýju efni og tökulögum sem orðið hafa á vegi Árstíðamanna á árinu. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og aðgangseyrir er þúsund krónur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Verðlaunasýning Carnegie í janúar

Fyrsta stórsýning ársins í myndlistarheiminum verður sýning á verðlaunaverkum Carnegie-listaverðlaunanna í Listasafni Íslands en hún verður opnuð í Listasafni Íslands hinn 9. janúar. Sýningin varðar íslenska myndlist sérstaklega þetta árið en eins og kunnugt er var Kristján Guðmundsson heiðraður með fyrstu verðlaunum í fyrra og skipa verk hans því heiðurssess á sýningunni. Er hann fyrsti íslenski myndlistarmaðurinn sem hlýtur þann heiður. Sænsku listamennirnir Kristina Jansson og Felix Gmelin hlutu önnur og þriðju verðlaun og Daninn Marie Søndergaard Lolk hlaut styrk til yngri listamanns. Verðlaunin sem eru ein þeirra stærstu í heimi veitti hennar hátign Margrét Danadrottning við athöfn í Kunsthal Charlottenborg í Kaupmannahöfn í haust. Valnefndin veitti Kristjáni verðlaunin fyrir spennandi hljóðeinangrandi málverk. Verkin eru unnin í akríl á dúk sem er felldur í málmramma og eru þau á sinn sérstæða hátt snjallt og margslungið myndrænt framhald á einstæðum rannsóknum Kristjáns á fagurfræði málverks og teikninga. Sagði í rökstuðningi: „Á 40 ára ferli hefur Kristján af einurð boðið hefðunum birginn með frumlegum rannsóknum sínum á málverkinu sem miðli og í þessum verkum bræðir hann saman jafn gjörólíkan efnivið sem lit og þögn.“ Verðlaunin námu einni milljón sænskra króna.

**MYNDLIST** Kristján Guðmundsson myndlistarmaður

**> Ekki missa af**

Næstkomandi sunnudag 3. janúar lýkur sýningunum Úrvalið – Íslenskar ljósmyndir 1866-2009 og Hvar er klukkan? verk eftir Davíð Örn Halldórsson. Sýningunum hefur verið vel tekið og aðsókn verið mjög góð. Nú eru síðustu forvöð að sjá sýningarnar og opið er í Hafnarborg samkvæmt venju nema það er alltaf lokað á þriðjudögum og lokað á gamlársdag og nýársdag.

**TÓNLIST** Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson trompetleikarar og Hörður Áskelsson organisti leika á tónleikum í Hallgrímskirkju á gamlársdag.

## Skært lúðrar hljóma

Síðustu tónleikar ársins hér á Íslandi verða í Hallgrímskirkju á gamlársdag, 31. desember, kl. 17. Það verður í sautjánda sinn að Listvinafélagið býður til þessa tónleika og þeir félagar, trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson og orgelleikarinn Hörður Áskelsson, kunna svo sannarlega að kveðja gamla árið og fagna því nýja með viðeigandi lúðraþyt og orgelleik.

Efnisskrá tónleikanna að þessu sinni er að flestu leyti hefðbundin. Fluttar verðar tvær sónatínur eftir Johann Pezel, borgarlúðraþeytara Leipzigborgar, og Konsert fyrir tvo trompeta og orgel eftir Johann Melchior Molter en hann starfaði mest í Suður-Þýskalandi, í Eisenach og síðar í Karlsruhe. Hið fræga Adagio eftir Giazotto og Albinoni þar sem trompetarnir leika aðalröddina er fast á efnisskrá tónleikanna og hin þekkta Tokkata og fúga í d-moll eftir J.S. Bach hefur líka heyrst oft á Hátíðarhljómum. Fyrsta verk tónleikanna er þó nýtt af nálinni. Giubilante, nýtt verk Áskels Mássonar, verður frumflutt. Þetta er verk sem Áskell hefur skrifað fyrir Trompeteríuna.

Samstarf Ásgeirs, Eiríks Arnar og Harðar hófst árið 1993 en auk Hátíðarhljóma við áramót hafa þeir myndað tríóið Trompetería sem hefur komið fram á tónleikum bæði hérlendis og erlendis. Þá leika þeir Ásgeir og Eiríkur oft með Herði við ýmsar athafnir í kirkjunni. Þeir leika yfirraddir við uppáhaldssálmana okkar, yfirraddir sem oftar en ekki verða til með penna Harðar vegna tilefnisins.

Félagarnir þrír eru löngu orðnir landsþekktir tónlistarmenn. Ásgeir og Eiríkur leika báðir með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess að vera virkir í tónlistarlífinu almennt, meðal annars með Hljómsveit Íslensku óperunnar, Kammersveit Reykjavíkur og Caputhópnum. Þá hafa þeir leikið einleik bæði með Sinfóníuhljómsveitinni og Kammersveitinni. Þeir hófu báðir tónlistarnám sitt hér á Íslandi en stunduðu framhaldsnám vestanhafs, Ásgeir í New York en Eiríkur í Boston og svo í Los Angeles.

Eftir að hafa verið í framhaldsnámi í orgelleik í Þýskalandi var Hörður árið 1982 ráðinn organisti og kantor Hallgrímskirkju þar sem hann hefur starfað síðan. Hann stjórnar Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórnum Schola cantorum og er listrænn stjórnandi Listvinafélags Hallgrímskirkju og Kirkjulistahátíðar. Þá er Hörður einnig söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar. Hörður hefur margoft hlotið viðurkenningar vegna starfa sinna; var Borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2002, var sæmdur hinni íslensku fálkaorðu 2004 og hlaut íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006.

Forsala aðgöngumiða er í Hallgrímskirkju og er hún opin kl. 9-17.

pbb@frettabladid.is

Myndlistarsýning
**Veitingahúsið Hornið**

**Anna Gunnlaugsdóttir**
Myndlistarkona

## Ofvöxtur ímyndunaraflsins

**Í gær var fyrri sýning af tveimur á íslenska verkinu Ókyrrð í Kassanum og verður hún aftur á fjölunum í kvöld. Verkið var frumsýnt hinn 27. september síðastliðinn í Leikhúsbatteríinu í Reykjavík.**

**LEIKLIST** Ókyrrð í Kassanum í kvöld. MYND AÐSTANDENDUR

Sýningin Ókyrrð er samin af hópnum en hann samanstendur af þremur sviðslistamönnum, Friðgeiri Einarssyni, Margréti Bjarnadóttur og Ragnari Ísleifi Bragasyni. Friðgeir og Ragnar eru báðir útskrifaðir úr Fræðum og framkvæmd frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands, en Margrét er menntaður danshöfundur frá listdansskólanum ArtEZ Dansakademie í Arnhem. Friðgeir og Margrét komu bæði fram í sýningunni Húmanímal sem frumsýnd var á vordögum við góðar undirtektir, en meðal annarra verka Ragnars eru ljóðabókin Á meðan og leikritið Blessuð sé minning næturinnar sem flutt verður í útvarpsleikhúsinu í vetur.

Í Ókyrrð er leitast við að virkja hina ýmsu þætti leikhúsmiðilsins til að skapa heildstæða stemningu sem þjónar efniviði verksins. Verkið verður nú tekið upp á ný og sýnt í Kassanum. Í sem skemmstu máli fjallar verkið um hugarangur og ofvöxt ímyndunaraflsins. Fjallað er um óttann sem býr innra með hverjum og einum og nærist þar án sýnilegra ógna í heiminum fyrir utan. Ókyrrð fjallar þannig um tilfinningar manna og tilraunir þeirra til að hafa stjórn á þeim. Sýningin var sýnd á Diskurs-leiklistarhátíðinni í Giessen í Þýskalandi í október síðastliðnum við góðar undirtektir.

Um verkið segja aðstandendur: „Líkamlegur ótti er mönnum eðlislægur, rétt eins og öðrum skepnum, og gegnir því nauðsynlegra hlutverki að stýra okkur út úr aðsteðjandi hættum. Erfiðara er að úrskurða um hagnýtt gildi ýmissa hugarburða og vitrana sem herja á okkur, halda fyrir okkur vöku, en stuðla jafnframt að doða og fælni við hluti, dýr og annað fólk. Það er eitthvað sem vofir yfir en við getum ekki vitað hvað það er. Ókyrrð fjallar um tilraunir okkar til að hafa stjórn á tilfinningum, um innra líf og ofvöxt ímyndunaraflsins.“

Leikendur og höfundar Ókyrrðar eru þau Ragnar Ísleifur Bragason, Margrét Bjarnadóttir og Friðgeir Einarsson. Kínetísk ráðgjöf: Saga Sigurðardóttir. Hljóðmynd: Kristján Loðmfjörð. Leikstjórn annast Friðgeir Einarsson.

Síðasta tækifærið sem áhorfendum gefst til að sjá þessa sýningu er í kvöld en endurflutningur verksins er í samstarfi við Þjóðleikhúsið þar sem sýningum í haust var hætt þegar starfsemi Leikhúsbatterísins var hætt.

pbb@frettabladid.is

## Handan við orðin

Bókmenntir ★★★★

**Nokkur almenn orð um kulnun sólar**

Gyrðir Elíasson

„Orðið lífsbarátta hefur aftur fengið merkingu“ (98) er næstsíðasta ljóð þessarar auðmjúku en aflgæfu ljóðabókar og eins konar eftirskrift. Lífsbaráttuna heyja hér allir á grundvelli jafnréttis: menn, dýr, landvættir, náttúra, sól, himintungl, höfuðskepnur – dýraríkið, jurtaríkið, steinaríkið – enginn er þar öðrum fremri en ábyrgðin er jafnan mannsins þegar jafnvægið raskast og bardaginn tapast. Sem er óumflýjanlegt. Yfirskrift baráttunnar er dauðinn – sem er meginþema bókarinnar og leiðarstef: allstaðarnálægur og alltumlykjandi. Lífslíkur eru táldrægur draumur og óendanleikinn orðaleppur, jafnvel glapsýn. Árstíð bókarinnar er haustið; litur hennar er svartur og grár; landálfar hennar eru vatn, tré, fugl og fiskur; hugblær hennar er einsemd, þunglyndi og þögn; geðslag hennar myrkur, glötun, auðn og angist.

*Allt þetta skyggða bakland*
*handan við orðin hjá fólki,*
*með allt aðra merkingu*
*og steinþögnin sem liggur yfir*
*Ég henti steini*
*í svarta tjörn*
*og steinninn*
*dó (95).*

Engu að síður iðar bókin af lífi og sköpun – lífsmarki og lífsvilja skáldskaparins sem grandvar en reifur mætir fjörtjóni efnis og holds og blæs því önd í brjóst sem á samri stundu yfirstígur eiginlegar takmarkanir hins áþreifanlega, raunásýnd hlutanna. Þar er fólginn galdur þessarar hlédrægu og orðvöru bókar: hún yfirfærir lögmál listarinnar (og þar með ódauðleika) á eðlisþætti náttúrunnar (og „sköpunarverksins“ – bæði í heiðnum og kristnum skilningi) og kemst þannig hjá því að vega að því lífi sem hún vegsamar og ögra því náttúrulögmáli sem öll list er annars óhjákvæmilegt andóf gegn – og krækir um leið framhjá þeim óyfirstíganlega dauða sem hún er annars heltekin af: „stígur yfir pensilfarið“ (93). Ljóðin boða duft og dauða en eru sjálf vitnisburður um hið gagnstæða: „rödd allra tíma“ (78) og klappa letur sitt á ævarandi stein. Lífið er örskot, listin er eilíf: hvort um sig er forsenda hins (og hvorugt er hégómi) eins og bókin öll er „hægt og hægt“ (5) til vitnis um og hefur þannig hausavíxl á eigin málsrökum, hrókerar lífi og list og mátar með því dauðann sem hnígur þá í valinn. Því þótt ljóðin dragi himnaríkið ef til vill í efa „halda þau himninum uppi“ (82) – eru eins konar „líkkistur með gluggum“ (38) með útsýni til ódáinsakra handan eigin orða.




Tvídans skálds og lesanda er lipur og öruggur í þessari dimmu en hugnæmu ljóðabók. Mælandinn gengur nærri sér og sækir óspart þraut og óyndi í myrkan veruleika (höfundar) en lýsir hann jafnharðan upp með ljósi skáldskaparins til yndis fyrir lesandann. Og ef grannt er gáð eru frumtákn og ljóðlist þessarar bókar „nokkur almenn orð“ um hlýnun þeirrar sólar sem ávallt sigrar svartnætti hugans og fellir í orði dauðann á eigin bragði þótt ef til vill sé hann ósigrandi á borði.

Sigurður Hróarsson

**Niðurstaða:** Gullvæg og gjöful ljóðabók um lífsins stærsta leyndardóm.

# ÁRAMÓTAPARTÝ

## ..á Broadway

AÐALSALUR

# SÁLIN

HLIÐARSALUR

Techno.is

DJ halda uppi stuðinu

Miðaverð kr. 2500,-

Forsala miða í Broadway 28. til 30. desember kl. 13:00-17:00

Húsið opnar á miðnætti

Miller Léttöl

Miðasala í síma 533 1100 - www.broadway.is

BROADWAY

nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*

## ÍSLENSK NAUTALUND
FERSK

30% afsláttur

3.359 kr/kg
áður 4.798 kr/kg

# Gleðilegt nýtt ár

## HAMBORGAR-HRYGGUR

30% afsláttur

1.329 kr/kg
áður 1.898 kr/kg

KEA

## HANGILÆRI ÚRBEINAÐ

30% afsláttur

2.099 kr/kg
áður 2.998 kr/kg

KJÖTSEL

## HANGIFRAMPARTUR ÚRBEINAÐUR

30% afsláttur

1.399 kr/kg
áður 1.998 kr/kg

KJÖTSEL

## NAUTAFRAMFILLET STEIK FERSKT

30% afsláttur

2.799 kr/kg
áður 3.998 kr/kg

## NAUTA RIB-EYE STEIK FERSKT

30% afsláttur

2.659 kr/kg
áður 3.798 kr/kg

## NAUTATORNADOS FERSKT

30% afsláttur

3.429 kr/kg
áður 4.898 kr/kg

## SVÍNALUNDIR DANSKAR 1kg

32% afsláttur

1.359 kr/kg
áður 1.998 kr/kg

## ALLT FYRIR ÁRAMÓTAPARTÍIÐ

## COOP SALTHNETUR 300gr

379 kr/pk

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

## LAMBAFILLET M/FITU
FERKST

31% afsláttur

2.684 kr/kg
áður 3.890 kr/kg

# góðir landsmenn

## LAMBALÆRI
FERSKT

30% afsláttur

1.399 kr/kg
áður 1.998 kr/kg

KJÖTSEL

## LAMBAHRYGGUR
FERSKUR

30% afsláttur

1.499 kr/kg
áður 2.142 kr/kg

KJÖTSEL

## SKELFLETTUR HUMAR
500gr

1.598 kr/pk
áður 1.998 kr/pk

## HUMAR Í ÖSKJU
2kg

38% afsláttur

3.595 kr/pk
áður 5.798 kr/pk

## ALIAS
ORÐASPILIÐ VINSÆLA ER Í NETTÓ!

## ÍS - VANILLU, SÚKKULAÐI & JARÐABERJA 1,33 ltr.

338 kr/kg
áður 389 kr/kg

## EMERGE ORKUDRYKKUR
250ML

79 kr/stk

## VÍNBER
GRÆN

599 kr/kg
áður 789 kr/kg

## PARTÝLJÓS - TILVALIN UM ÁRAMÓT

verð frá 99 kr/pk

Tilboðin gilda 30. - 31. desember eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

> BÆTIR ÍMYNDINA

Rapparinn **Kanye West** hefur átt stormasamt ár og beið ímynd hans nokkurn hnekki í kjölfarið. Hann hefur því ákveðið að lappa upp á ímyndina og hann og kærasta hans, Amber Rose, eyddu jólunum í súpueldhúsi í Los Angeles þar sem þau unnu sjálfboðavinnu.

# fólk

folk@frettabladid.is

# Pálmi með Blúsboltum uppá Skaga

Andi Rúnars Júlíussonar mun svífa yfir vötnum á Akranesi í kvöld þegar hið árlega blúskvöld verður haldið. „Forsagan er sú að Rúnar og Tryggvi Hübner voru að spila á Hótel Akranesi fyrir langa löngu. Ég hitti þá í pásunni og stakk upp á að þeir fyndu sér tvo menn og gerðu þetta að árlegum viðburði. Það gekk eftir," segir Tómas R. Andrésson, aðalhvatamaður tónleikanna. Rúnar og Tryggvi bættu við Birgi Baldurssyni trommara og Eðvarð Lárussyni gítarleikara og bandið var kallað Blúsboltarnir. Það blúsaði svo tuttugu sinnum í röð með Rúnar innanborðs, alltaf 30. desember ár hvert. Haldið var áfram að blúsa í fyrra þótt Rúnar væri fjarverandi og enn blúsa Blúsboltarnir í kvöld.

„Í fyrra var Andrea Gylfa með strákunum en nú kemur Pálmi Gunnarsson inn svo það má búast við að efni honum tengt heyrist, til að mynda blúsað efni Mannakorna og eitthvað með Friðryki," segir Tómas spenntur. Tónleikarnir fara fram í Kaupfélaginu (áður Barbro) og upphitun verður í höndum ungra tónlistarmanna frá Skaganum, að mestu úr hljómsveitinni Ferlegheit. „Það kostar þúsund kall inn eins og er búið að gera í öll hin skiptin," segir Tómas. „Rúnar var vanur að segja að við tækjum ekki þátt í verðbólgunni." - drg

**BOLTARNIR BLÚSA Í 22. SKIPTI Í KVÖLD** Pálmi Gunnarsson verður í stað Rúna Júl.

**HUGH GRANT** Leikarinn Hugh Grant er hálfnaður með sína fyrstu skáldsögu.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill gefa út skáldsögu

**Leikarinn Hugh Grant vill sér frí frá glysinu í Hollywood og gefa út skáldsögu. „Ég hef alltaf sagt það við sjálfan mig að um leið og þú hefur leikið í nokkrum ágætum myndum og þénað dálítinn pening geturðu loksins gefið út skáldsöguna þína," sagði Grant í viðtali við þýska blaðið Bild. Grant, sem verður fimmtugur á næsta ári, er hálfnaður með söguna en hefur ekkert samið undanfarið ár. „Ég veit ekki hvort það er vegna leti eða af ótta við mistök." Hann segir að togstreita myndist þegar hann fær gott handrit í hendurnar. „Ég spyr mig hvort ég ætti ekki frekar að leika í mynd, þéna pening eða vinna með fallegum konum."**

# Fallegasta kvikmyndin í langan tíma

**Mamma Gógó er fyrsta leikna kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar í sex ár. Hún fer í almennar sýningar á nýársdag og fjallar um Gógó, fullorðna konu sem greinist með Alzheimer-sjúkdóminn.**

„Það er lukka yfir þessum degi," segir leikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson um frumsýningardaginn. Síðasta mynd hans sem var frumsýnd á nýársdag, Englar alheimsins, náði gríðarlegum vinsældum og vonast hann að sjálfsögðu til að sagan endurtaki sig á nýju ári.

Mamma Gógó fjallar á grátbroslegan hátt um fullorðna konu sem greinist með Alzheimer-sjúkdóminn og fer Kristbjörg Kjeld með hlutverk hennar. Á sama tíma og Gógó berst við sjúkdóminn er sonur hennar, sem Hilmir Snær Guðnason leikur, í fjárhagskröggum vegna nýjustu kvikmyndar sinnar, Börn náttúrunnar, sem fær mjög dræma aðsókn.

Mamma Gógó er að einhverju leyti byggð á ævi Friðriks Þórs, sem á sjálfur 95 ára móður sem hefur verið með Alzheimer í mörg ár. „Ég læt myndina gerast á óræðum tíma. Hún hefst á frumsýningu á Börnum náttúrunnar eins og hún sé að gerast í dag," segir Friðrik. „Ég blanda saman ýmsum málum úr íslensku samfélagi, peningasjóðum og svona dóti, og set þetta allt í einn hrærigraut. Ég vona bara að fólk hafi gaman af þessari mynd. Það er ekkert gaman að gera myndir sem fólk hefur ekki gaman af," segir hann og hlær.

Friðrik hóf undirbúning myndarinnar fyrir tveimur árum en tökur hófust í febrúar á þessu ári. Valinkunnt fólk kom að gerð hennar, þar á meðal kvikmyndatökumaðurinn Ari Kristinsson sem síðast vann með Friðriki við Djöflaeyjuna. „Það er alveg rosalega falleg vinna sem hann skilar frá sér eins og reyndar allir. Þetta er fallegasta kvikmyndin sem hefur verið sýnd lengi hérna á Íslandi," staðhæfir Friðrik.

Gunnar Eyjólfsson leikur stórt hlutverk í myndinni og segist Friðrik vera mjög ánægður með samstarfið við hann og Kristbjörgu. „Það var alveg sérstaklega ljúft að vinna með þeim. Þau eru bæði toppleikarar og svo er þetta svo skemmtilegt fólk sem hefur góða nærveru."

Mamma Gógó kostaði um tvö hundruð milljónir króna í framleiðslu. Helmingur þeirrar upphæðar var fenginn að utan og telur Friðrik það sýna svart á hvítu hversu óheppileg ákvörðun það sé hjá íslenskum stjórnvöldum að skera niður í kvikmyndagerð. „Þú færð hundrað milljónir inn í landið og það er ekki byrjað að selja myndina. Ég er viss um að þessari mynd á eftir að ganga vel erlendis. Hún fer líklega í sömu fótspor og eldri myndirnar mínar og verður eflaust sýnd í þrjátíu til fjörutíu löndum. Stjórnvöld eru bara að skjóta sig í fótinn. Það koma bara hundrað atvinnulausir kvikmyndagerðarmenn á markaðinn og túrisminn verður minni." En jafnast Mamma Gógó á við bestu myndir Friðriks? „Hún er á meðal minna bestu. Ég held ég geti hiklaust fullyrt það."

freyr@frettabladid.is



**MEÐAL MINNA BESTU** Friðriks Þór hefur mikla trú á nýjustu myndinni sinni, Mömmu Gógó, og telur hana hiklaust vera meðal sinna bestu verka. Er þó af nægu að taka.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HELSTU MYNDIR FRIÐRIKS

**Mamma Gógó** (2010)
**Niceland** (2004)
**Fálkar** (2002)
**Englar alheimsins** (2000)
**Djöflaeyjan** (1996)
**Cold Fever** (1995)
**Bíódagar** (1994)
**Börn náttúrunnar** (1991)
**Skytturnar** (1987)

# Tyra hættir í sjónvarpi

Ofurfyrirsætan Tyra Banks hefur ákveðið að hætta með spjallþátt sinn The Tyra Show og ætlar þess í stað að snúa sér að kvikmyndaiðnaðinum. Fyrirsætan ætlar að eigin sögn að einbeita sér að því að framleiða kvikmyndir sem munu veita konum innblástur. „Þetta verður síðasta árið sem The Tyra Show er í loftinu. Ég hef haft gaman af því að birtast ykkur á skjánum síðustu fimm árin. Næsta skref mitt mun veita mér tækifæri til að ná augum enn fleiri kvenna og stúlkna og mun ég enn hjálpa ykkur við að finna ykkar innri töffara." sagði í tilkynningu frá fyrirsætunni.

**HÆTT AÐ SPJALLA** Tyra Banks ætlar að snúa sér að kvikmyndaframleiðslu.

# Eiginkonan vildi skilnað

**HÓTAÐI KONU SINNI** Charlie Sheen hótaði eiginkonu sinni á jóladag.

Leikarinn Charlie Sheen þurfti að dúsa í fangaklefa á jóladag eftir að eiginkona hans, Brooke Mueller, kærði hann fyrir líkamsárás. Lögreglan mætti á heimili þeirra hjóna eftir að Mueller hringdi í Neyðarlínuna og tilkynnti að Sheen hefði hótað henni líflátí og otað að henni hnífi. Hjónin voru bæði drukkin þegar atvikið átti sér stað.

Heimildir herma að Sheen hafi ráðist á konu sína eftir að hún hótaði honum skilnaði. „Brooke sagði Charlie að hún vildi skilnað. Hún sagðist ætla að fara frá honum fyrir fullt og allt," var haft eftir heimildarmanni.

Tónlist ★★★

**Tregagás**

Ragnheiður Gröndal

## Nýir fletir fundnir

Á nýjustu geislaplötu sinni leitar Ragnheiður Gröndal fanga í hinu stórmerkilega þjóðlagasafni séra Bjarna Þorsteinssonar sem fyrst kom út upp úr aldamótunum 1900. Söngkonan hefur fengið þungavigtarmenn í lið með sér, þá Hauk Gröndal, Guðmund Pétursson, Birgi Baldursson og Matthías M.D. Hemstock, og saman hefur þetta öfluga kombó útsett lög og stuðst við lagastúfa úr bók Bjarna en aðlagað hljóma, hryn og fleira að sínum hugmyndum, eins og segir í upplýsingatexta.

Hugmyndin er ágæt og útkoman skemmtileg. Ragnheiður, sem hefur fyrir löngu sannað sig sem ein af allra bestu söngkonum landsins, sýnir hér flestar sínar bestu hliðar og kemur líka á óvart á köflum. Til að mynda minnir sterk raddbeiting hennar í upphafslaginu Ei er andvakan góð lítt á nokkuð sem áður hefur heyrst frá Ragnheiði á opinberum vettvangi. Raunar verða þau tilvik þar sem tilfinningunni er gefinn laus taumurinn og gefið í hljóðfæraleikinn að teljast eftirminnilegust, eins og lögin Að bíða þess sem búið er og hið skemmtilega stigvaxandi Öll náttúran enn fer að deyja (eitt best heppnaða lag plötunnar) eru góð dæmi um. Á einstaka stað ber kappið fegurðina ofurliði og hentar rödd Ragnheiðar tæpast nægilega vel, sérstaklega í syrpunni Ég að öllum háska hlæ – Stundum þungbær þögnin er – Húmar að mitt hinsta kvöld. Slíkt er þó sjaldgæft.

Aðrar útsetningar kalla á að söngkonan beri á borð sína ljúfu og auðþekkjanlegu rödd og gerir hún það oftast nánast óaðfinnanlega, eins og heyra má í hinum fallegu Sofðu ætíð sætan dúr, Og þótt enginn gráti og Verndi þig englar. Nú glæðast lífsins gæði er ærslafullt og fínt, en Tvenn er tíðin daga og nátta öllu nær því að vera svæfandi. Í lokin tæklar Ragnheiður Vísur Vatnsenda-Rósu í þriðja sinn og megnar enn að finna nýja fleti á snilldinni.

Téðar útsetningar leiða hlustandann í huganum vítt og breitt um álfuna og allur hljóðfæraleikur er fagmannlegur og flottur. Í heildina er því um gott framtak að ræða og afraksturinn eins áheyrilegur og Ragnheiður á vanda til. Forvitnilegt verður að sjá hvort þjóðlagaarfurinn fylgir söngkonunni inn í næstu plötu með frumsömdu efni, en þá er næsta víst að von er á góðu.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Söngkonan hæfileikaríka leikur sér skemmtilega að þjóðlagaarfinum. Vel heppnuð plata.


# Eykur styrk og þol vöðva
## Betri árangur!



### Vöðvabólga og stirðleiki
*Byltingarkennt andoxunarefni !!*

*Lagar fljótt vöðvabólgu, stirðleika, eymsli, harðsperrur og sinaskeiðabólgu. Gefur aukna mýkt og vellíðan. Eykur styrk og þol vöðva. Greinilegur árangur við líkamsrækt, álagsvinnu og ferðalög.*

***Íþróttafólk og sjúkraþjálfarar mæla með AstaZan***

*AstaZan styrkir einnig húðina sem verður fallegri og fyrr brún í sól eða ljósabekk.*

1 hylki á dag.
Virkar strax!

LifeStream®
Engin málamiðlun í gæðum

*Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni.*
*Rannsóknir staðfesta árangur - www.celsus.is*

# Ótrúlega útsalan
## Bara í dag og bara í gær

**Veiðistangir á hálfvirði**
**Veiðihjól á hálfvirði**
**Vöðlur á hálfvirði**
**Veiðijakkar á hálfvirði**
**Línur á hálfvirði**
**Byssur á hálfvirði**
**Útivistarfatnaður á hálfvirði**
**Kayakar á hálfvirði**

**Þetta er eina sanna útsalan**
**sem allir eru alltaf að tala um**
**Ætlar þú að missa af henni aftur?**
**Opið 10 til 18 í dag**

**Sportbúðin**
**Krókhálsi 5**

# Hófsamar jóla-gjafir fyrirtækja

**Jólagjafirnar á góðærisárunum voru oft glæsilegar og íburðarmiklar og margir supu hreinlega hveljur við fréttum af því hvað leyndist í jólapökkum starfsmanna sumra fyrirtækja. Nú er öldin önnur.**

Jólagjafir starfsmanna voru almennt minni í sniðum nú á kreppujólunum 2009. Hjá mörgum var þetta sáraeinfalt eins og hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar: Þeir fengu ekki neitt. Bréfberar stóðu í ströngu fyrir jólin og fengu hamborgarhrygg frá Póstinum auk bókar um Friðarsúlu Yokoar Ono. Starfsmenn Símans fengu tíu þúsund króna úttekt í miðborginni auk tveggja miða á mann í Borgarleikhúsið.

„Nýju“ bankarnir voru jarðbundnari en þegar lánsfé vætlaði um pípurnar. Landsbankinn (NBI hf.) gaf starfsfólkinu matarkörfu. Kjöt og ostar voru meginuppistaðan þessi jólin. Starfsfólk Arion banka fékk einnig matarkörfu og Spurt að leikslokum spilið að auki. Íslandsbanki gaf starfsfólki sínu rifjárn og uppskriftabók sem starfsfólkið sjálft lagði til uppskriftir í. Á meðan bankinn hét Glitnir fengu starfsmenn Kærleikskúlu frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, en í ár var þeim boðinn afsláttur af kúlunni.

Útrásarfyrirtækin voru misfrumleg í ár. Starfsfólk Decode fékk tveggja hæða konfektkassa, starfsfólk Latabæjar fékk flíspeysu frá Cintamani, en tölvuleikjafyrirtækið CCP var á tæknilegu nótunum og gaf sínu fólki nýmóðins myndatökuvél af tegundinni The Flip. Jólagjafir til starfsfólks Össurar voru smærri í sniðum en áður og í staðinn gaf fyrirtækið 2.000 kr. fyrir hvern og einn til jólaaðstoðar Rauða krossins. Starfsfólk Actavis á Íslandi fékk sams konar jólagjöf frá fyrirtækinu og undanfarin ár, 100.000 kr. í peningum. Upphæðin er sú sama fyrir alla, óháð starfsheiti. Þetta er orðin um tuttugu ára hefð hjá fyrirtækinu og upphæðin hefur verið hundrað þúsund krónur undanfarin ár. Starfsmannafélag Actavis hefur einnig gefið starfsfólki plötu, bók eða eitthvað slíkt, en í ár var ákveðið að láta þau útgjöld heldur renna til góðgerðamála.

**- drg**

# Meik á næsta ári

Á komandi ári verður mikið að gerast hjá hljómsveitinni FM Belfast. Fyrsta plata sveitarinnar, How to make friends, kom út á Íslandi í fyrra, en í byrjun árs er hún loksins að koma út í Evrópu og Bandaríkjunum. Það er nýstofnað samkrull Kima og Morr útgáfunnar í Berlín sem sér um að gefa hljómsveitina út. Búið er að bóka sveitina um alla Evrópu. Fyrst helgina 14.-16. janúar þegar hljómsveitin leikur á hinni frægu Eurosonic bransahátíð í Groningen í Hollandi. Agent Fresco og Seabear eru aðrir fulltrúar Íslands á Eurosonic, sem er hugsuð sem stökkpallur fyrir upprennandi hljómsveitir. Svo verður snarpur níu tónleika túr um Frakkland seinni hluta febrúar. Þar á meðal er gigg í Brussel í Belgíu 25. febrúar með Mugison og Helga Hrafni Jónssyni. FM Belfast spilar svo 6. mars á Bryggen í Kaupmannahöfn ásamt Retro Stefson.

Áður en að öllu þessu kemur ætlar FM Belfast að sletta úr klaufunum á Nasa í kvöld. Þar verður bandið með Retro Stefson og byrjar fjörið stundvíslega kl. 23. Búast má við að þetta verði síðustu tónleikar FM Belfast hér í einhvern tíma.

**ALLT AÐ SKE** FM Belfast sækir fram á nýju ári.

# Óskum landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs

## - Herbalife í 30 ár

**„ALLIR MÍNIR MENN HJÁ KR HAFA NOTAÐ HERBALIFE“**

**Benedikt Guðmundsson**
þjálfari

**„SJEIKANA Í MORGUNMAT, FYRIR OG EFTIR ÆFINGAR“**

**Kári Ársælsson**
fyrirliði bikarmeistara Breiðabliks í knattspyrnu

**„ÚRSLITAVALDUR Á ÖGURSTUNDU“**

**Auðunn Einarsson**
PGA-golfkennari



**„BÚIN AÐ NOTA HERBALIFE Í TVÖ ÁR SAMFLEYTT“**

**Rut Sigurðardóttir**
þrefaldur Norðurlandameistari í taekwondo

**„ALDREI KOMIÐ BETUR UNDIRBÚINN TIL LEIKS“**

**Björgólfur Takefusa**
markakóngur Íslands í knattspyrnu

**„HEPPINN AÐ KYNNAST HERBALIFE“**

**Guðmundur Benediktsson**
knattspyrnumaður

**„SÍÐASTA ÆFING DAGSINS AUÐVELDARI“**

**Logi Gunnarsson**
landsliðsmaður í körfuknattleik

**„HEF AUKNA ORKU OG ÚTHALD Í LEIKI OG ÆFINGAR“**

**Ólafur Páll Snorrason**
knattspyrnumaður

Fáðu leiðbeiningar og aðstoð hjá sjálfstæðum dreifingaraðila Herbalife

**Götusmiðjan** er Casa Herbalife á Íslandi styrkt af HFF HERBALIFE FAMILY FOUNDATION

Herbalife er skráð á NYSE

HERBALIFE®
sjálfstæðir dreifingaraðilar

Handan við hornið

## > Bað stuðningsmenn afsökunar

Gylfi Þór Sigurðsson bað stuðningsmenn Reading afsökunar á lélegri frammistöðu leikmanna gegn Plymouth í fyrrakvöld. Þá mættust liðin í ensku B-deildinni og vann Plymouth 4-1 sigur. „Ég vil biðja alla þá stuðningsmenn sem komu á leikinn afsökunar. Ég veit ekki hvað við vorum að gera inni á vellinum – við áttum ekki skilið að fá neitt út úr leiknum. Við vorum búnir að spila ágætlega í síðustu leikjum en það er engu líkara en að við mættum ekki til leiks í þetta skiptið."

**ÓLAFUR GUÐMUNDSSON ÚR FH:** EINI NÝLIÐINN Í EM-HÓPI GUÐMUNDAR GUÐMUNDSSONAR LANDSLIÐSÞJÁLFARA

# *Mikill heiður að vera valinn í þennan sterka hóp*

Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handknattleik, kom nokkuð á óvart með því að velja hinn 19 ára FH-ing, Ólaf Guðmundsson, í 17 manna EM-hópinn sem tilkynntur var í gær.

Ólafur hefur ekki enn leikið landsleik en enginn efast um að þar er á ferð upprennandi stórskytta sem á klárlega eftir að gera það gott með landsliðinu í framtíðinni.

„Ég fékk að vita af þessu í morgun [í gær] þegar Guðmundur hringdi í mig. Það var afar ánægjulegt símtal. Ég bjóst ekkert endilega við því að vera valinn en ég var samt í síðasta hópi og hef verið að standa mig vel þannig að ég vonaði það besta," sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær.

„Ég er að sjálfsögðu hrikalega ánægður. Þetta eru stórar og flottar fréttir fyrir mig. Það er náttúrulega ekkert alveg öruggt að ég fari út en ég mun mæta á æfingar, selja mig dýrt og gera mitt allra besta. Það er svo undir þjálfaranum komið hvort hann tekur mig með eða ekki."

Hinn ungi Ólafur er í afar góðum félagsskap en alls eru 13 silfurverðlaunahafar frá ÓL í Peking af 17 leikmönnum í hópnum. Þeir fjórir sem voru ekki á Ólympíuleikunum eru Ólafur, Aron Pálmarsson, Vignir Svavarsson og Þórir Ólafsson.

„Það er mikill heiður fyrir mig að vera valinn í þennan sterka hóp. Flott fyrir 19 ára strák sem á enn eftir að spila landsleik. Þetta er þess utan líklega einhver sterkasti landsliðshópur sem Ísland hefur átt lengi," sagði Ólafur sem finnst ekkert erfitt að æfa með öllum stjörnunum. „Ég fékk pínu sjokk þegar ég mætti fyrst enda allt strákar sem maður hefur verið að horfa á í sjónvarpinu lengi og litið upp til. Það rann af mér fljótt. Á endanum er þetta samt bara handbolti sem snýst um að henda boltanum í markið og skora meira en andstæðingurinn," sagði Ólafur.

Skyttan unga segir ánægjulegt að leikmenn hér á Íslandi gleymist ekki hjá þjálfaranum. „Óskar Bjarni aðstoðarþjálfari fylgist auðvitað vel með og lætur Guðmund vita af því hvernig við séum að spila. Það er jákvætt að menn hér heima eigi sama möguleika og aðrir."

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| **Aston Villa - Liverpool** | **0-1** |
| 0-1 Fernando Torres (93.). | |
| **Bolton - Hull City** | **2-2** |
| 1-0 Ivan Klasnic (20), 2-0 Kevin Davies (61.), 2-1 Stephen Hunt (71.), 2-2 Stephen Hunt (78.). | |
| Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn með Bolt. | |

### *Belgíska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| **Cercle Brügge - Standard Liege** | **2-0** |
| Arnar Þór Viðarsson lék allan leikinn með C. Br. | |

### *Þýska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| **Göppingen - Flensburg** | **30-27** |
| Alexander Petersson skoraði 1 mark fyrir Flensb. | |
| **Düsseldorf - Gummersbach** | **28-32** |
| Sturla Ásgeirsson skoraði ekki fyrir Düsseldorf en Róbert Gunnarsson gerði 4 fyrir Gummersbach. | |

### *Sænska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| **Solna - Örebro** | **77-78** |
| Helgi Már Magnússon var með 11 stig fyrir Solna. | |
| **08 Stockholm - Sundsvall** | **74-90** |
| Jakob Sigurðarson var með 23 stig fyrir Sundsvall. | |

Fernando Torres var hetja Liverpool sem vann góðan 1-0 útisigur á Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni í gær:

# Torres endaði árið vel fyrir Liverpool

**FÓTBOLTI** Fernando Torres reyndist enn og aftur sínum mönnum í Liverpool þyngdar sinnar virði í gulli er hann tryggði liðinu 1-0 sigur á Aston Villa á útivelli með marki í uppbótartíma. Tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöldi en í hinum gerðu Bolton og Hull 2-2 jafntefli.

Eins og ítrekað hefur verið fjallað um hefur tímabilið verið langt undir væntingum stuðningsmanna Liverpool en Torres sá til þess að liðið lauk árinu á jákvæðum nótum. Með sigrinum náði Liverpool afar mikilvægum stigum í baráttu þess um fjórða sæti deildarinnar – því síðasta sem veitir þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu. Liðið er nú með 33 stig, fjórum á eftir Tottenham sem situr nú í fjórða sæti. Aston Villa er í því sjötta með 35 stig.

Steven Gerrard komst nálægt því að skora fyrr í leiknum fyrir Liverpool, sem og Stewart Downing hjá Aston Villa en Pepe Reina sá við honum. John Carew fékk einnig ágætt skallafæri fyrir heimamenn en hitti ekki markið.

Leikurinn var að öðru leyti nokkuð tíðindalítill þar til Torres skoraði markið þýðingarmikla í uppbótartíma.

„Um þetta snýst fótboltinn," sagði Gerrard eftir leikinn. „Maður verður að halda áfram allt til enda og mér fannst við spila nokkuð vel í kvöld. Allir vita að þegar Fernando er upp á sitt besta stenst honum enginn snúning. Við viljum að hann haldi áfram á þessari braut og komi okkur í hóp efstu fjögurra liða deildarinnar."

Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn með Bolton í gær og var nálægt því að tryggja sínum mönnum sigur í uppbótartíma en skot hans fór af varnarmanni og hárfínt framhjá marki Hull.

Aðeins fáeinum andartökum síðar var hann svo aftur í eldlínunni hinum megin á vellinum og kom í veg fyrir að varamaðurinn Jan Vennegoor of Hesselink stæli sigrinum fyrir Hull sem lenti 2-0 undir í leiknum. Stephen Hunt skoraði tvívegis með skömmu millibili seint í leiknum og tryggði þannig Hull jafntefli. **- esá**

**MARKAHETJAN**
Fernando Torres skoraði sitt 50. mark fyrir Liverpool í gær og tókst honum það á skemmri tíma en allir aðrir sem hafa náð þeim áfanga í sögu félagsins.
NORDIC PHOTOS/GETTY

# útsala

útivistarfatnaður gönguskór sportfatnaður íþróttaskór barnafatnaður o.fl.

## Holtagörðum og Glæsibæ

# 30 til 50 prósent

# afsláttur

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 48597 12/09

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • www.utilif.is

ÚTILÍF

Ragnar Snær Njálsson hættur að spila í Grikklandi og leitar á ný mið:

# Forseti félagsins er yfir mafíunni

**HANDBOLTI** Grikklandsævintýri Ragnars Snæs Njálssonar lauk fyrir jól. Hann sá þá ekki fram á að fá lengur laun hjá félaginu og hélt heim á leið. Hann stefnir þó á að staldra stutt við enda með tilboð víða að úr Evrópu.

„Thermaikou hefur verið í fjárhagsvandræðum og ég hef ekki fengið laun í tvo mánuði. Ég fór því í mál við félagið og er með þrjá lögfræðinga ytra að vinna í málinu," sagði Ragnar Snær, sem býst ekkert endilega við að fá alla peningana til baka enda segir hann forseta félagsins vera mafíósa.

„Þannig er mál með vexti að forseti félagsins er einnig lög-

**ÚTI ER ÆVINTÝRI** Ragnar Snær hefur lokið keppni í Grikklandi. MYND/ÚR EINKASAFNI

regluforingi í borginni, sem og í framboði til borgarstjóra. Hann er æðsta höfuðið í mafíunni þannig að það er ekki beint hægt að rífa mikið kjaft við þennan mann. Sagan segir að hann eigi nóg af peningum í félagið en sé að nota þá alla í framboðið sitt," sagði Ragnar en hann tók allt sitt hafurtask heim um jólin. Allt nema rúmið.

„Þeir gáfu mér rúm þegar ég kom hérna út. Ég var frekar reiður síðustu dagana áður en ég fór heim enda var búið að taka hitann af íbúðinni. Ég sagaði því rúmið í sundur og henti því í arininn. Það kom því smá hiti af rúminu og ég náði smá hefnd í leiðinni," sagði Ragnar sem segist vera með tilboð frá liðum í Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Portúgal. **- hbg**


Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Taktu þátt í Lukkulífi

VITA á Kanarí!

Ótrúlegt verð

Lukkulíf VITA
2. jan.–15. jan. - 13 nætur

Verð frá 89.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

Verðdæmið er m.v. 2 í íbúð m/1 svefnh.
* Verð án Vildarpunkta: 99.900 kr.
Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað, brottfaradag og lengd ferðar en upplýsingar um hótel berast þér síðar.

Eingöngu flug
2. jan. - 15. jan.
Flug fram og til baka
49.900 kr.
og 15.000 Vildarpunktar*
*Verð án Vildarpunkta 59.900 kr.
Innifalið: flug og flugvallaskattar

Beint morgunflug,
glæsilegur flugkostur.

Við vildum að farþegum liði eins og þeir væru heima hjá sér þegar við settum ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

Þú getur notað
Vildarpunktana
hjá okkur

Hjá VITA eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.
Auk þess getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum.

VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 48580 12/09

**ÞJÁLFARATEYMIÐ** Óskar Bjarni Óskarsson og Guðmundur Guðmundsson á hliðarlínunni í leik með íslenska landsliðinu fyrr á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Frábærir leikmenn sem ég skil eftir

**Guðmundur Guðmundsson valdi í gær sautján leikmenn í landsliðshóp Íslands fyrir EM í Austurríki. „Frábærir leikmenn fyrir utan hópinn," segir hann.**

**HANDBOLTI** Í gær var tilkynnt hvaða sautján leikmenn voru valdir í landslið Íslands fyrir Evrópumeistaramótið sem fer fram í Austurríki í næsta mánuði. Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari segir það alltaf erfitt að standa að þessu vali en að mörgu sé að huga.

„Þetta er alltaf jafn erfitt. Það eru alltaf einhverjir sem sitja eftir með sárt ennið og það eru margir frábærir leikmenn sem ég þurfti að skilja eftir. En þeir banka fast á landsliðsdyrnar," segir Guðmundur við Fréttablaðið. Margir leikmenn sem hafa verið viðloðandi landsliðshópinn þurfa nú að sitja eftir. Meðal þeirra má nefna Ragnar Óskarsson, Heiðmar Felixson, Hannes Jón Jónsson, Rúnar Kárason og Sigurberg Sveinsson.

„Ég var lengi að velja hópinn enda er margt sem maður þarf að hafa í huga. Ég þarf að skoða heildarmyndina – bæði vörn og sókn. Við erum í þeirri stöðu að skipta út tveimur leikmönnum á milli varnar og sóknar og þá eru ýmsar varnarpælingar sem þurfa að koma heim og saman."

Þó eru ekki allir í landsliðshópnum algerlega lausir við meiðsli. Logi Geirsson er nýbúinn að stíga upp úr erfiðum og langvarandi meiðslum og þá var Þórir Ólafsson nýlega frá. Þá getur Arnór Atlason ekki enn spilað heilan leik vegna sinna meiðsla.

„Logi ber sig vel en er vissulega ákveðið spurningarmerki. Það verður bara að koma í ljós með hann eins og hina. Það er alltaf þannig að einhverjir leikmenn eru ýmist að koma úr meiðslum eða að glíma við meiðsli. Það verður seint þannig að allir verða heilir," segir Guðmundur.

„En þetta er hópurinn sem ég valdi nú. Ég vona að ég þurfi ekki að gera margar breytingar en ef eitthvað annað kemur í ljós munum við bregðast við því."

Guðmundur má vera með sextán manns á leikskýrslu þegar mótið hefst hinn 19. janúar næstkomandi. Enn er óvíst hvort sautjándi maðurinn verði skilinn eftir heima eða komi með út.

„Ég reikna frekar með því að fara út með sextán leikmenn en það er enn óvíst. Það er einnig nýtt að liðin mega nú skipta út tveimur leikmönnum áður en milliriðlakeppnin hefst. Það gerir það að verkum að ég er með varaplan. Það eru menn sem ég horfi til sem gætu komið inn ef á þyrfti að halda," segir Guðmundur.

Fyrr í mánuðinum skilaði hann inn lista með nöfnum 28 leikmanna og er honum einungis heimilt að kalla inn leikmenn af þeim lista ef þess gerist þörf.

„En ég vil ekki taka of stóran hóp með mér út því þetta er svo stuttur tími. Ég get þar að auki ekki haft endalaust marga leikmenn á æfingum til að baktryggja mig fyrir öllu mögulegu. Ég hef trú á því að þessir leikmenn muni klára mótið en ef eitthvað breytist munum við bregðast við því."

eirikur@frettabladid.is

## EM-HÓPURINN

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Björgvin Páll Gústavsson | Kadetten SH |
| Hreiðar L. Guðmundsson | Emsdetten |
| **Aðrir leikmenn** | |
| Alexander Petersson | Flensburg |
| Arnór Atlason | FC Kaupmannahöfn |
| Aron Pálmarsson | Kiel |
| Guðjón Valur Sigurðsson | RN Löwen |
| Ingimundur Ingimundarson | Minden |
| Logi Geirsson | Lemgo |
| Ólafur Guðmundsson | FH |
| Ólafur Stefánsson | RN Löwen |
| Róbert Gunnarsson | Gummersbach |
| Snorri Steinn Guðjónsson | RN Löwen |
| Sturla Ásgeirsson | Düsseldorf |
| Sverre Jakobsson | Grosswallstadt |
| Vignir Svavarsson | Lemgo |
| Þórir Ólafsson | Lübbecke |

## UTAN EM-HÓPS

**Þeir leikmenn sem má kalla inn vegna fjarveru annarra leikmanna.**

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Birkir Ívar Guðmundsson | Haukum |
| Ólafur Haukur Gíslason | Haugaland |
| **Aðrir leikmenn** | |
| Bjarni Fritzson | FH |
| Hannes Jón Jónsson | Burgdorf |
| Heiðmar Felixson | Lübbecke |
| Ragnar Óskarsson | Dunkerque |
| Rúnar Kárason | Füchse Berlin |
| Kári K. Kristjánsson | Amicitia Zürich |
| Sigurbergur Sveinsson | Haukum |
| Gunnar Berg Viktorsson | Haukum |
| Einar Ingi Hrafnsson | Nordhorn |

FARTÖLVUR
50.000 AFSL.
ALLT AÐ 50.000kr. AFSL.

VEFMYNDAVÉLAR
30% AFSL.
ALLT AÐ 30% AFSL.

VINNSLUMINNI
65% AFSL.
ALLT AÐ 65% AFSL.

# SPRENGJA

# ALLT AÐ 80% AFSL.

SÍÐUSTU DAGAR • EKKI MISSA AF ÞESSU • SÍÐUSTU DAGAR

19"
SAMSUNG
LCD BREIÐSKJÁR

Samsung 923NW
19" LCD breiðskjár með 1440x 900p uppl., 5ms viðbrt., 1000:1 skerpu ofl.

**19.990**

1stk á mann!

WD

WD Green 1TB
1TB SATA2 32MB GreenPower diskur sem er hljóðlátur, kaldur og umhverfisvænn.

**1TB GRÆNN DISKUR**

**13.990**

WD

**640GB MYBOOK FLAKKARI**

WD Essential 2
Flakkari með 640GB hörðum disk. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar orku.

**12.990**

22"
PHILIPS
LCD BREIÐSKJÁR
STÍLHREIN HÖNNUN

**TÖLVUTILBOÐ**

**119.990**

Ace SPRENGJUTILBOÐ 1
- AM3 DualCore Athlon II 240
- 2GB DDR2 vinnsluminni
- 640GB WD Caviar diskur
- 22x Dual Layer DVD skrifari
- 22" Philips 220SW9FB LCD skjár
- MSI GeForce N210 skjákort
- Logitech S120 hátalarar
- 7.1 hljóðkort
- Windows 7 Premium

ICY BOX

**MEDIASPILARI REC**

ICY BOX MP3010HW
REC margmiðlunarspilari og upptökutæki fyrir 3.5" SATA diska. Tengist við sjónvarp án tölvu. Spilar af harðdisk og yfir net. Kortalesari og fjarstýring.

**22.990**

| OPNUNARTÍMI | |
|---|---|
| Mið. | 30. des. 9-19 |
| Fim. | 31. des. 9-12 |

**AÐEINS BROT AF ÚRVALINU**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
|---|---|---|---|---|---|
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 |

> **Maura Tierney**

„Ég held að það sé af hinu góða að við hættum sjálf framleiðslu þáttanna en séum ekki tekin af dagskrá af því enginn vill horfa lengur á okkur."

***Tierney fer með hlutverk hjúkrunarkonunnar Abby Lockhart í þættinum Bráðavaktinni. Í kvöld kl. 20.20 byrjar Sjónvarpið að sýna fimmtándu og síðustu seríu þáttanna.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM UPPGJÖRSROLLUR

# *Bentu á þann sem að þér þykir bestur*

Freyr Eyjólfsson situr þessa morgna ásamt Erlu Ragnarsdóttur og talar um hvað er merkilegast frá liðnu ári. Það vill brenna við þegar menn ráðast í úttektir á áratug, sem er reyndar ekki liðinn, að ýmsu er haldið fram sem er ekki alveg nógu vel grundað. Það vill verða efst í huganum sem næst er og þá rápa menn oft að undarlegum niðurstöðum. Þannig hélt Freyr því fram á þriðjudagsmorgun að mikið hefði selst af íslenskri tónlist á þessu ári: á hverju byggði hann það, hafði hann öruggar sölutölur við hendina, var hann klár á hvað seldist af íslenskri músík um gáttir? Ónei. Hann óð elginn og fór með fleipur.

Ekki skánaði ástandið mikið þegar María Kristjánsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir niður og ræddu síðustu ár í leikhúsinu og þá kárnaði enn gamanið. Aðsókn hafði verið með miklum ágætum – hvaða tölur studdu það? Einhver samanburður við árin frá 1991 til 2000, sem væru næst í samanburði? Ónei. Og hinn mikli árangur listrænt séð, var hann rakinn? Þar var Silja betur undirbúin en María, sem afsakaði sig reyndar: báðar freistuðust til að nefna þar Vesturport sem María tengdi reyndar kostun Björgólfanna. En var það hún sem skipti öllu um framgang þess hóps? Var það ekki frekar fjárhagslegt framlag leiklistarráðs og Reykjavíkur og sú aðstaða sem Vesturportsmönnum gafst á stórum og litlum sviðum Borgarleikhúss og Þjóðleikhúss?

ERLA SIGRÍÐUR RAGNARSDÓTTIR

Setningu þáttarins átti þó fréttakonan Erla þegar María kvartaði yfir vaxandi kommersjalíseringu stóru leikhúsanna, vaxandi samþættingu Eurovision-tónlistar og leiksýninga: Er það ekki það sem fólkið vill? spurði þá Erla. Engin dæmi höfðu verið rakin þar um, en spurningin opnaði hyldjúpa gjá þar sem ljóst varð að viðkomandi fréttakona vissi harla lítið um hverju íslenskt leikhús hefur sinnt og hvernig.

## MIÐVIKUDAGUR

▶ **19.45 King of Queens** SKJÁREINN

▶ **19.50 Man. Utd. – Wigan, beint** STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **20.20 Gossip Girl (12:22)** STÖÐ 2

▶ **20.20 Bráðavaktin** SJÓNVARPIÐ

▶ **22.10 Chuck** STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Einu sinni var... - Maðurinn** (14:26) (e)
**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Bráðavaktin** (ER XV) (1:24) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Syrpan hefst með því hörmulega slysi að sjúkrabíll springur. Morris og Neela gera hvað þau geta til að bjarga lífi vinnufélaga síns og Abby gerir að sárum ungrar stúlku sem slasaðist í sprengingunni.
**21.05 Morðgátur Murdochs** (Murdoch Mysteries) Kanadískur sakamálaþáttur um William Murdoch og samstarfsfólk hans sem beitti nýtískuaðferðum við rannsókn glæpamála laust fyrir aldamótin 1900.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Sem á himnum** (Så som i himmelen) Sænsk bíómynd frá 2004. Heimsfrægur hljómsveitarstjóri gerir hlé á ferli sínum og snýr einn heim á æskuslóðir sínar í Norrland, nyrst í Svíþjóð. Ekki líður á löngu áður en hann er beðinn að koma og hlusta á kirkjukórinn og gefa góð ráð. (e)
**00.35 Kastljós** (e)
**01.05 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.25 Home Alone**
**10.05 Planes, Tranes and Automobiles**
**12.00 Firehouse Dog**
**14.00 Home Alone**
**16.00 Planes, Tranes and Automobiles**
**18.00 Firehouse Dog**
**20.00 Casino Royale** Daniel Craig fer með hlutverk James Bonds.
**22.20 The Man**
**00.00 Match Point**
**02.00 Idiocracy**
**04.00 The Man**
**06.00 Scoop**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Nornafélagið.
**07.50 Bratz**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Auddi og Sveppi**
**10.55 You Are What You Eat** (8:8)
**11.45 Smallville** (18:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Supernanny** (13:20)
**13.45 Sisters** (12:28)
**14.35 E.R.** (1:22)
**15.20 The New Adventures of Old Christine** (1:10)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Nornafélagið og Dynkur smáeðla.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (10:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.21 Veður**
**19.30 The Simpsons** (9:22)
**19.55 Two and a Half Men** (20:24) Charlie Sheen og John Cryer leika Harperbræðurna gerólíku, Charlie og Alan í þessum vinsælu gamanþáttum.
▶**20.20 Gossip Girl** (12:22) Þáttaröð um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartí.
**21.05 Grey's Anatomy** (9:23) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattleborg .
**21.50 Legend of Zorro** Sagan um Zorro heldur áfram í þessari bráðskemmtilegu spennumynd en nú er Elena, eiginkona Zorros, búin að fá nóg af hetjudáðum hans og vill að hann leggi grímuna á hilluna.
**00.00 27 Dresses**
**01.50 The Mentalist** (5:22)
**02.35 Scarface**
**05.20 The Robber Bride**

### SPORT *besta sætið*

**17.20 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**17.50 Bardaginn mikli: Mike Tyson - Lennox Lewis**
**18.45 The Shark Shootout** Útsending frá lokadegi The Shark Shootout-mótsins í golfi en mótið var haldið af goðsögninni sjálfri, Greg Norman.
**22.30 Ultimate Fighter - Season 1** Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.
**23.15 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Aston Villa - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**14.25 Bolton - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.05 Aston Villa - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**18.45 PL Classic Matches** Leeds - Man United, 2001.
**19.20 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
▶**19.50 Man. Utd. - Wigan** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3: Portsmouth - Arsenal.
**22.00 Portsmouth - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.40 Premier League Review 2009/10**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.10 Top Design** (3:10) (e)
**17.00 Innlit/ Útlit** (10:10) (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Fréttir**
**18.30 Still Standing** (3:20) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (48:48) (e)
**19.30 Fréttir** (e)
▶**19.45 King of Queens** (3:25)
**20.10 Einu sinni var...** Ný íslensk ævintýraleg stuttmynd í leikstjórn Brynju Valdísar. Aðalhlutverkin leika Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Benedikt Erlingsson og Þórhallur „Laddi" Sigurðsson.
**20.40 America's Next Top Model** (10:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**21.30 Lipstick Jungle** (10:13) Þáttaröð um þrjár valdamiklar vinkonur í New York.
**22.20 Touching The Void** Leikin heimildarmynd. Árið 1985 lögðu ungir Bretar upp í fjallaleiðangur þar sem þeir ætluðu sér að verða fyrstir manna til að klífa þverhnípta vesturhlið hins 7.000 metra háa Siula Grande í Andesfjöllunum í Perú. Þeim gekk vel að komast á tindinn en á niðurleiðinni fótbrotnaði annar þeirra illa og útlitið var mjög svart.
**00.10 The Jay Leno Show**
**00.55 King of Queens** (3:25) (e)
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

### INN

**20.00 Þingspegill** Pólitískir þáttastjórnendur ÍNN. Birkir Jón Jónsson, Tryggvi Þór Herbertsson, Sigmundur Ernir Rúnarsson og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir líta yfir þingárið.
**21.00 60 plús** Þáttur á ljúfum nótum um aldna unglinga. Umsjón: sr. Bernharð Guðmundsson, Guðrún Guðlaugsdóttir og Tryggvi Gíslason.
**21.30 Björn Bjarna** Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, er gestur þáttarins.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05

### Grey's Anatomy

Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg. Þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar en flókið einkalíf þeirra á það til að gera starfið ennþá erfiðara.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Einu sinni var…

### SkjárEinn kl. 20.10

Ný ævintýraleg stuttmynd í leikstjórn Brynju Valdísar. Regína Ína er sveitastúlka sem flytur til borgarinnar. Hún er blönk í kreppunni og leitar því athvarfs hjá Guddu frænku sinni. Lífið er enginn dans á rósum en það breytist í borginni þar sem ævintýrin gerast enn. Arnbjörg Hlíf Valsdóttir fer með aðalhlutverkið.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Vonir
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Úr engu verður allt
**21.10** Raddir frá Tyrklands ströndum
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Fólkið úr Jökulfjörðum
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**18.30 Seinfeld** (4:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Gilmore Girls**

**20.30 Seinfeld** (4:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**22.10 Chuck** (17:22) Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði fremur óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

**22.55 Bubbi og stórsveitin** Upptaka frá glæsilegum tónleikum Bubba Morthens og Stórsveitar Reykjavíkur sem fram fóru í janúar síðastliðinn í Laugardalshöllinni.

**00.10 Modern Toss** (6:6) Gráglettnir breskir þættir í teiknimyndastíl sem byggðir eru á karakterum úr samnefndum teiknimyndasögum eftir Mick Bunnage og Jon Link. Hér er á ferðinni beiskur og kaldhæðinn húmor sem á það til að fara yfir strikið.

**00.35 Fréttir Stöðvar 2**

**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.25** My Family **10.55** My Hero **11.25** My Hero **12.00** The Inspector Lynley Mysteries **12.45** The Inspector Lynley Mysteries **13.30** Dalziel and Pascoe **14.20** Dalziel and Pascoe **15.10** EastEnders **15.40** The Weakest Link **16.25** The Weakest Link **17.10** Hotel Babylon **18.10** Hustle **19.00** Hustle **19.50** Judge John Deed **20.40** Waking the Dead **21.30** Waking the Dead **22.20** My Family **22.50** My Hero **23.20** My Hero **23.50** The Inspector Lynley Mysteries

## DR 1

**10.00** Sporlos **10.40** Nytårets TV **11.00** Året der gik **13.00** Slangen i Paradiset **14.30** Peter Pan **16.30** Fredagsbio Julespecial **17.00** Godt nytår Mr. Bean **17.30** TV Avisen med Sport **18.10** Sancho - den forældrelose odder **19.00** På eventyr med Aller **20.00** TV Avisen **20.30** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **21.20** S.W.A.T - Politiets eliteenhed **23.10** Onsdags Lotto **23.15** Kodenavn. Jane Doe

## NRK 1

**10.00** Beat for beat **11.00** NRK nyheter **11.05** Skjær i sjoen **12.30** Harry og Charles **13.20** I kulissene på Harry og Charles **13.50** Billedbrev fra Europa **14.00** NRK nyheter **14.05** Lovebakkens beste **14.30** Stor ståhai **16.00** NRK nyheter **16.10** Veret som var **16.50** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Det vesle reinsdyret **17.25** Lykke er **17.30** Energikampen 2009 **18.00** Dagsrevyen **18.30** Julenotter **18.45** Folk. Hoyt henger de, og redde er de **19.15** Sportsåret 2009 **20.25** Vikinglotto **20.35** Poirot **22.15** Losning julenotter **22.20** Kveldsnytt **22.35** Gretten nyttårsfeiring **23.35** True Blood

## SVT 1

**10.00** Mitt nya liv i Skottland **11.00** Rapport **11.05** Solens mat **11.35** Barnmorskorna - Norge **12.05** Basar **12.30** Den första kretsen **13.15** Lassie **14.55** Fem minuter jul **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Båt, bössa, bär och bröd **16.25** Nära djuren **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Minnenas television **18.20** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Rapports årskrönika **20.00** Morden i Midsomer **21.35** Entrapment **23.25** Epitafios - besatt av hämnd

## MORGUNMATURINN

*„Ég fæ mér alltaf Létt ab-mjólk og músli. Það er hinn alíslenski morgunmatur.“*

Steinarr Logi Nesheim tónlistarmaður

# Fjölskyldan leggst gegn hundaeign Audda

„Ég var að fara að fá mér hund, en vinir mínir og fjölskylda stoppuðu það – eins og ég væri óhæfur til að eiga dýr,“ segir sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal.

Auddi á þann draum heitastan að eignast hund og hefur íhugað alvarlega að taka skrefið undanfarnar vikur. Hundaeign Audda er hins vegar sem þyrnir í augum fjölskyldu hans og vina, sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að kæfa hugmyndina í fæðingu.

„Ég var tekinn á fund og það var reynt að útskýra fyrir mér hvers konar ábyrgð þetta er,“ segir Auðunn alvarlegur. „Ég taldi mig nú alveg vita það og ákvað að salta þetta í smástund – en ég er ekki búinn að gefast upp. Ef einhver er að lesa þetta og er að selja þægilegan hund, sem er ekki alltaf að pissa og kúka inni, þá er ég til.“

Auðunn er sem sagt milli steins og sleggju í málinu og íhugar hvort hann eigi að taka slaginn af fullum krafti við fjölskylduna.

En telurðu að þú getir borið ábyrgð á hundi? Þetta er eins og að ala upp barn.

„Já, ég veit það. Það eina sem ég hef áhyggjur af er að ég ferðast mikið. En Sveppi var sá eini sem studdi mig og bauðst til að passa hann á meðan ég væri erlendis.“ **- afb**

**GRÍÐARLEG ÁBYRGÐ** Audda langar í hund, en fjölskyldan leggst gegn því. Hundurinn tengist ekki efni fréttarinnar beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** fingerð líkamshár, **8.** kk gælunafn, **9.** heyskaparamboð, **11.** sjúkdómur, **12.** skopleikrit, **14.** starfsaðferð, **16.** gríska bókstafur, **17.** skurðbrún, **18.** tunna, **20.** gangþófi, **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skref, **3.** líka, **4.** nagdýr, **5.** ögn, **7.** eilífð, **10.** útsæði, **13.** atvikast, **15.** blóðsuga, **16.** krass, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** lo, **8.** gæi, **9.** orf, **11.** ms, **12.** farsi, **14.** tækni, **16.** pí, **17.** egg, **18.** áma, **20.** il, **21.** rifa.
**LÓÐRÉTT: 1.** klof, **3.** og, **4.** læmingi, **5.** fis, **7.** óratími, **10.** fræ, **13.** ske, **15.** iðla, **16.** pár, **19.** af.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

**EVA MARIA:** NÆSTA MYND MEÐ JOSH BROLIN OG ROBIN WRIGHT

# Langir vinnudagar fram undan fyrir Sundance

Kvikmyndin The Romantics sem íslenski kvikmyndaframleiðandinn Eva Maria Daniels er einn framleiðenda að hefur verið valin á Sundance-kvikmyndahátíðina sem hefst hinn 27. janúar. Myndin skartar bæði Katie Holmes og Önnu Paquin í aðalhlutverkum.

Sundance er ein sú allra virtasta í Bandaríkjunum en hún var stofnuð af sjálfum Robert Redford og heitir í höfuðið á þekktustu persónu leikarans, The Sundance Kid, úr kúrekamyndinni Butch Cassidy and the Sundance Kid.

„Þetta er mjög tæpt, en okkur finnst það þess virði að reyna að ná þessu. Klipparinn og leikstjórinn þurfa að vinna langa vinnudaga fram að frumsýningu. Ég er mjög spennt fyrir þessu. Það eru mörg þúsund myndir sendar inn á hátíðina þannig að það er frábært að komast að þarna. Ég ætla sjálf að vera viðstödd frumsýninguna og Katie Holmes verður líka viðstödd, en hún leikur einnig í annarri mynd sem er frumsýnd á hátíðinni,“ segir Eva Maria. The Romantics er fyrsta kvikmyndin sem Eva Maria framleiðir.

Eva Maria situr ekki auðum höndum þessa dagana því hún er einnig að undirbúa tökur fyrir næstu kvikmynd sem hún framleiðir. „Hún fer í tökur í mars og handritið er með því besta sem ég hef lesið. Ég er gríðarlega spennt fyrir þessu verkefni.“ Hún segir það hafa tekið hátt í ár að ráða leikara í aðalhlutverkið en myndin heitir Goats og skartar Josh Brolin, David Duchovny, Robin Wright og syni hennar og Sean Penn, Hopper Penn í aðalhlutverkum. „Þetta ferli getur tekið mjög langan tíma og við vorum mjög heppin að fá loks David til að taka að sér hlutverk Goat Man,“ segir hún. Auk þess að framleiða Goats er Eva Maria með fleiri kvikmyndir í þróun en nauðsynlegt er að vera með mörg járn í eldinum í þessum bransa. Eva Maria hefur dvalið á Íslandi um jólin og segist hafa nýtt tímann í lestur og afslöppun. „Ég er búin að lesa mikið síðustu daga, bæði bækur og handrit. Það er fínt að fá loks smáfrið til að lesa.“

sara@frettabladid.is

**HEFUR MÖRG JÁRN Í ELDINUM** Eva Maria Daniels er einn framleiðenda kvikmyndarinnar The Romantics sem verður frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í janúar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kolbrún Björnsdóttir á Bylgjunni er komin í barneignafrí og á von á sér í febrúar. Í hennar stað er fréttahaukurinn Sólveig Bergmann komin við hlið **Heimis Karlssonar** í þáttinn Ísland í bítið. Til að auðvelda þessar breytingar fyrir hlustendum Bylgjunnar var ákveðið á fundi að kalla Sólveigu framvegis Sollu. Solla er vitaskuld miklu bjartara og meira brosandi nafn en hið alvarlega Sólveig Bergmann.

Frostrósirnar gengu frábærlega fyrir jólin og aldrei hefur annar eins fjöldi mætt á tónleikana úti um allt land. Smávegis skugga bar þó á gleðina í Laugardalshöll þegar í ljós kom að veitingarnar baksviðs voru stéttskiptar. Á meðan Hera Björk, **Ragga Gísla** og hinar stjörnurnar í sjóinu gæddu sér á dýrindis grænmetis sælkerafæði á bak við luktar dyr fengu tæknimenn, barnakór, kór og hljómsveit Sóma-samlokur og brauð með kæfu og síld. Svona var þetta fyrri tónleikadaginn. Seinni daginn var búinn til heitur matur fyrir hópinn, en stjörnurnar voru samt sem áður í sérfæði.

**Íris Kristinsdóttir**, fyrrum söngkona Buttercup, upplýsir í viðtali við visir.is að hún hafi leikið statistahlutverk í kvikmyndinni Bjarnfreðarson. Íris virðist ala með sér draum um að verða leikkona ef marka má viðtalið því hún greinir einnig frá því að hún hafi náð að klófesta hlutverk hjúkrunarkonu í sjónvarpsþáttaröðinni Rétti 2 og þar fái hún nokkrar línur og nafn.

**- drg, fgg**

# Áramótakveðjur fyrir sex milljónir

Íslensk fyrirtæki eyða í kringum sex milljónum króna í áramótakveðjur til landsmanna á undan Áramótaskaupinu í ár. Mínútan í þessu dýrasta auglýsingaplássi ársins kostar í kringum ellefu þúsund krónur en ofan á það bætist síðan staðsetningarálag. Að sögn Einars Loga Vignissonar, auglýsingastjóra hjá RÚV, er staðan þannig að umræddur auglýsingatími verði í kringum níu mínútur en uppseldur auglýsingatími á undan Skaupinu telst vera tólf mínútur að mati Einars.

„Þetta er aukning frá því í fyrra þegar þessi auglýsingatími var í sögulegu lágmarki eða aðeins sex mínútur,“ útskýrir Einar Logi. Til samanburðar má nefna að árið 2007 eyddu íslensk fyrirtæki átta milljónum í auglýsingar á undan Skaupinu en þar var spéspegill ársins líka rofinn og auglýsingu frá fasteignasölunni REMAX hleypt að við misjafnar undirtektir. Það auglýsingapláss kostaði litlar þrjá milljónir.

Að sögn Einars verður það hins vegar auglýsing frá Icelandair sem verður síðasta auglýsing fyrir Skaup. „Góðærisárin voru í rauninni undantekningin frá reglunni því þetta hafa yfirleitt verið áramótakveðjur og ímyndarauglýsingar frá gamalgrónum fyrirtækjum,“ segir Einar. Auglýsingatíminn á undan Skaupinu hefur oft verið sögulegur því árið 2006 birtist John Cleese upp úr þurru í Kaupþings-auglýsingu sem var sú síðasta fyrir Skaup og árið eftir var Randver Þorlákssson með honum á skjánum á sama tíma. Þá vakti það mikla athygli þegar hljómsveitin Bermúda auglýsti í þessu plássi en eigandi Flúðasveppa keypti auglýsinguna fyrir þau enda leist honum ljómandi vel á sveitina eftir að hafa séð hana á tónleikum. **- fgg**

## SÍÐASTIR FYRIR SKAUP

Icelandair verður með síðustu auglýsingu fyrir Skaup en áttatíu prósent þjóðarinnar eru þá sest niður fyrir framan skjáinn. Talið er að yfir níu af hverjum tíu horfi á Áramótaskaupið á ári hverju en því er leikstýrt af Gunnari Birni Guðmundssyni þetta árið.

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

# hættu nú alveg

**Það er mál að hætta að reykja því fíknin er lúmskur andstæðingur. Þá getur verið gott að eiga bandamann í Lyfju. Við erum reykingamönnum innan handar þegar sígarettunni sleppir.**

Í Lyfju Lágmúla bjóða lyfjafræðingar inngripsmeðferð sem ráðið getur úrslitum í baráttu þinni við löngunina í tóbak. Þeir hjálpa þér að greina vandann, sigrast á vananum og takast á við leiðann sem oft fylgir því að hætta að reykja.

- Í Lyfju Lágmúla býðst þér stutt viðtal við lyfjafræðing eða lyfjatækni sem veitir þér stuðning og hollráð til að hætta að reykja.
- Heilsufarsmælingar, s.s. á blóðþrýstingi og blóðfitu.
- 30% afsláttur er heilsufarsmælingum fyrir þá sem strengt hafa þess heit að hætta að reykja um áramótin.
- Nicorette – reyklausa bókin fæst í öllum apótekum Lyfju.

**Við minnum á reyksímann: 800 6030 og reyklaus.is**

ÍSLENSKA SÍA.IS LYF 48579 12/09

nicorette®

**Lækkað verð**
á öllum stærðum af **Nicorette Fruitmint** og **Spicemint**.

+ Lyfja býður öll lyfjaform Nicorette

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Að ná þrennu

Ólöf Einarsdóttir, móðir fótboltakappans **Eiðs Smára Guðjohnsen**, gekk í hjónaband á annan í jólum. Í veislunni vakti sonurinn athygli gesta á því að nú hefði móðir hans náð áfanga sem alla knattspyrnumenn dreymi um, nefnilega þrennunni svokölluðu. Vísaði Eiður Smári þar til þess að Ólöf var að giftast í þriðja sinni. Sá heppni heitir Herbert Hauksson og er sambýlismaður Ólafar til margra ára.

### Sigurgangan heldur áfram

Lag Óskars Páls Sveinssonar, Is it True?, var valið lag ársins af lesendum esctoday.com sem er vinsælasta Eurovision-aðdáendasíða heims. Bakraddirnar voru einnig valdar þær bestu og þá þótti sviðsframkoma **Jóhönnu Guðrúnar** í kvennaflokki einnig vera sú besta á árinu. Hún var hins vegar valin næstbesta söngkonan í ansi flóknu vali síðunnar. Að lokum var síðan texti íslenska lagsins valinn sá besti í ár og ljóst að Eurovision-aðdáendur um allan heim elska silfurlagið frá því í Moskvu.



### Oddný gegn Degi?

Það er að færast fjör í leikinn hjá Samfylkingunni í Reykjavík sem heldur prófkjör í janúar vegna borgarstjórnarkosninganna. Oddný Sturludóttir hefur nýtt jólafríið vel. Hún er sögð vera að íhuga að taka slaginn við Dag B. Eggertsson og gefa kost á sér í fyrsta sætið. Annar hugsanlegur frambjóðandi er Þórólfur Árnason, fyrrverandi borgarstjóri. Hann hætti nýlega störfum sem forstjóri Skýrr og er sagður hafa fengið fjölmargar áskoranir um að hella sér aftur í borgarpólitíkina.

- fgg, pg

### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Dópparið í Madríd: Var með 10 til 20 kíló af kókaíni
2. Hallgrímskirkju lokað
3. Neytendur svartsýnir í árslok
4. Dæmdar miskabætur fyrir ólögmæta handtöku
5. Tveggja barna móðir vann 75 milljónir


Fáránlega flottar áramótavörur

Nýárskóróna kr. 890

PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA

Nú á tveimur hæðum í Faxafeni 11, gamla Leikbæjarhúsinu.
Opið alla daga til áramóta 10-22. Gamlársdag til kl. 18.

Sjálfboðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar aðstoða vegfarandur í aftakaveðri á Kaldaðarnesvegi á Suðurlandi.


# Hvað er þinn flugeldasali tilbúinn að leggja á sig fyrir þig?

Á hverju ári sinnum við á annað þúsund hjálparbeiðnum af öllum gerðum frá einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum. Meðal þessara fjölmörgu útkalla má nefna aðstoð vegna óveðurs, ófærðar, sjóslysa, flóða og skipsstranda, björgun búpenings auk fjölda annarra viðvika.

Björgunarsveitir okkar fjármagna starfið með margvíslegum hætti en flugeldasalan er langmikilvægust og skiptir sköpum í rekstri okkar.

Einkaaðilar hafa seilst inn á þessa aðalfjáröflun okkar í von um hagnað í eigin vasa. Þetta þykir okkur slæm þróun og hvetjum við fólk til þess að hugsa fyrst og fremst um eigið öryggi og kaupa flugeldana hjá okkur.

**Styddu þá sem eru tilbúnir að styðja þig** – kauptu flugeldana af björgunarsveitunum!

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

Þú þekkir flugeldamarkaði björgunarsveitanna og vörur okkar á þessu merki.

*Aðalbakhjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:*

N1 SJÓVÁ

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG – berst fyrir lífi þínu